**SARA KARLSDÓTTIR**

*Eldar oft humarpasta til hátíðarbrigða*

matur helgin

**allt** í miðju blaðsins



**AUSTURLAND**

*Ungir listamenn, framandi fuglar og eldhugar*

Sérblað um Austurland

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





ÚTSALA ÁRSINS

GLÆSILEGUR 4 BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. apríl 2008 — 112. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



### Fagna allt árið

Samtökin '78 eru þrítug.

**TÍMAMÓT 26**

### Litli ferðast um landið

Ljósmyndasýning frönsku listakonunnar Séverine Thévenet verður opnuð í Borgarbókasafninu í dag.

**MENNING 30**

### Hólmar Örn til West Ham?



HK hefur samþykkt tilboð West Ham í Hólmar Örn Eyjólfsson.

**ÍÞRÓTTIR 40**

### FÖSTUDAGUR

### Innlit hjá Ellý Ármanns



Húsið er falt fyrir 120 milljónir.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

### VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s norðvestan til, annars hægviðri. Skúrir sunnan og vestan til annars yfirleitt þurrt. Hiti 3-12 stig, svalast á Vestfjörðum.

**VEÐUR 4**

# Fleiri telja horfur slæmar

**Meira en helmingi fleiri telja nú að efnahagur fjölskyldunnar versni á næstu tólf mánuðum en í janúar. Um fjórutíu prósent segja efnahaginn munu versna, tæpur helmingur telur að hann muni standa í stað en ellefu prósent telja að hann batni. Ekki er marktækur munur eftir afstöðu til aðildarumsóknar að ESB.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Íslendingar eru nú svartsýnni á þróun efnahags fjölskyldunnar næsta árið en þeir hafa verið undanfarin tvö ár, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Tæplega helmingur, eða 49,6 prósent, telur að efnahagur fjölskyldunnar muni standa í stað næstu tólf mánuðina, sem er aðeins minna hlutfall en í lok janúar þegar 57,5 prósent töldu efnahaginn myndu standa í stað.

39,4 prósent telja að efnahagurinn muni versna á komandi ári, sem er helmingi hærra hlutfall en í lok janúar þessa árs, þegar 23,3 prósent töldu að efnahagurinn myndi versna á árinu. Þá var hlutfallið svipað og í ágúst 2006 þegar 20,2 prósent töldu að efnahagurinn myndi versna á komandi tólf mánuðum.

Ellefu prósent telja nú að efnahagur fjölskyldunnar muni batna á komandi ári. Þeim hefur fækkað um rúm átta prósentustig frá því í janúar sem eru bjartsýnir á efnahagshorfur fjölskyldunnar og um tíu prósentustig sé litið til könnunar blaðsins frá í ágúst 2006.

Ekki er marktækur munur á afstöðunni til þess hvort ríkisstjórnin eigi að undirbúa aðild að Evrópusambandinu eftir því hvort svarendur voru bjartsýnir eða svartsýnir á efnahagshorfurnar. Það er þó aðeins hærra hlutfall þeirra sem telja að efnahagur fjölskyldunnar fari batnandi sem vilja að ríkisstjórnin hefji undirbúning aðildarviðræðna en þeir sem voru svartsýnir á efnahagshorfurnar.

Þeir sem bera lítið eða mjög lítið traust til Seðlabankans eru mun svartsýnni á þróun efnahags fjölskyldunnar en þeir sem bera mikið eða mjög mikið traust til hans.

**- ss / sjá síðu 6**

**TELUR ÞÚ AÐ EFNAHAGUR FJÖLSKYLDUNNAR MUNI BATNA, VERSNA EÐA STANDA Í STAÐ NÆSTU TÓLF MÁNUÐI?**




Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 19. apríl 2008



**MIKILL FÖGNUÐUR** Keflvíkingar fögnuðu sínum níunda Íslandsmeistaratitli í körfuknattleik karla þegar þeir lögðu Snæfell á heimavelli í gærkvöld. Lokatölur leiksins voru 98-74 og voru Keflvíkingar yfir nær allan leikinn. Liðin léku þrjá úrslitaleiki og fóru Keflvíkingar með sigur af hólmi í þeim öllum. **Sjá nánar á síðu 42.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Garðar Thor Cortes:

## Myndaður fyrir tískuritið Vogue

**MENNING** **Garðar Thor Cortes tenór er í myndatökum í París í dag fyrir tískuritið Vogue. Það er svissneski ljósmyndarinn Michel Comte sem tekur myndirnar en að sögn Einars Bárðarsonar, umboðsmanns Garðars, er Comte einn þekktasti tísku- og portrettljósmyndari heims.**



**GARÐAR THOR CORTÉS**

**Einnig hefur Garðari verið boðið að syngja í fjörutíu ára afmælisveislu blaðsins sem haldin verður í Mílanó í júní næstkomandi. „Ritstjóri ítalska Vogue hefur mikinn áhuga á Garðari," segir Einar. „Ítalir kyngja nú ekki hverju sem er þegar kemur að sönglistinni."**

**- jse**

Ekki á eitt sáttir um hvaða stefnu mótmælin eigi að taka:

# Bílstjórar ráða ráðum sínum

**MÓTMÆLI** Atburðir síðustu daga hafa vakið upp mikla umræðu á meðal atvinnubílstjóra um hvaða stefnu eigi að taka í mótmælum. Líkt og áður hefur komið fram er ekki um skipulögð samtök að ræða og sitt sýnist hverjum.

Heimildarmenn Fréttablaðsins í röðum bílstjóra fullyrða að enn sé mikill hugur í mönnum og þeir fráleitt hættir mótmælum. Samdóma álit bílstjóra er að lögregla hafi brugðist allt of hart við í Norðlingaholti og mikill hiti var í mönnum eftir þær aðgerðir.

Félagar utan af landi boðuðu komu sína og allt stefndi í enn frekari átök, sumir vildu jafnvel vígbúast.

Árás Ágústs Fylkissonar á lögreglumann í gær dró broddinn úr þeim hugmyndum. Nú ræða menn nýjar leiðir, en einhverjir vilja halda áfram að trufla umferð. Líklegt er að sú verði raunin.

Samkvæmt lagabókstaf á Ágúst yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi verði hann fundinn sekur.

**- kóp / sjá síðu 4**

**Þægindi um land allt**



Komdu á Fosshals 5-9 og skoðaðu glæsileg Rockwood fellihýsi.

Útilegumaðurinn

Kafbátur mánaðarins SUBWAY ...snjall leikur í hádeginu! 329 kr. 17 Subway staðir um allt land

OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Rúnar, Cannes þetta góðri lukku að stýra?*

„Þokkalega!“

Stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, Smáfuglar, er ein níu mynda sem valdar hafa verið til að keppa um gullpálmann á Cannes-hátíðinni.

Fulltrúi Bandaríkjastjórnar í Afríkumálum um Simbabve:

# Lýsir yfir sigri Tsvangirai

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Jendayi Frazer, háttsettur fulltrúi Bandaríkjanna í málefnum Afríku, lýsti í gær yfir sigri Morgan Tsvangirai, frambjóðenda stjórnarandstöðunnar, í forsetakosningunum í Simbabve. Þetta gerði hún á blaðamannafundi í Suður-Afríku.

Frazer var spurð hvort hún teldi að lausn deilunnar fælist í því að Tsvangirai og Mugabe forseti deildu með sér völdum. „Við teljum að kominn sé fram skýr sigurvegari. Morgan Tsvangirai vann,“ sagði Frazer. Samkvæmt óháðri talningu hlaut hann 49,9 prósent atkvæða.

Hún hvatti Mugabe til að sætta sig við ósigur sinn og afhenda nýjum forseta völdin. Frazer sagði þó að kannski þyrfti að semja um pólitíska lausn deilunnar. Ef til þess kæmi að tvær blokkir deildu völdum væri klárt að Tsvangirai ætti að leiða stjórnina.

Herald, dagblað sem ríkisstjórnin styður, orðaði þá hugmynd að Mugabe myndi leiða þjóðstjórn sem hefði það verkefni að skipuleggja nýjar kosningar.

James McGhee, sendiherra Bandaríkjanna í Simbabve, segir um eitt þúsund manns hafa flúið heimili sín í átökum undanfarið. Þá hafi korngeymslur verið brenndar til að hræða fólk, sem sé sérstaklega alvarlegt í landi þar sem tveir þriðju íbúa reiði sig á alþjóðlegar matargjafir. - kóp



**SAGÐUR HAFA UNNIÐ** Tsvangirai með Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, í Suður Afríku í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tíblisi í Georgíu:

## Mótmælt við sendiráð Rússa

**GEORGÍA** Georgískur nethópur sem gengur undir nafninu „Re-Action“ ætlar að efna til mótmæla við sendiráð Rússa í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, í dag og hefur hvatt Georgíumenn til að fjölmenna, að sögn vefútgáfu Georgian Times.

Rússar styðja kröfu Abkasíumanna um að héraðið Abkasía, sem liggur við Svartahafið með landamæri að Rússlandi, fái sjálfstæði frá Georgíu.

Þeir skutu nýlega niður herþotu á vegum Georgíumanna og hefur árásin hefur valdið skjálfta í samskiptum ríkjanna. - ghs



**FRÁ HÁTÍÐINNI** Taílenskar meyjar dansa í fullum skrúða á áramótagleðinni í Vodafone-höllinni. MYND/PHETCHADA

Taílensk-íslenska félagið:

## Fagna árinu 2551 með glans

**HÁTÍÐARHÖLD** Árið 2551 gekk í garð hinn 14. apríl síðastliðinn samkvæmt tímatali Taílendinga og þeir sem hér búa fögnuðu tímamótunum síðasta laugardag í Vodafone-höllinni.

Að sögn Phetchada Khongchumchuen, formanns Taílensk-íslenska félagsins, mættu að minnsta kosti 200 manns á hátíðna. Þar var dansaður þjóðdans og boðið upp á þjóðarrétti. Einnig setti íslensk menning mark sitt á hana en boðið var upp á íslenskar kökur.

Einnig var haldin fegurðarsamkeppni klæðskiptinga og segir formaðurinn að karlmenn hafi gengið fram í svo kvenlegum skrúða að varla hefði mátt á milli sjá hvors kyns væru. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Líkamsárás í Tryggvagötu

24 ára karlmaður var sleginn í höfuðið laust fyrir klukkan fimm í nótt fyrir utan skemmtistaðinn Glaumbar á Tryggvagötu. Grunur leikur á að járnrör hafi verið notað við árásina og er talið að maðurinn hafi slasast alvarlega. Lögregla hefur ekki enn fundið árásarmanninn.

# Hillir undir varnarsamstarf við Breta

**Líklegt er að gengið verði frá samningi um varnir milli Íslands og Bretlands á næstu vikum. Forsætisráðherrar ríkjanna ræddu málið á fundi í Lundúnum í gær. Þeir ræddu einnig um stöðuna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.**

**STJÓRNMÁL** Í farvatninu er samningur milli Íslands og Bretlands um að Bretar annist hér varnir á friðartímum. Þá er líklegt að Bretar taki þátt í loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins við Ísland.

Þessi mál voru rædd á fundi Geirs H. Haarde forsætisráðherra og Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, í bústað breska forsætisráðherrans við Downingstræti 10 í Lundúnum í gær.

Þegar hefur verið gengið frá samningum um varnarsamstarf við Norðmenn og Dani og viðræður við Kanadamenn eru langt komnar. „Ég tel að niðurstaða fundarins hafi verið sú að þeir vilji ljúka þessu máli og hugsanlega verði hægt að ganga frá því þegar utanríkisráðherra [Ingibjörg Sólrún Gísladóttir] kemur til London eftir nokkrar vikur,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Formlegt loftrýmiseftirlit Nató við Ísland hefst í næsta mánuði þegar fjórar franskar orrustuþotur verða hér við eftirlit og æfingar í sex vikur. Í framhaldinu er von á fleiri þjóðum. Geir segir Breta viljuga til að taka þátt í eftirlitinu. „Það mál fékk mjög jákvæðar undirtektir.“



**VINÁTTA HANDSÖLUÐ** Geir H. Haarde og Gordon Brown heilsast við upphaf fundar þeirra í Downing-stræti 10 í Lundúnum í gærmorgun. Álengdar standa eiginkonur þeirra, Inga Jóna Þórðardóttir og Sarah Brown. NORDICPHOTOS/AFP

Staðan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum var hitt aðalefni fundarins. Segir Geir þær viðræður hafa verið gagnlegar og opinskáar. „Ég sagði honum hvernig við lítum á stöðuna og frá þeirri staðreynd að hvað sem líður sviptingum séu öll grunnatriði í lagi, bæði hjá ríkinu og bönkunum.“

Þrátt fyrir að atvinnu- og viðskiptalíf nái yfir landamæri, og að um 120 þúsund manns vinni hjá íslenskum fyrirtækjum í Bretlandi, var að sögn Geirs ekki rætt um mögulegt samstarf til að sporna gegn þrengingum í efnahagsmálum.

„En við erum í góðu talsambandi við þá og þar með aðrar stofnanir breska ríkisins.“ Spurður hvort viðræður séu á milli Íslands og breska seðlabankans segist Geir ekki eiga í slíkum samtölum sjálfur og vill ekkert segja til um hvort eitthvað og þá hvað sé til umræðu.

Orku- og umhverfismál voru rædd, Hatton Rockall-svæðið og Brown ítrekaði andstöðu Breta við hvalveiðum. Þar fór Geir ítarlega yfir afstöðu Íslendinga. Þá var rætt um Evrópumál og framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. bjorn@frettabladid.is

### BROWN FÉKK ARNALD – GEIR FÉKK BROWN

Forsætisráðherrarnir skiptust á bókum í Lundúnum í gær. Geir gaf Brown Grafarþögn eftir Arnald Indriðason en Brown gaf Geir bók eftir sjálfan sig. Heitir hún Courage: Eight Portraits og í henni fjallar Brown, sem er með doktorspróf í sagnfræði, um átta stórmenni, meðal annars Nelson Mandela, Aung San Suu Kyi, Robert Kennedy og Martin Luther King.

Bókin kom út á síðasta ári, fáum dögum áður en Brown tók við embætti forsætisráðherra Bretlands.

Allsherjarnefnd fundar:

## Átökin skoðuð

**ALÞINGI Allsherjarnefnd Alþingis mun funda um átök lögreglu og mótmælenda í Norðlingaholti. Þingsköp kveða á um fund krefjist þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar þess líkt og nú.**



BIRGIR ÁRMANNSSON

**Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar, segir fundinn líklega verða fljótlega eftir helgina. Hann segist sjálfur ekki telja að nefndin eigi að fjalla um málið, enda hafi hún ekkert umboð til að skera úr um eða rannsaka tilvikið.**

**„Að því sögðu tel ég að lögreglan hafi fullt tilefni til að grípa til harkalegra aðgerða miðað við þær aðstæður sem þarna voru uppi.“ - kóp**

Rússneskar sprengjuþotur:

## Fóru um flugstjórnarsvæðið

**VARNARMÁL** Tvær langdrægar rússneskar sprengjuþotur flugu um íslenskt flugumferðarstjórnarsvæði í fyrradag. Voru þær á flugi innan íslenska svæðisins í um þrjár klukkustundir en fóru ekki inn fyrir íslenska lofthelgi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var fylgst með fluginu á ratsjá en ekkert aðhafst.

Geir H. Haarde forsætisráðherra greindi Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, frá flugi Rússanna á fundi ráðherranna í gærmorgun.

Á fundi Nató-Rússlandsráðsins í Búkarest í byrjun mánaðar lýsti Geir óánægju með tíðar ferðir Rússa um íslenskt flugumferðarstjórnarsvæði. Pútín Rússlandsforseti og Lavrov utanríkisráðherra sátu fundinn. - bþs




Meirihluti og minnihluti deila um ástæður uppsagnar:

# Mannréttindastjóri hættir

**STJÓRNMÁL** Þórhildur Líndal hefur sagt starfi sínu sem mannréttindastjóri Reykjavíkur lausu frá og með 1. maí. Þetta var tilkynnt á fundi mannréttindaráðs í fyrradag. Minnihluti ráðsins gagnrýnir málið.

Felix Bergsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í ráðinu, segir að ráðsmenn hefðu átt að heyra um málið fyrr. „Þetta hefur verið vitað nokkuð lengi innan kerfisins og fráleitt að okkur sé ekki tilkynnt um jafnstóra breytingu fyrr,“ segir Felix. Hann segist óttast að verið sé að draga tennurnar úr mannréttindaskrifstofunni og telur Þórhildi hafa verið langeyga eftir því að fá að ráða starfsfólk, en frá áramótum hefur verið heimilt að ráða þrjá starfsmenn til skrifstofunnar.

Marta Guðjónsdóttir, formaður mannréttindaráðs, segir að nú verði auglýst eftir nýjum mannréttindastjóra. Hún segir fráleitt verið að draga úr vægi skrifstofunnar og bendir á að fyrri meirihluti hafi ekki ráðið starfsfólk.

„Við erum að skoða málið í heild sinni. Það eru níu mannréttindaráðgjafar starfandi á sviðum borgarinnar og við erum að skoða hvort fleira fólk verður ráðið, eða farið í skipulagsbreytingu.“

Marta segir að það hafi verið ósk Þórhildar að ekki væri fyrr tilkynnt um uppsögn hennar.

Ekki náðist í Þórhildi Líndal við vinnslu fréttarinnar. - kóp



ÞÓRHILDUR LÍNDAL



MARTA GUÐJÓNSDÓTTIR



FELIX BERGSSON




Þetta er kortið sem gefur
þér flesta vildarpunkta af **öllum**
**greiðslum** heima og erlendis.
Það er fljótlegasta leiðin til
að safna upp í flugmiða.




Kortið sem kemur þér út

**KREDITKORT** er útgefandi American Express® á Íslandi

Sæktu um besta kortið fyrir þig á **www.americanexpress.is** eða í síma 575 5900

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 08-0332

## GENGIÐ 23.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,40 | 73,76 |
| Sterlingspund | 146,09 | 146,81 |
| Evra | 117,11 | 117,77 |
| Dönsk króna | 15,694 | 15,786 |
| Norsk króna | 14,794 | 14,882 |
| Sænsk króna | 12,579 | 12,653 |
| Japanskt jen | 0,7115 | 0,7157 |
| SDR | 120,65 | 121,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
150,0292

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Háskólarektor sendir formanni borgarráðs bréf:

# Borgin stendur ekki við samninga

**SKIPULAGSMÁL** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands (HÍ), hefur sent Vilhjálmi Vilhjálmssyni, formanni borgarráðs, bréf þar sem hún gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhuguð kaup S8 ehf. á stækkaðri lóð við Sturlugötu 8. Fer hún fram á að borgarráð staðfesti ekki þann samning.

Í bréfinu segir að lóðin sé innan Háskólasvæðisins og úthlutun hennar án samþykkis Háskólans gangi í berhögg við þær skuldbindingar sem Reykjavíkurborg hafi gengist undir gagnvart skólanum.

Í bréfinu er vakin athygli á því að skólinn sé í örum vexti og eftirspurn eftir íbúðum fyrir stúdenta sé mikil en landrými hans sé af skornum skammti.

Einnig segir að það sé óviðunandi að borgin selji lóð á svæði HÍ, sérstaklega í ljósi þess að borgarráð hafi nýlega samþykkt að leggja til um tuttugu hektara lands undir starfsemi Háskólans í Reykjavík.

Ekki náðist í Vilhjálm Vilhjálmsson eða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur við vinnslu fréttarinnar. Borgarráð kemur saman í dag. **- jse**



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR HÁSKÓLAREKTOR** Fyrirhuguð sala borgarinnar á lóð innan Háskólasvæðisins er háskólarektor ekki að skapi og segir hún borgina ekki standa við skuldbindingar gagnvart skólanum ef af verði.

Stríðsdómstóll í Bosníu:

# Vill að Noregur sekti tvo fanga

**SARAJEVO, AP Stríðsdómstóllinn í Bosníu vill að Norðmenn sekti tvo fanga fyrir að neita að bera vitni í Bosníu-Hersegovínu. Í tilkynningu frá dómstólnum segir að Vidoje Blagojevic og fangi sem nefndur er sem „S4“ hafi neitað að bera vitni í réttarhöldunum yfir Milos Stupar, sem ákærður er fyrir þjóðarmorð vegna morðs á múslimum í borginni Srebrenica árið 1995.**

**Blagojevic var dæmdur fyrir stríðsglæpi í Hollandi fyrir nokkrum árum og afplánar nú átján ára fangelsisdóm í Noregi. „S4“ afplánar dóm í Noregi en ekki er vitað fyrir hvað.** **- ghs**

Sænskir hjúkrunarfræðingar:

# Um 900 bætast við í verkfallið

**SVÍÞJÓÐ, AP** Verkfall hjúkrunarfræðinga í Svíþjóð harðnar stöðugt en 900 hjúkrunarfræðingar til viðbótar hefja verkfall í dag og á morgun. Þegar eru um 2.500 hjúkrunarfræðingar í verkfalli víðs vegar um Svíþjóð. Sjö þúsund hjúkrunarfræðingar leggja niður störf hinn 7. maí verði ekki samkomulagi ekki náð.

Um 100 þúsund heilbrigðisstarfsmenn í Danmörku eru í verkfalli og krefjast hækkunar launa upp á fimmtán prósent.

„Yngri bróðir minn er lestarstjóri og hann fær 26.500 [sænskar] krónur á mánuði og ég fæ 20 þúsund eftir þriggja ára starf á bráðadeild í Stokkhólmi,“ segir Sophie Uppvik, 36 ára hjúkrunarfræðingur. „Það er alveg ferlegt.“ **- ghs**

Björn Bjarnason á vef sínum:

# Birtir meiðandi ummæli

**FJÖLMIÐLAR Björn Bjarnason dómsmálaráðherra birti á vefsíðu sinni meiðandi ummæli sem honum hafði borist í tölvubréfum eftir aðgerðir lögreglunnar gegn mótmælendum við Rauðavatn í fyrradag.**



**BJÖRN BJARNASON**

**Á meðal þess sem sendendur sögðu var að hann ætti að skjóta sig og annar óskaði honum þess að fá banvænan sjúkdóm sem hann mætti þjást lengi af.**

**„Ég geri ekki meira með þessi orð,“ segir Björn spurður hvernig hann bregðist við. „Ég birti þessar færslur til að gefa lesendum sýn inn í hugarheim þeirra, sem skrifa textann.“** **- jse**

# Átökin halda áfram

**Lögregluþjónn var kýldur við geymsluplan lögreglu í gær. Bílstjórar fordæma atvikið. Mál þeirra í farvegi innan kerfisins. Sportbílaeigendur mótmæltu í gær.**

**MÓTMÆLI** Átök brutust út í gær þegar bílstjórar mættu til að sækja bíla sína sem voru í vörslu lögreglu. Einn viðstaddra kýldi lögreglumann og var að vonum snúinn niður og handtekinn. Lögreglumaðurinn er mikið bólginn og líklega nefbrotinn. Bílarnir voru á geymslusvæði við Kirkjusand sem lögreglan hefur aðgang að.

Bílstjórar mættu til skýrslutöku á lögreglustöð og að því búnu hugðust þeir sækja bíla sína. Einhverjir voru búnir að fá bílana afhenta þegar atvikið átti sér stað. Fyrrverandi bílstjóri átti þá í orðaskaki við lögregluþjón og kýldi hann í framan með fyrrgreindum afleiðingum. Árásarmaðurinn er í vörslu lögreglu. Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, sagðist í viðtölum ekki kannast við manninn, sem þó hefur komið fram sem talsmaður bílstjóra.

Lögreglan gerði hlé á afhendingu bílanna en hún hófst aftur upp úr klukkan 18 í gær. Eigendur sportbíla mótmæltu í gær með hægakstri við mót Kringlumýrar- og Suðurlandsbrautar.

Bíll Sturlu Jónssonar er óökufær. „Mér sýnist þeir hafa brotið stýrislásinn, auk rúðunnar bílstjóramegin, og svo er drifskaftið úr bílnum,“ segir Sturla. Hann segir lögfræðinga á vegum raunverulegra eigenda bílsins, Lýsingar fjárfestingarfélags, vera með málið á sinni könnu. „Það er klárt að við munum sækja bætur til lögreglunnar vegna bílsins og vinnutaps hjá mér.“

Lögreglan hefur safnað gögnum um bílstjóra í mótmælum undangenginna vikna. Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn vill ekki gefa upp hvort bílstjórarnir verði ákærðir. Málið sé í hefðbundnum farvegi innan kerfisins og koma verði í ljós hvort lögregla muni mæla með því að ákæra verði gefin út.

Norðlingaholtsátökin hafa vakið athygli út fyrir landsteinana og hefur bandaríska fréttastofan CNN fjallað um þau á heimasíðu sinni. Þar má sjá upptöku af mótmælunum, en hana má líka sjá á Youtube. Vel á þriðja tug þúsunda höfðu séð það á síðunni í gær, en myndbandið er birt undir heitinu „lögregluofbeldi á Íslandi“. Heimildarmaður CNN á Íslandi, Halldór Sigurðsson, fullyrðir að þjóðin styðji mótmæli bílstjóranna.

Bílstjórar hafa sakað lögreglu um að hlera síma þeirra en lögregla þvertekur fyrir það. Einar Árnason, einn bílstjóra, segir grunsemdir bílstjóra tilkomnar vegna þess hve vel lögregla er upplýst um aðgerðir þeirra. Hún sé ætíð mætt á svæðið um leið og þeir og því telji þeir að hún hleri síma þeirra.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**SNÚINN NIÐUR** Árásarmaðurinn hélt enn í lögreglumanninn þegar hann var snúinn niður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MEIDDUR** Lögregluþjónninn var töluvert meiddur eftir árás mannsins.

Grunnskólakennarar:

# Heildarmynd að komast á samningana

**KJARAVIÐRÆÐUR** Viðræður eiga sér stað um launaliðinn í kjaraviðræðum Félags íslenskra grunnskólakennara og samninganefndar sveitarfélaganna.



**ÓLAFUR LOFTSSON**

Ólafur Loftsson, formaður Félags íslenskra grunnskólakennara, segir að viðræðurnar gangi vel, nefndirnar séu orðnar ásáttar um ýmis atriði en eftir sé raða bútunum saman í heildarmynd og það verði ekki gert alveg strax.

„Það verður ekkert helgarfrí hjá okkur ef við teljum okkur komast eitthvað áfram,“ segir Ólafur.

Stefnt er að því að gera samning til eins árs. **- ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Varð fyrir árás

Maður á þrítugsaldri varð fyrir líkamsárás inni á skemmtistaðnum NASA snemma í gærmorgun. Talið er að hann hafi hlotið beinbrot í andliti og var hann fluttur á slysadeild.

### Missti stjórn á hjólinu

Vélhjólaslys varð á Hörgárbraut á Akureyri í gær er ökumaður um þrítugt missti stjórn á hjóli sínu þegar hann prjónaði yfir sig. Hann var fluttur á sjúkrahús en ekki er vitað um líðan hans að svo stöddu.

### Ferðamenn í veltu

Þrír erlendir ferðamenn hlutu minniháttar meiðsl í bílveltu á þjóðvegi eitt á Mýrdalssandi um klukkan 13 í gær. Bifreið þeirra er óökufær.


Verðlaunabækur, loksins í kilju



„Og stíllinn er meistaralegur. Kaldhamraður og beittur, algerlega stælalaus og engu orði ofaukið. Geri aðrir betur ... Einn athyglisverðasti íslenski höfundur sem ég hef lesið lengi.“

(F.B. Morgunblaðið)

SEIÐANDI STÍLSNILLD



„Tvímælalaust ein af sterkustu skáldsögum ársins.“

(B.Þ.V. Morgunblaðið)

www.salka.is

Salka/GBÓ


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**FRYSTIR UM HELGINA**
Þær eru hálf kuldalegar veðurhorfurnar fyrir Norðurlandið um helgina. Hann er að snúa sér í norðlæga átt og samfara því frystir. Syðra mun kólna en þó verður hitinn þar að deginum yfir frostmarki. Hins vegar gæti fryst sunnan til aðfaranótt sunnudagsins.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Billund | 13° |
| Ósló | 18° |
| Stokkhólmur | 16° |
| Gautaborg | 13° |
| London | 17° |
| París | 18° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Berlín | 14° |
| Alicante | 25° |
| Mallorca | 21° |
| Basel | 17° |
| Eindhoven | 17° |
| Las Palmas | 30° |
| New York | 24° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Sumarið er komið
grillum saman!
OPIÐ
til 20
alla daga
Kjöt&fisktorgið
Alltaf ferskt
35%
afsláttur
2.125 kr/kg
Verð áður 3.269.-
Nautaribeye
- úr kjötborði
Holta-kjúklingur
35% afsláttur við kassa
1.806 kr/kg
Merkt verð 2.779.-
30% afsláttur við kassa
1.749 kr/kg
Merkt verð 2.498.-
40% afsláttur við kassa
1.499 kr/kg
Merkt verð 2.498.-
Kjöt&fisktorgið
Alltaf ferskt
34% afsláttur
989 kr/kg
Verð áður 1.498.-
Kjúklingalundir
- ferskar
Nautakótilettur
- kryddlegnar
Svínalundir
- kryddlegnar
Lambalæri
- úr kjötborði
Ferskt með flugi!
Landsins mesta úrval!
199 kr/kg
Verð áður 279.-
ananas
799 kr/kg
Verð áður 1.299.-
passion fruit
1.299 kr/kg
Verð áður 1.899.-
fíkjur
119 kr/kg
Verð áður 179.-
vatnsmelónur
149 kr/pk
Verð áður 219.-
plómur 500 g
ms
25% afsláttur við kassa
Ostakökur MS
- 6 tegundir
MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ
TILBOÐ
119 pk.
Myllu muffins
- 3 tegundir
Fanta
99 kr/stk
Verð áður 204.-
Fanta
- 2 l
Gildir til 27. apríl eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**




*Þekkir þú kröfur bílstjóra?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,5% |
| Nei | 20,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Verður Eyþór, sigurvegari Bandsins hans Bubba, stórstjarna?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Hæstiréttur staðfestir gæsluvarðhald vegna smygls á miklu magni fíkniefna:

# Hraðsendingarmaður grunaður

**DÓMSMÁL** Tómas Kristjánsson, fyrrverandi starfsmaður hraðsendingarfyrirtækisins UPS, er grunaður um að hafa gegnt lykilhlutverki í smygli á ríflega fimm kílóum af amfetamíni og kókaíni sem reynt var að koma inn í landið 15. nóvember síðastliðinn.

Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjaness, sem maðurinn áfrýjaði til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms þess efnis að Tómas skuli sitja í gæsluvarðhaldi til 30. maí.

Í úrskurðargögnum kemur fram að Tómas hafi verið ótrúverðugur og reikull í framburði. Tölvugögn hans hafi verið rannsökuð og þyki meint aðild hans það mikil að hann sé talinn tengjast skipulagningu, milligöngu og móttöku fíkniefnanna. Staða hans þyki sambærileg stöðu sakborninga í öðrum svipuðum málum þar sem þeim sé gert að sitja í gæsluvarðhaldi fram að dómi. Þá kemur fram að brot af þeirri stærðargráðu sem um ræðir í þessu máli geti varðað allt að tólf ára fangelsi. Gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. **- jss**



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness um gæsluvarðhald yfir fyrrverandi starfsmanni UPS hefur verið staðfestur.

Forsætisráðherra Finna:

# Kínaför í skoðun

**FINNLAND Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, er reiðubúinn að endurskoða þátttöku sína í vígsluhátíð Ólympíuleikanna í Peking í haust ef eitthvað alvarlegt gerist í Kína eða stjórnmálaástandið breytist, að því er fram kemur á á hbl.fi. „Ef eitthvað gerist verður málið tekið til endurskoðunar,“ sagði Vanhanen á finnska þinginu í gær.**

**Vanhanen hefur lýst þeirri skoðun sinni að ekki eigi að blanda saman íþróttum og stjórnmálum og að Finnland reyni að hafa áhrif á Kína með pólitískum hætti. Hann segir að málefni Tíbet hafi verið rætt á fundum utanríkisráðherra í vetur en ekki komi til greina að hunsa Kínverja.** **- ghs**





LAUGARDAGINN 26. APRÍL
KL. 13.00 - 16.00

WALDORFSKÓLANUM HRAUNBERGI 12

ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR!

SÓLSTAFIR

WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR / HRAUNBERGI 12 111 / SÍMI 577 1110


# Fjörutíu prósent telja að efnahagur versni

**Aukin svartsýni er á efnahag fjölskyldunnar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúmlega helmingi fleiri telja nú, en í janúar, að efnahagurinn muni versna á árinu. Þeim fækkar verulega sem telja að hann batni.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Íslendingar eru mun svartsýnni á þróun efnahags fjölskyldunnar næsta árið en í lok janúar. 39,4 prósent svarenda í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins telja að staðan verði verri eftir tólf mánuði en nú. Í janúar var hlutfallið 23,3 prósent sem voru svartsýn á þróun efnahags fjölskyldunnar, en 19,2 prósent þegar sama spurning var borin upp í ágúst 2006.

Konur eru aðeins svartsýnni en karlmenn nú; 41,5 prósent telja að efnahagur fjölskyldunnar muni versna á árinu, en 37,3 prósent karla. Svartsýnin hefur hins vegar aukist meira meðal karla en kvenna frá því í janúar; um 17,5 prósentustig meðal karla og 14,7 prósentustig meðal kvenna.

Tæplega helmingur, eða 49,6 prósent, telur nú að efnahagur fjölskyldunnar muni standa í stað næstu tólf mánuðina. Ekki er munur á afstöðu kynjanna, né eftir búsetu. Þeim hefur fækkað um tæp átta prósentustig sem telja að staða fjölskyldunnar að þessu leyti muni ekkert breytast á árinu frá því 30. janúar og um rúm níu prósentustig frá því í ágúst 2006.

Ellefu prósent eru bjartsýn og telja að efnahagur fjölskyldunnar muni batna á árinu. Það voru nokkuð fleiri í janúar sem deildu bjartsýninni, eða 19,3 prósent. Í apríl 2006 var það 21 prósent sem taldi að efnahagur fjölskyldunnar myndi batna á næstu tólf mánuðum.

Ef svörin eru greind eftir afstöðu til flokka er framsóknarfólk bjartsýnast. 20,7 prósent þeirra sem segjast styðja Framsóknarflokkinn telja að efnahagurinn muni batna, 16,3 prósent sjálfstæðismanna og rétt um eða undir tíu prósentum stuðningsfólks annarra flokka.

Vinstri græn eru svartsýnust og telja 53,8 prósent þeirra sem styðja flokkinn að efnahagurinn muni versna á árinu. Um fjörutíu prósent kjósenda Frjálslynda flokksins, Samfylkingar og þeirra sem ekki gefa upp stuðning telja að efnahagurinn fari versnandi. Rúmlega 28 prósent sjálfstæðisfólks og sautján prósent kjósenda Framsóknarflokksins eru sama sinnis.

Svartsýnin hefur aukist mest meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins. Þrefalt fleiri sjálfstæðismenn telja nú að efnahagurinn muni versna á næsta ári en í janúar. Þá hefur bjartsýnin einungis aukist meðal stuðningsfólks Framsóknarflokksins, en tvöfalt fleiri framsóknarmenn telja að efnahagurinn muni batna á næstu tólf mánuðum en fyrir ári.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 19. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; telur þú að efnahagur fjölskyldunnar muni batna, versna eða standa í stað á næstu tólf mánuðum? 94,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**

**TELUR ÞÚ AÐ EFNAHAGUR FJÖLSKYLDU ÞINNAR MUNI BATNA, VERSNA EÐA STANDA Í STAÐ NÆSTU MÁNUÐI?**




SKV. SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS






Velferðarráð borgarinnar breytir niðurgreiðslum vegna leiguhúsnæðis:

# Persónulegar húsaleigubætur

**REYKJAVÍK** Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að breyta almennum niðurgreiðslum vegna félagslegs leiguhúsnæðis í persónubundinn stuðning við leigjendur í formi sérstakra húsaleigubóta. Breytingin öðlast gildi frá 1. apríl en kemur til framkvæmda um mánaðamótin maí-júní.

Í tilkynningu frá Velferðarráði segir að með þessum breytingum verði komið enn betur til móts við þá leigjendur sem standa verr að vígi fjárhagslega þar sem greiðslubyrði leigjenda muni taka mið af persónubundnum aðstæðum hverju sinni og leiða til betri nýtingar á leiguhúsnæði Félagsbústaða.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður Velferðarráðs, segir að breytingin komi betur út fyrir suma en aðra. Hún telur að margir fái mun hærri stuðning en áður. Leigjendur Félagsbústaða greiði raunleigu og fái sérstakar húsaleigubætur eftir því hvernig hagur þeirra er hverju sinni og er því breytilegur eftir því sem aðstæður breytast. Í heildina komi þetta eins út fyrir Reykjavíkurborg því að útgjöld borgarinnar verði sambærileg.

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum, þó geta húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 70 þúsund krónum og aldrei farið yfir 75 prósent af leigufjárhæð. **- ghs**



**MARGIR FÁ HÆRRI STUÐNING** Jórunn Frímannsdóttir, formaður Velferðarráðs, segir misjafnt hvernig breytingin komi út fyrir fólk en telur að margir fái hærri greiðslu eftir breytinguna.




# Domino's opnar nýja verslun!

Domino's hefur starfrækt verslun í Ánanaustum í meira en áratug. Nú höfum við fært okkur um set og opnum nýja og glæsilega verslun að Hjarðarhaga 45.

Verið velkomin!



Domino's Pizza®

**58·12345**

dominos.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hversu margir bílstjórar voru handteknir í mótmælunum á Suðurlandsvegi á miðvikudag?*

2 *Hve margir lögreglumenn voru á staðnum?*

3 *Hverju var beitt á mótmælendur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Hafnafjarðarbær stefnir Orkuveitu Reykjavíkur vegna vanefnda:

# Dráttarvextir um 200 milljónir

**VIÐSKIPTI** Hafnarfjarðarbær lagði fram stefnu í Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á miðvikudag. „Við erum einfaldlega að fara fram á það að þeir samningar sem við gerðum okkar á milli á síðasta ári verði virtir,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Vísar hann þar til samkomulags um að OR keypti fimmtán prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja af Hafnarfjarðarbæ. Í desember samþykkti bæjarstjórn að selja fjórtán prósenta hlut en halda eftir einu prósenti. Samkeppniseftirlitið úrskurðaði svo 17. apríl síðastliðinn að OR mætti einungis eiga þrjú prósent í Hitaveitu Suðurnesja.



**LÚÐVÍK GEIRSSON** Bæjarstjórinn í Hafnarfirði segir undarlegt að stærsta sveitarfélag landsins skuli ekki vera traustara en svo að það standi ekki við samninga.

Hluturinn sem samið var um nemur tæpum átta milljörðum. Ekkert hefur borið á greiðslum frá OR og segir Lúðvík að dráttarvextir sem reiknast frá 10. mars síðastliðnum nálgist nú um 200 milljónir.

„Samningur okkar við OR og úrskurður samkeppniseftirlitsins eru tveir aðskildir hlutir,“ segir Lúðvík. „Sá úrskurður segir ekkert um það að OR eigi ekki að uppfylla samninginn við okkur. Mér finnst satt að segja nokkuð undarlegt að stærsta sveitarfélag landsins sé ekki traustara en svo að það standi ekki við samninga sem það er að gera.“ **- jse**

Búddistasamtökin SGI:

# Skráning sem löggilt trúfélag

**TRÚMÁL** Búddistasamtökin SGI á Íslandi hafa hlotið skráningu sem löggilt trúfélag á Íslandi en þau hafa verið starfrækt á Íslandi frá 1980. Markmið samtakanna er að efla þekkingu og skapa vettvang fyrir ástundun búddisma og að byggja upp mannvænt samfélag þar sem hamingja og velferð einstaklingsins og virðing fyrir öllu lífi eru höfð að leiðarljósi.

Samtökin hafa lagt sig fram við að vera í góðu samstarfi við önnur trúfélög og félagasamtök um friðar- og mannréttindamál. Samtökin efna til sýningarinnar Sjálfbær þróun á heimsvísu í Perlunni 26. apríl. **- ghs**








**VEIÐIÞJÓFAR** Þessir piltar gerðu sig heimakomna í Elliðaánum í fyrrasumar án þess að hafa greitt veiðileyfi eins og langflestir aðrir sem stunda árnar.

# Áfram harka gegn veiðiþjófum í sumar

**Stangveiðimenn telja lögreglu hafa verið of lina gagnvart veiðiþjófum í Soginu en lögregluþjónn segir sættir hafa náðst í málinu. Kærð mál séu rannsökuð og ákæra gefin út ef sakfelling sé líkleg.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er lögbrot eins og hvert annað lögbrot,“ segir Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur, sem telur lögreglu ekki hafa brugðist rétt við þegar veiðiþjófar voru staðnir að verki í Soginu um síðustu helgi.

Lögregla var kölluð til þegar þrír af fjórum útlendum veiðiþjófum yfirgáfu ekki bakka Sognsins þrátt fyrir ábendingar þeirra sem voru þar með leyfi. Engar skýrslur voru teknar af mönnunum. „Lögreglan gerði alla vega ekki það sem við teljum að hún eigi að gera,“ segir Páll Þór um framgöngu lögreglunnar.

Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Selfossi, segir hins vegar að lögreglumenn hafi talið sættir vera komnar á í því máli.

Veiðiþjófar voru margítrekað staðir að verki í fyrra í ám nærri höfuðborgarsvæðinu. „Við tókum upp þá reglu í fyrravor að kæra allan veiðiþjófnað,“ segir Páll Þór um viðbrögð Stangaveiðifélags Reykjavíkur, sem á mikilla hagsmuna að gæta líkt og eigendur veiðiréttindanna.

Þorgrímur segir veiðiþjófnað mjög sjaldan koma til kasta lögreglunnar á Selfossi. Hins vegar sé tekið af festu á slíkum brotum.

„Ef það er kært er málið rannsakað, og ef niðurstaðan leiðir í ljós að sakfelling sé líkleg er einfaldlega ákært,“ segir Þorgrímur og hvetur fólk til að leita til lögreglunnar ef þörf þyki.

Arnar Jón Agnarsson, söluráðgjafi og vefstjóri hjá Lax-á, segir fyrirtækið hafa sloppið við veiðiþjófa í sínum laxveiðiám. Það telji hann fyrst og fremst helgast af því að Lax-á sé ekki með ár mjög nálægt höfuðborginni.

„Hér hefur ríkt heiðursmannasamkomulag sem dugað hefur vel en þegar hingað eru komnir menn sem virðast hafa önnur gildi í sínum veiðiskap er orðið tímabært að skoða hvort ekki þurfi að herða viðurlög við veiðiþjófnaði. Þetta eru hins vegar mjög erfið mál viðureignar, því oftast eru menn horfnir á bak og burt ef og þegar lögreglan kemur loks á staðinn,“ segir Arnar.

„Ég held að veiðiþjófnaður sem slíkur, að minnsta kosti þar sem ég þekki til á Vesturlandi, heyri til algerra undantekninga þótt það séu alltaf til einhverjir skúrkar sem maður veit kannski ekkert um,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson, leigutaki í Langá á Mýrum.

**gar@frettabladid.is**







# HELENA RUBINSTEIN dagar í Debenhams 25. apríl - 8. maí

**Sérfræðingur Helena Rubinstein tekur vel á móti viðskiptavinum og ráðleggur um notkun snyrtivara.**
**Kynntar verða ýmsar spennandi nýjungar.**

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**DREKABANI Í LONDON** Þessi maður, klæddur eins og heilagur Georg, þykist ráða niðurlögum græns dreka með volduga regnhlíf að vopni. Þeir eru að mótmæla fjáraustri ríkisins. Í baksýn er þinghúsið í London. NORDICPHOTOS/AFP

# Vandræði Obama



**FRIÐJÓN R. FRIÐJÓNSSON**
skrifar frá Bandaríkjunum

Sigur Hillary í prófkjörinu í Pennsylvaníu afhjúpar veikleika í kosningabaráttu Obama sem gætu reynst honum þungir í skauti í haust, nái hann útnefningunni. Í Pennsylvaníu náði Hillary 62 prósentum af atkvæðum hvítra, 70 prósentum kaþólikka, 57 prósent um gyðinga, 58 prósentum kirkjugesta og 63 prósentum ellilífeyrisþega. Repúblikanar og John McCain gera sér vonir um að geta höfðað sérstaklega til þessara hópa meðal kjósenda demókrata og ætla að sækja á þá. Svokallaðir Reagan-demókratar, það eru kjósendur úr verkalýðsstétt sem eru íhaldssamir í mörgum siðferðismálum, eru gríðarlega mikilvægur kjósendahópur í lykilríkjum eins og Ohio og Pennsylvaníu. Þeir styðja Hillary og demókrata nú en það er alls ekki víst að sá stuðningur flytjist á Obama.



Hann býr jú yfir gríðarlegu fjármagni og her sjálfboðaliða, en þegar tæplega þriðjungur kjósenda Hillary segist ekki geta hugsað sér að kjósa Obama í haust eru það váleg tíðindi fyrir hann. Þessir kjósendur hafa áður yfirgefið demókrata og búa í ríkjum sem hingað til hafa skipt sköpum í forsetakosningum.

Sigur Hillary gaf henni aukinn kraft í fjáröflun sem hafði dalað og tilefni til að halda áfram allt til loka prófkjaranna í júní. Næst fram undan eru Norður-Karólína og Indiana; Obama er öruggur með sigur í fyrrnefnda ríkinu en tvísýnna er með hið síðarnefnda. Vegna sigursins í Pennsylvaníu má Hillary við því að tapa í Norður-Karólínu, það væri gott fyrir hana að vinna í Indiana en hún heldur áfram hvernig sem fer. Þar á eftir koma Vestur-Virginía, Kentucky, Oregon og Púertó Ríkó, þar sem Hillary á að vinna allt nema Oregon. Síðustu tvö ríkin verða svo Suður-Dakota og Montana sem líklega falla Obama í skaut.

Að prófkjörunum yfirstöðnum verður staðan líklega sú sama og nú, Obama verður með ríflegt forskot kjörmanna og heildaratkvæða að Florida og Michigan ótöldum. Þar er sóknarfæri Hillary að benda á að Obama hefur ekki unnið þar sem mestu skiptir og hefur ekki stuðning þeirra kjósenda sem hingað til hafa ráðið niðurstöðum kosninganna.








**SIGLT AF STAÐ** Fjölmennt var um borð í Eldingu í gær. Meðal farþega voru Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og Hjálmar Árnason, fyrrverandi alþingismaður.

# Blað brotið í notkun vetnis

**Vetnisljósavél var tekin í notkun í hvalaskoðunarbátnum Eldingu í gær, fimm árum eftir að fyrsta almenna vetnisstöðin var tekin í notkun hérlendis.**

**SAMGÖNGUR** „Þetta er stór dagur í orkusögu Íslands og sérstaklega í notkun á vistvænu eldsneyti," segir Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar NýOrku. Vetnisljósavél var tekin í notkun í hvalaskoðunarbátnum Eldingu í gær, en það mun vera í fyrsta sinn í sögunni sem bátur ætlaður almenningi er knúinn með vetni.

Hingað til hafa vetnistilraunir á sjó eingöngu verið hernaðarlegs eðlis og allar upplýsingar um þær af skornum skammti. Íslendingar brjóta því á ný blað í vetnismálum með þessari tilraun, nákvæmlega fimm árum eftir að fyrsta almenna vetnisstöðin í heiminum var tekin í notkun hér á landi árið 2003.

Markmiðið með vetnisverkefninu um borð í Eldingu er að öðlast skilning á áhrifum sjávarhreyfingar, salts og annarra álagsþátta á vetnisljósavélina. Að sögn Jóns Björns er verkefnið eitt af mörgum skrefum í þá átt að kanna til hlítar framtíðarmöguleika á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda í íslensku samfélagi. „Ísland gæti orðið fyrst allra þjóða til að treysta eingöngu á innlendar auðlindir þar sem öll orkuvinnsla yrði sjálfbær. Sú uppbygging sem hefur átt sér stað á síðustu árum, meðal annars í tilraunum með notkun vetnisbíla og strætisvagna, hefur skilað sér út í samfélagið og menn eru farnir að vinna beint með vetni og tæki tengdum því."

Eldingarverkefnið er hluti af svokölluðu SMART-H2 verkefni sem hófst formlega í nóvember í fyrra. Ljósavélin í Eldingu mun verða keyrð í eitt og hálft ár og að þeim tíma liðnum verður sest yfir þær niðurstöður sem tilraunin skilar af sér og þær krufnar með áframhaldandi vinnu í huga. „Fyrstu niðurstöðurnar úr verkefninu eru í raun þegar sjáanlegar, en þær voru að fá leyfi til að fara út á sjó með vetni. Það er í raun stærsti sigurinn. Þetta er tilraun og allar tilraunir af þessum toga eru af hinu góða. En við vonumst til að vetni geti nýst sem eldsneyti um borð í skipi í framtíðinni enda er ólíkt betra að brenna innlendri, hreinni orku í stað erlendrar, innfluttrar olíu," segir Jón Björn. kjartan@frettabladid.is

Hátíð Jóns Sigurðssonar haldin í Kaupmannahöfn:

# Guðjón Friðriksson verðlaunaður

**MENNINGARMÁL** Hátíð Jóns Sigurðssonar var haldin í fyrsta skipti í Jónshúsi í Kaupmannahöfn í gær. Við það tilefni voru Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi veitt verðlaun Jóns forseta og 500 þúsund krónur.

Verðlaunin eru veitt þeim einstaklingi sem hefur unnið verk sem tengjast hugsjónum og störfum Jóns, en Guðjón hefur ritað ævisögu hans.

Hátíðin verður árlegur viðburður héðan í frá. Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, afhenti verðlaunin og flutti ávarp, en forsætisnefnd úthlutar verðlaununum. - kóp



**VERÐLAUNIN AFHENT** Sturla Böðvarsson afhendir Guðjóni Friðrikssyni verðlaun Jóns Sigurðssonar.




Eiturlyf kallað „Bromo“:

## Þurft hefur að aflima fólk

**SVÍÞJÓÐ Nýtt eiturlyf verður stöðugt vinsælla í heiminum. Lyfið er ofskynjunarlyf sem heitir Bromo-Drekafluga, skammstafað BDF og ABDF og stundum kallað „Bromo“. Talið er að það komi frá Kína, að sögn sænska dagblaðsins Expressen, en ekki er vitað hverjir standa að framleiðslu lyfsins.**

**Drekaflugan er stórhættuleg því að einstaklega auðvelt er að taka of stóran skammt af lyfinu auk þess sem hún hefur þannig áhrif að aflima hefur þurft suma þeirra sem neyta hennar. Sænsk og dönsk stjórnvöld hafa lyfið á bannlista sem eiturlyf. Lyfið er einkum selt á netinu.** - ghs

Tugir manna falla í hörðum átökum Tamíltígra og stjórnarhersins á Srí Lanka:

# Ein harðvítugustu átök síðustu ára

**SRÍ LANKA, AP** Ein harðvítugustu átök stjórnarhersins og uppreisnarmanna á Srí Lanka síðustu árin voru háð í gær. Stjórnarherinn og Tamíltígrar skiptust á skotum á norðanverðri eyjunni.

Að bardögum loknum lágu 52 skæruliðar og 28 hermenn í valnum, að sögn stjórnarinnar, en uppreisnarmenn segjast hafa fellt meira en hundrað stjórnarhermenn en aðeins misst sextán úr eigin röðum.

Þessi hörðu átök þykja ekki góðs viti fyrir ríkisstjórnina, sem hefur heitið því að sigrast fyrir fullt og allt á Tamíltígrunum fyrir lok þessa árs.

Eins og venjulega, þegar barist er á þessum slóðum, hafa Tamíltígrarnir allt aðra sögu að segja en stjórnvöld.

Rasiah Ilanthirayan, talsmaður uppreisnarsveitanna, segir að stjórnarherinn hafi átt upptökin að átökunum: „Þeir reyndu að nálgast bækistöðvar okkar. Þá hófust bardagar,“ sagði hann.

Stjórnarherinn segir hins vegar að bardagarnir hafi byrjað skömmu fyrir dögun þegar skæruliðar fóru yfir víglínuna á hinu hrjóstruga Muhamalai-svæði á Jaffnaskaga.

Tamíltígrar hafa síðan 1983 barist vopnaðri baráttu fyrir því að stofna sjálfstætt ríki Tamíla, sem eru í minnihluta á eyjunni. Átökin hafa kostað meira en 70 þúsund manns lífið. - gb



**SÉRSVEITARMENN Á SRÍ LANKA** Átökin í gær voru þau mannskæðustu sem orðið hafa á eyjunni um áraraðir. NORDICPHOTOS/AFP

Málstofa í Finnlandi:

## Fylkingar þinga um frið

**FINNLAND, AP** Finnar standa fyrir málstofu í þessari viku með andstæðum fylkingum súnnía og sjíamúslima í Írak til að reyna að finna lausn á ofbeldinu í landinu.

Málstofan er framhald af leynifundum sem haldnir voru fyrir luktum dyrum í Finnlandi í september þegar fulltrúar súnnía og sjía í Írak komust að samkomulagi um leiðir til friðar. Þeir samþykktu þá að hittast aftur.

Finnski miðlunarhópurinn, sem leiddur er af Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseta Finnlands, segir að fulltrúar nokkurra landa muni koma saman nú til að skoða mismunandi leiðir til þess að hjálpa stríðshrjáðum löndum að halda áfram. - ghs



**Í HELSINKI** Icelandair flýgur fjórum sinnum í viku til Helsinki í sumar.

Samstarf á flugmarkaði:

## Icelandair til Finnlands

**FLUG Icelandair og Finnair hafa samið um samstarf félaganna á flugleiðum milli Íslands og Helsinki og milli Helsinki og Varsjár í Póllandi. Gengið var frá samningum þar að lútandi á fimmtudag.**

**Icelandair flýgur fjórum sinnum í viku til Helsinki í sumar, en í maí verða tvær ferðir í viku. Samkvæmt fréttatilkynningu hefur Finnair mjög góðar tengingar í leiðakerfi sínu við Asíumarkaði og Rússland, en Icelandair býður upp á mikla tíðni til Bandaríkjanna og Evrópu. Báðir aðilar sjá því hag í þessu markaðssamstarfi.** - kg

Fyrirtækið Álfasteinn dæmt:

## Greiðir starfsmanni skuld

**DÓMSMÁL** Fyrirtækið Álfasteinn ehf., sem framleiðir sérunnar gjafavörur, var í Héraðsdómi Austurlands dæmt til að greiða fyrrverandi starfsmanni, Dmitrijs Martinovs, ríflega 585 þúsund krónur í skuld.

Kröfur Dmitrijs um full dagvinnulaun fyrir ákveðið tímabil, orlof, orlofsuppbót og desemberuppbót voru samþykktar. Vinnuveitandi taldi starfsmanninn ekki hafa verið í fullri vinnu á tímabilinu.

Kröfum fyrirtækisins um kostnað við umferðaróhapp og nettengingu var hafnað. Þá var talið óheimilt hjá fyrirtækinu að hækka húsaleigu einhliða í tvígang og draga af launum. - kóp


**Sölusýning**

**á morgun frá 10 til 16**



**SIEMENS**

Fagnaðu sumrinu með Siemens



Raftæki frá Siemens í miklu úrvali

Á morgun, **laugardag**, efnum við til sölusýningar í verslun okkar að Nóatúni 4. Þar gefst tækifæri til að skoða allt hið nýjasta sem við bjóðum, m.a. þráðlausa síma, eldunartæki, kæli- og frystitæki, uppþvottavélar, þvottavélar, þurrkara, ryksugur, smátæki, ýmsar gerðir lampa, rofa- og tenglaefni og dyrasímabúnað frá Siedle. **Fjöldi tilboða** í tilefni dagsins. **Ríflegur staðgreiðsluafsláttur**.

Skoðið öll Tækifæristilboðin á **www.sminor.is.**

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# Veldu góða leið!



## Hágæðanám í ferðamálafræði

Viðfangsefni: náttúra, menning, upplifun, útivist, afþreying, matur og rekstur.

- Diplóma í ferðamálafræði* ásamt landvarðar- og staðarvarðarréttindum
- Diplóma í viðburðastjórnun*
- BA í ferðamálafræði

* einnig í fjarnámi

Fjölbreyttir starfsmöguleikar að námi loknu í vaxandi atvinnugrein.

www.holar.is
Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur - s: 455 6300

HÓLASKÓLI HÁSKÓLINN Á HÓLUM

ÖFLUGUR HÁSKÓLI Í ÖRUM VEXTI


Íbúar Flóahrepps skora á sveitarstjórn að hætta við fyrirhugaða Urriðafossvirkjun:

# Meirihlutinn hafnar virkjun

**ORKUMÁL** Meirihluti íbúa Flóahrepps átján ára og eldri skorar á sveitarstjórn hreppsins að endurskoða ákvörðun sína um að setja Urriðafossvirkjun í Þjórsá inn á aðalskipulag hreppsins. Sveitarfélagið er betur sett án virkjunarinnar, að mati þeirra sem rita nafn sitt undir áskorunina.

Alls rituðu 216 íbúar Flóahrepps undir áskorunina en þeir eru 424 alls sem eru átján ára og eldri. Undirskriftalistinn var afhentur sveitarstjóra Flóahrepps í gær, að undirlagi félagsskaparins Sól í Flóa, en kjörnir fulltrúar voru ekki viðstaddir.

Svanhvít Hermannsdóttir, íbúi í Flóahreppi, segir að í ljósi þess að meirihluti íbúa hafi skrifað undir áskorunina séu bundnar vonir við að kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn taki tillit til óska þessa stóra hóps. „Það ólgar undir og fólk skrifar undir af ýmsum ástæðum, bæði vegna náttúruverndarsjónarmiða og einnig að þjónustusamningurinn við Landsvirkjun fór illa í marga. Það eru spurningar sem ekki hefur verið svarað eins og með laxastofn árinnar og jarðskjálftahættu. Það er mikil undiralda út af þessu máli, það er staðreynd.“

> Það ólgar undir og fólk skrifar undir af ýmsum ástæðum, bæði vegna náttúruverndarsjónarmiða og einnig að þjónustusamningurinn við Landsvirkjun fór illa í marga.
>
> **SVANHVÍT HERMANNSDÓTTIR**
> ÍBÚI Í FLÓAHREPPI

Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, segir að fullt tillit verði tekið til áskorunarinnar í þeirri skipulagsvinnu sem framundan er vegna virkjunarinnar en plaggið hafi hann ekki séð ennþá. „Við skoðum málið og fjöllum um þetta á eðlilegan hátt.“ - shá

Fátækir í Finnlandi:

## Stöðugt fleiri í röð eftir mat

**FINNLAND Stöðugt fleiri standa í biðröðum á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum svæðum í Finnlandi til að fá ókeypis mat. Þeir sem dreifa matnum segja að fjöldinn hafi aukist verulega upp á síðkastið.**

**Heikki Hursti, sjálfboðaliði í Helsinki, segir að meira en 1.000 menn hafi komið á hverjum degi síðustu vikur. Fyrir nokkrum árum hafi fjöldinn aðeins verið 300-400 og að fjöldinn hafi verið 600-700 í byrjun þessa árs.** - ghs

**STJÓRNSÝSLA**

### Settur vegamálastjóri

Hreinn Haraldsson hefur verið settur vegamálastjóri til eins árs, frá 1. maí. Hann hefur undanfarið gegnt starfi framkvæmdastjóra þróunarsviðs Vegagerðarinnar.



**GREIÐSLURNAR Í SÚGINN** Þórunn Hjaltadóttir bakari lenti í því um síðustu mánaðamót að heimasímanum hennar var lokað á þeim forsendum að hún hefði flutt viðskipti sín til Símans – en án þess að hún hefði beðið um það. Þegar hún kannaði málið kom í ljós að Síminn hefði tilkynnt til Hive – óbeðinn – að númerið hefði verið flutt til Símans. „Mannleg mistök“ segir blaðafulltrúi Símans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sími fluttur án vitundar eigandans

**Síminn tilkynnti óumbeðinn að viðskiptavinur hefði flutt viðskipti til Símans. Hálfan mánuð tók að fá tengingu. Öryggiskerfi heimilisins lá niðri.**

**NEYTENDAMÁL** „Í byrjun mánaðarins komumst við að því að heimasíminn hefði verið dauður í einhvern tíma en nettengingin í lagi. Það hefur komið fyrir áður að tenging sé léleg út af „router“ hjá símafyrirtækinu en þetta var búið að vera óvenjulengi svo að við ákváðum að hringja í Hive,“ segir Þórunn Hjaltadóttir bakari.

Sá sem tók við símtalinu hjá Hive sagðist ætla að ganga í málið en ekkert gerðist fyrr en mánudaginn 7. apríl að hringt var með þær upplýsingar að Hive hefði borist tilkynning um færslu á heimasímanum yfir til Símans og þar af leiðandi lokað fyrir tenginguna.

„Við báðum aldrei um það,“ segir hún. „Hive sagðist ætla að laga þetta eins og skot og setja okkur í forgang með að tengja þetta strax.“

Eftir margar hringingar fram og til baka „komumst við loksins í símasamband aftur 16. apríl. Ég sagði símafyrirtækjunum frá því að öryggiskerfið okkar tengt heimasímanum hefði legið niðri á þessum tíma og greiðslur þangað farið í súginn en hvorugt símafyrirtækið vill bæta okkur skaðann. Þau fría sig allri ábyrgð,“ segir hún en útilokar ekki að hún fái einhverjar bætur frá Hive.

Þórunn segir málið allt „fáránlegt“. „Síminn gat sagt upp áskriftinni án þess að hringja í okkur og fá það staðfest. Svo uppgötvuðum við seinna að Hive hafði slitið tengingunni og þá var það búið að vera þannig í einhvern tíma. Hive setti okkur í forgang og sá forgangur tók tvær vikur.“

Þórunn fékk engar skýringar eða afsökunarbeiðni fyrr en eftir að blaðamaður Fréttablaðsins spurðist fyrir um málið hjá Símanum.

Linda Waage, blaðafulltrúi Símans, segir að sér sýnist á öllu að um „mannleg mistök í innslætti á símanúmeri sé að ræða, fyrir mistök hafi númerið verið aftengt og svo þegar kom í ljós misræmi í endastaf á númeri hafi verið haft samband við hana, flýtimeðferð sett í gang og allt tengt aftur. Síminn hafi frétt af þessu í kringum 10. apríl og sambandi hafi verið komið á 16. apríl.

Hermann Jónasson, forstjóri Hive, segir að Síminn beri ábyrgð á því sem gerðist þar sem hann hafi óskað eftir aftengingu. Míla, dótturfyrirtæki Símans, sjái um að tengja og aftengja símann og gefi sér sjö til tíu daga til þess. „Við viljum gjarnan hafa þetta styttri tíma en getum ekki stjórnað því,“ segir hann. ghs@frettabladid.is

### SÍMINN HAFÐI SAMBAND

Síminn hafði samband við Þórunni eftir að blaðamaður leitaði eftir viðbrögðum Símans. Starfsmaður Símans bauðst til að láta gjaldið á GSM-símanum hennar falla niður næst, baðst afsökunar og gaf útskýringu á þeim mistökum sem áttu sér stað.




## LAGADEILD
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Við lagadeild HR er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám, sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði.

Hlutverk lagadeildar HR er að skapa og miðla þekkingu í umhverfi sem hvetur til frumkvæðis, gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða og auka þannig lífsgæði og samkeppnishæfni í samfélaginu.

Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins, kennsluaðferða eða þeirra miklu krafna sem gerðar eru til nemenda á öllum námsstigum.

Grunnnámið tekur 3 ár og að því loknu gefst nemendum kostur á 2ja ára framhaldsnámi til meistaraprófs í lögfræði.

Kynntu þér spennandi og krefjandi laganám við Háskólann í Reykjavík á vef lagadeildar, **www.lagadeild.is**.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

VIKA 12

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Algirdas Slapikas:

### SONURINN ÍSLANDSMEISTARI



Það er nokkuð liðið síðan við höfum heyrt í Algirdas en hann hefur átt annríkt í vinnu, tölvunámi og svo dagskrárgerð á útvarpinu Halló Hafnarfjörður. En næstsíðustu helgi eyddi hann með fjölskyldunni. „Eldri sonur minn, Modestas, var þá að keppa í úrslitakeppni í körfubolta 11 ára og yngri í KR DHL-höllinni. Það gekk mjög vel og hann vann Íslandsmeistaratitilinn með Haukum en það er annað árið í röð sem þeir gera það. Svo er ég búinn að skipuleggja sumarfrí fjölskyldunar og búinn að kaupa flugmiða til Litháen.“

Filipe Figueiredo:

### NAPURT SUMAR



„Það er sama flakkið á mér,“ segir Filipe sem nú er staddur á Akureyri. „Ég er fyrir norðan að sinna nokkrum verkefnum í vinnunni. Ég kann bara nokkuð vel við mig. Hins vegar stytti ég mér stundir á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli.“ Þótt sumarið sé gengið í garð samkvæmt almanakinu þykir Portúgalanum lítið gefa til kynna að sú sér raunin. „Reyndar mætti þó segja að það sé byrjað að vora hér fyrir norðan þó enn sé nokkuð napurt en það angrar mig ekkert.“

Rachid Benguella:

### SLÆMT AÐ ÚTKLJÁ MÁL MEÐ OFBELDI



„Ég sá svipuð átök þegar ég bjó á Spáni,“ segir Rachid um átök atvinnubílstjóra og mótmælenda annars vegar og lögreglunnar hins vegar í fyrradag. „Þá tókust háskólastúdentar á við lögregluna og voru það mjög hörð átök. Það er slæmt að svona skuli koma upp á. Ísland er þekkt um alla Evrópu sem friðelskandi lýðræðisríki. Ég á til dæmis vini á Spáni sem tala um Ísland sem eitt mesta lýðræðisríki í heimi og ég tel að þetta muni valda fólki vonbrigðum.“

Charlotte Ólöf Ferrier:

### ERFIÐRI VIKU LOKSINS AÐ LJÚKA



„Mér hefur gengið ágætlega í prófunum hingað til,“ segir Charlotte Ólöf, sem viðurkennir þó að prófundirbúningurinn hafi ekki gengið neitt stórkostlega vel. „Það hefur verið nóg að gera í vinnunni, við að læra fyrir prófin og við undirbúning Afríkuferðarinnar,“ segir hún og á þar við ferð til Líberíu sem hún hyggst fara í sumar. Charlotte hefur verið að hressast eftir að hún veiktist í lungum af völdum víruss. Hún átti frí í gær og nýtti daginn til að læra.

Björgólfur Guðmundsson vill verja efnahagslegan stöðugleika með nýjum sjóði:

# Íslendingar komi sér upp þjóðarsjóði

**VIÐSKIPTI** „Norðmenn hafa sinn olíusjóð, sem tryggir þeim mikinn efnahagslegan stöðugleika. Við ættum að koma okkur upp þjóðarsjóði sem hefði tekjur af auðlindum lands og hugviti þjóðarinnar,“ sagði Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, í ræðu á aðalfundi bankans í fyrradag.

Slíkur sjóður ætti að verja efnahagslífið og hagstjórn fyrir svipuðum áföllum og dunið hefðu yfir undanfarna mánuði.

Hann sagði það gömul sannindi að í góðæri skuli huga að mögru árunum. „Ég er þeirrar skoðunar að ef við Íslendingar viljum halda áfram á þeirri braut að taka fullan þátt í viðskiptum á alþjóðamarkaði, halda áfram að auka tekjur okkur af viðskiptum við útlönd, halda sjálfstæðri efnahagsstjórn og eiga kost á eigin gjaldmiðli, þá sé okkur nauðsynlegt að koma okkur upp mjög öflugum varasjóði.“



**MÆLIR MEÐ VARASJÓÐI** Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, segir Íslendinga ekki eiga sjóð sem mæti alvarlegum þrengingum. Við hlið Björgólfs er Sigurjón Árnason bankastjóri.

Björgólfur minnti á íslenska lífeyrissjóðakerfið, þar sem hver og einn hefði lagt fé til hliðar til efri ára. „Við sem þjóð höfum hins vegar ekki sýnt þessa fyrirhyggju. Við eigum ekki sjóð sem mætir alvarlegum þrengingum eins og þeim sem við göngum nú í gegnum.“

Björgólfur sagði að slíkur sjóður yrði ekki til á einni nóttu, en eftir áratug yrði hann myndarlegur, yrði byrjað nú.

„Og jafnvel þótt við yrðum hluti af stærra peningakerfi og tækjum upp stöðugri mynt þá er ég ekki frá því að bjartsýni, ákafi og áhættusækni okkar Íslendinga muni eftir sem áður skapa þrýsting á efnahagskerfi okkar. Þá yrði ekki síður mikilvægt að eiga varasjóð til að vinna gegn skaðlegum sveiflum í búskap okkar.“

- ikh





Nýjar 1 lítra umbúðir

MJÓLKURSAMSALAN


4.690,-
MYNTA blómapottur, svart, innanmál Ø30, H67 cm.
3.990,-
TÄRNÖ borð og tveir stólar


úti á palli
BOSÖ sólhlíf Ø300 cm, grátt 3.490,-
695,-
SALVIA hengipottur, Ø25, H20 cm, galvaníserað stál
11.990,-
ÄPPLARÖ sólbekkur, gegnheill akasíuviður
SOMMAR poki 36x30 cm, 100% bómull, ýmsir litir 695,-/stk.
SOMMAR lugt fyrir kubbakerti, B24, H45 cm, ýmsir litir 1.690,-/stk.
SKINA skrautfugl, H20 cm, ýmsir litir, rafhlöðuknúið 495,-/stk.
595,-
SOMMAR gerviblóm, skrautlengja, ýmsir litir Lengd 2 m
GRENÖ púði, 50x60 cm, ýmsir litir 1.490,-/stk.
SKINA blómapottur með handföngum Ø40, H18 cm, galvaníserað stál 1.490,-
SOMMAR pappadiskar, Ø18 cm 50 stk. ýmsir litir 695,-
SOMMAR kælitaska, 36x38,5 cm, ýmsir litir 495,-/stk.
SANDIG bökunarsett 5 hlutir 395,-
595,-
PLATTA gólfklæðing, 45x45 cm, akasíuviður
895,-/stk.
HALLÖ sessa, 40x40 cm, ýmsir litir
Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga
195,-
IKEA FOOD
Fjölskyldutilboð
virka daga 17:30 - 19:30
Sænskar kjötbollur, tveir 10 bollu skammtar og tveir barnaskammtar af spaghetti ásamt safa.
1.090,-
IKEA FOOD
IKEA®
Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun
www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2008

## „ORÐRÉTT“

### Lögreglan skipar fyrir

**„Farið af götunni! Þeir sem ekki hlíta fyrirmælum geta átt von á því að verða handteknir. Þetta eru ólögleg mótmæli!“**

FORINGI LÖGREGLUMANNA Á VETTVANGI ÁTAKA Í NORÐLINGAHOLTI
**Fréttablaðið 24. apríl**

### Á hlaupahjólum

**„Okkur er svo umhugað að vera snögg til gagnvart kúnnanum og þess vegna þarf að nota allar leiðir til að vera fljótari.“**

HELGI JÓHANNESSON LÖGMAÐUR UM RAFKNÚIN HLAUPAHJÓL SEM TEKIN HAFA VERIÐ Í NOTKUN Á LÖGMANNSSTOFUNNI LEX
**Fréttablaðið 24. apríl**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARINÓ THORLACIUS LJÓSMYNDARI

## *Piparúði og sýning í undirbúningi*

Það lá ágætlega á Marinó Thorlacius ljósmyndara þegar Fréttablaðið náði í hann, þrátt fyrir að hann fyndi fyrir óþægindum í hálsi og augum. Málavextir voru þeir að fyrr um daginn hafði hann verið uppi í Norðlingaholti að taka myndir af því þegar sló í brýnu milli lögreglu og mótmælenda og hann fékk piparúða á sig.

„Ég reyndi að komast eins nálægt og ég gat en hélt mig þó til hliðar þegar löggan lét til skarar skríða en engu síður fékk ég slatta á mig. Ég gat lítið séð eftir það og þurfti að taka myndir blindandi. Þegar ég skoðaði þær eftir á sá ég að ég hef náð nokkrum góðum myndum sem ég á eftir að vinna úr og koma á framfæri með einum eða öðrum hætti þegar fram í sækir.“



Marinó hefur starfað sem sjálfstæður hönnuður undanfarin ár en einbeitir sér nú að því að koma á fót eigin ljósmyndastúdíói í Garðabæ. Marinó gaf út ljósmyndabókina Land fyrir að verða hálfu öðru ári. Hún vakti nokkra athygli. Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson – RAX – lofaði hana til dæmis í hástert og var honum meðal annars boðið út fyrir landsteinana að halda sýningar. Marinó undirbýr nú nýja sýningu sem verður opnuð í Fótógrafí, ljósmyndaverslun Ara Sigvaldasonar, í ágúst næstkomandi en þar verða eingöngu nýjar myndir.

Sumarið fer því fyrst og fremst í vinnu hjá Marinó, þó ekki eingöngu ljósmyndun. „Ég kem frá Örlygshöfn við Patreksfjörð og geri ráð fyrir að fara í heyskap eins og alltaf. Það er ekkert sumar án þess.“

## NOTADRJÚG EFNABLANDA

### GLAÐGAS

Hláturgas eða glaðgas kallast díniturmónoxíð á máli efnafræðinnar og hefur efnatáknið $N_2O$.

Árið 1844 notaði enskur tannlæknir köfnunarefni í fyrsta sinn sem deyfilyf við tanntöku og árið 1868 var það í fyrsta sinn notað til svæfinga við uppskurð.

Ef efninu er blandað saman við yfirmagn af súrefni er það skaðlaust til innöndunar. Það er til að mynda oft notað við deyfingu mæðra í hríðum. Einnig má geta þess að niturdíoxíð er notað sem þrýstigas í úðabrúsa.



## SJÓNARHÓLL

ÁTÖKIN Í NORÐLINGAHOLTI

### *Báðir aðilar fóru yfir strikið*



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** grínisti

„Mér fannst báðir aðilar fara yfir strikið í þessum mótmælum og er hálf gáttaður á þessu. Ég hafði ákveðna samúð með málstað vörubílstjóra þegar þeir hófu fyrst að mótmæla en síðustu vikur hafa þeir gengið of langt. Ég veit til þess að þeir hafa stefnt fólki í hættu með því að teppa sjúkrabíla, hægja á starfsemi lögreglunnar og fleira og slíkt finnst mér ekki forsvaranlegt. Að sama skapi var ég undrandi á vinnubrögðum lögreglunnar. Það sem ég sá benti ekki til þess að þarna væri verið að beita mjög diplómatískum aðferðum til að leysa málin.

Klassískar súkkulaðipakkningar henta vel:

# Íslenskt súkkulaði í Bandaríkjunum

„Í raun má segja að þetta sé eitt af okkar elstu vörumerkjum,“ segir Brynja Georgsdóttir, vörumerkjastjóri Nóa Síríus, en fyrirtækið selur íslenskt súkkulagði í um fimmtíu verslunum Wholefoods á austurströnd Bandaríkjanna.

Fjórar tegundir eru í boði en auk hefðbundins rjómasúkkulaðis sem inniheldur 33 prósent kakómassa fæst Síríus Konsúm sem hefur 45 prósenta kakóinnihald, Síríus 56 prósent og Síríus 70 prósent. Er öllum tegundunum pakkað á svipaðan hátt, það er í smjörpappírsumbúðir sem Íslendingar flestir þekkja.

Segir Brynja þær umbúðir passa Wholefoods-verslununum betur. „Þetta eru háklassa búðir sem bjóða upp á lífrænar vörur og þessar pakkningar eru meira í þá áttina.“ Súkkulaðið sé vissulega ekki lífrænt en flokkist við hlið þess.Útflutningur á súkkulaðinu hófst árið 2005 og hefur salan aukist ár frá ári. Stefnt er að áframhaldandi útflutningi í nánu samstarfi við Wholefoods.

**- ovd**



SÍRÍUS KONSÚM SÚKKULAÐI



**TVEIR UNGIR Í BRÚNNI** Ævar Smári Jóhannsson er yngsti togaraskipstjóri landsins. Hér er hann í brúnni í Höfrungi ásamt syni sínum, Andra Fannari Ævarssyni, en hann er ekki enn orðinn ábyrgur fyrir fleyi og áhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# *Strákurinn í brúnni*

**Ævar Smári Jóhannsson er líklegast yngsti togaraskipstjóri landsins. Þessi þrjátíu og eins árs gamli kappi er ábyrgur fyrir 27 manna áhöfn á Höfrungi III AK. Hann fer þó ekki með neinum bægslagangi fyrir liði sínu en nokkrir skipverjanna voru þegar farnir að sækja sjóinn þegar Ævar Smári kom í heiminn.**

„Ég byrjaði árið 1993 á línubát frá Sandgerði en ári síðar fór ég á 70 daga túr á frystitogara frá Seyðisfirði og ég hef eiginlega ekki stoppað síðan þá,“ segir Ævar Smári.

Hann var stýrimaður á Höfrungi en svo veiktist skipstjórinn og skömmu síðar afleysingamaður hans svo röðin kom að þeim unga, fyrir um það bil tveimur mánuðum síðan, að fara fyrir fleyinu. En hvernig gengur honum að hafa stjórn á skipi og mannskap?

„Þetta er náttúrlega ótrúlega samstillt og góð áhöfn svo það er afar gott að vinna með þeim. Ég fer mér líka nokkuð rólega, alla vega veður maður ekkert yfir þessa karla sem margir hverjir hafa verið til sjós í 30 til 40 ár. Reyndar er einn um borð sem byrjaði á síðutogara svo þessir menn taka ekki hverju sem er.“

En þó kapteinninn sé ekki roskinn man hann tímana tvenna í sjómennskunni. „Þegar ég var polli var það afar eftirsótt að komast á sjóinn og það var eins og að detta í lukkupottinn að fá pláss. Skipstjórarnir voru líka eins og kóngar í bæjarfélaginu. Nú vilja ungir menn helst fá sæti við skrifborð í bönkunum.“

En kannski er þetta að breytast. „Fyrir nokkrum árum gat verið erfitt að manna bátana en í seinni tíð er þetta aftur orðið afar eftirsótt. Ég skal ekki segja hvort það sé vegna ástandsins í efnahagslífinu. Reynar er það þannig að sjómenn eru meðal þeirra fáu sem njóta góðs af gengislækkuninni. Allavega þykknaði launaumslagið.“

**jse@frettabladid.is**


AFSAKIÐ HLÉ

Vegna árshátíðar starfsfólks verður fyrirtækið lokað í dag, föstudag.

Gleðilegt sumar!

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK
SÍMI 520 4700 www.hagvangur.is

HAPPY HOUR 2 fyrir einn

Í SUMAR OPNAR REX KL 21.00 MEÐ HAPPY HOUR (2 FYRIR EINN) ALLAR HELGAR TIL 24.00.

rex REYKJAVIK ICELAND







rex Austurstraeti 9. 101 Reykjavik Iceland www.rex.is e-mail: rex@rex.is

FORESTER

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

# NÝR SUBARU SPORTJEPPI

KOMDU OG REYNSLUAKTU GLÆNÝJUM SUBARU FORESTER

Beinskiptur:
**3.190.000 kr.**

Sjálfskiptur frá:
**3.390.000 kr.**






## ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

**Bjóðum upp á reynsluakstur á eftirtöldum stöðum.**

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM33xxx

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Máli kennara sem varð fyrir vinnuslysi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

## Skólinn hlýtur að bera ábyrgð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Fyrr á þessu ári var móðir dæmd í héraði til að greiða kennara barns síns bætur vegna áverka sem hann hlaut í slysi í skólanum. Slysið varð með þeim hætti að barn skellti aftur rennihurð sem lenti á höfði kennarans en hann hlaut 25 prósenta örorku af völdum áverkans. Móðir barnsins var vel tryggð og því var ljóst að tryggingafélag hennar myndi greiða bæturnar, sem námu tæplega tíu milljónum króna. Sveitarfélagið, sem á og rekur skólann, var ekki dæmt til greiðslu bóta.

Dómnum hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar, bæði af tryggingarfélagi móðurinnar og lögmanni kennarans, sem vill að ábyrgð skólans verði viðurkennd.

Það sem vakti athygli í þessu máli er einmitt að ábyrgð skólans, eða sveitarfélagsins sem eiganda og rekstraraðila hans, er ekki viðurkennd í dómi héraðsdóms.

Fagmenn komu þó fyrir dóminn og lýstu því að frágangur rennihurðarinnar sem slysinu olli hefði verið ófullnægjandi. Enginn fagmaður kom fyrir dóminn til að meta fötlun barnsins, sem er með Asperger-heilkenni, heldur notaðist dómurinn við upplýsingabækling um Asperger-heilkenni. Sérkennilegt hlýtur að teljast að héraðsdómur sá ekki ástæðu til að kalla til sérfræðing á sviði fötlunar barnsins. Óskandi er að Hæstiréttur bæti úr því eða vísi málinu aftur í hérað.

Umræður í kjölfar dómsins urðu nokkuð tilfinningaþrungnar, enda um afar viðkvæmt mál að ræða. Ljóst er að barnið var í uppnámi og að rennihurðin var hættuleg. Einnig liggur fyrir að kennarinn er 25 prósent öryrki og að áverkarnir sem hann hlaut skerða verulega lífsgæði hans.

Það sem upp úr stendur er einmitt það sem lögmaður kennarans ætlar nú að láta reyna á í Hæstarétti, ábyrgð skólans. Á slys eins og það sem kennarinn varð fyrir hlýtur að bera að líta sem vinnuslys, slys sem verður af völdum óviljaverks barns í uppnámi annars vegar og ófullnægjandi frágangs á húsnæði hins vegar. Dómurinn vekur því spurningar um ábyrgð atvinnurekanda og eiganda húsnæðisins, sem í báðum tilvikum er sveitarfélagið.

Því er ekki haldið fram að barn sem vísvitandi og af einbeittum vilja veldur starfsmanni skóla eða samnemanda áverka, eigi ekki með fulltingi foreldra sinna að axla ábyrgð. Sömuleiðis ef eignaspjöll verða af völdum meðvitaðrar skemmdarstarfsemi.

Í umræddu tilviki er þetta hins vegar ekki fyrir hendi. Þar verður barn í uppnámi fyrir því að valda kennara sínum örorku. Ljóst er að kennaranum ber að fá bætur vegna tjónsins sem hann hefur orðið fyrir en jafnljóst er að það er með öllu ómaklegt að bótaskyldan hvíli á barninu en ekki atvinnurekanda kennarans og eiganda húsnæðisins þar sem frágangi var ábótavant.

Vonandi skýrist þetta í Hæstarétti.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR
08.00-13.00 ALLA VIRKA DAGA
Hvar sem þú ert – hvenær sem er
www.lettbylgjan.is
LÉTT BYLGJAN 967

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að beita sverði eða penna

Mótmælin í fyrradag við Rauðavatn hafa hreyft við mörgum blekböndanum. Þráinn Bertelsson er meira að segja farinn að fletta upp í Biblíunni og vitnar í Matthíasarguðspjall á bloggsíðu sinni. Þar segir „...allir þeir sem grípa til sverðs munu farast fyrir sverði...“ Þar áður hafði hann skrifað „Ég mótmæli því að hafa lengur yfir mér hernaðardýrkandi dómsmálaráðherra með geðvillta ofbeldisseggi í sinni þjónustu.“

Hann ætti kannski að fara varlega með pennann, sem er jú beittari en sverðið.



### Lögreglan lamdi Íslendinga

Í fréttum sjónvarpsins mátti sjá þegar lögreglumenn leiddu Viðar H. Guðjohnsen, formann Landssambands ungra frjálslyndra, í járnum af vettvangi. Á bloggsíðu hans kemur fram að hann hafi áhuga á ferðalögum til hinna ýmsu menningarheima en einnig hefur hann gaman af júdó og öðrum sjálfsvarnaríþróttum. Þetta tvennt virðist eiga býsna vel saman í huga formannsins því hann var mest hneykslaður á lögreglunni að vera að berja á samlöndum sínum en hann kallaði hneykslaður „Þeir eru að berja Íslendinga!“ Hvað er hann að gera í þessum ferðalögum sínum til hinna ýmsu menningarheima?



### Mótmælaaðgerðir frjálslyndra?

Á bloggsíðu hans segir enn fremur: „Svona fantaaðgerðir eru ekki gerðar nema með samþykki stjórnvalda. Gefumst aldrei upp í baráttunni, höldum áfram. Látum ekki berja okkur til hlýðni.“ Fyrir hverju er formaður ungra frjálslyndra að berjast?

jse@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




## Vorboðar

Spennan er gríðarleg. Það þarf að greiða hárið í fallegan hnút, yfirfara skóna og mæta tímanlega. Í kvöld verður hin árlega vorsýning balletskóla Sigríðar Ármann.

Þau átta ár sem við höfum notið sýningarinnar hefur aldrei brugðist að ég verð djúpt snortin. Ástæðan er ekki einungis móðurstoltið því satt að segja hefur komið fyrir að við höfum ekki komið auga á dóttur okkar á sviðinu því mikil leynd hvílir yfir sýningunni þannig að við vitum ekki í hvaða atriði hún er. Þær eru allar jafn yndislegar, hvort sem ég á þær eða ekki.



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | Skóla- og uppeldisstarf

Ég dáist alltaf jafn mikið að Ástu skólastýru og kennarahópnum hennar sem heldur uppi vinnugleði með ástríkum aga allan veturinn og setur upp sýningu hvert vor í Borgarleikhúsinu sem allir mega vera stoltir af.

Í næstu viku verður skautasýningin. Á þá sýningu mætum við með teppi. Við dáumst að framförum hópsins, dugnaði þjálfaranna og foreldrafélagsins sem lyftir grettistaki í sjálfboðavinnu. Það er frábært að fylgjast með hópnum og gleðin lýsir af hverju andliti.

Þá eru ótaldir vortónleikarnir. Sú yngri er að ljúka forskólanum í Tónskóla Sigursveins og ég get ekki beðið eftir því að litli frændinn hefji þar nám svo ég geti aftur notið þeirra forréttinda að fylgjast með náminu hjá Elvu Lilju í gegnum áhugasaman nemanda. Ég hef aldrei séð áhugalausan nemanda á tónleikum forskólans og hef ég sótt þá marga. Sjálf get ég ekki klappað í takt og dáist að því hvað kennararnir ná út úr hópnum.

Næsta vetur verða báðar dæturnar farnar að læra á hljóðfæri, þeir tónleikar eru öðruvísi en líka skemmtilegir. Reyndar ergi ég mig á foreldrum sem hlusta aðeins á sín eigin börn og laumast svo út. Á góðum degi finn ég afsökun fyrir þá (þeir þurfa kannski að fara í sjúkraheimsókn eða á aðra tónleika) en þegar dagsformið er ekki sem best finnst mér þeir óttalegir dónar.

Um síðustu helgi var haldin ráðstefna sjálfstæðra skóla. Balletskólinn og Tónskólinn voru ekki á dagskrá, enda einungis leik- og grunnskólar í því félagi. Dætur mínar hafa verið mjög ánægðar í ófrjálsu leik- og grunnskólunum sem þær hafa stundað nám í. Þær eru alsælar í frjálsa ballett- og tónskólanum sínum en allir skólarnir þeirra uppfylla svo sannarlega kröfuna um gleði í skólastarfi sem var yfirskrift ráðstefnunnar.

Það er allt of lítið rætt um það merkilega skólastarf sem fram fer utan leik- og grunnskólans og hefur afgerandi áhrif á börnin okkar. Það er synd að öll börn skuli ekki eiga kost á því að njóta þess sem þar er boðið upp á, sum vegna bágrar efnahagslegrar stöðu foreldranna önnur vegna sinnuleysis þeirra. Þetta er líka spurning um val eins og móðir þríburanna sagði í búningsherberginu í ballettskólanum forðum.

Á vorsýningunum hugsa ég ekki um vesenið í kringum skutlið, erfiðleikana við að vakna, æfingarnar heima eða peningana sem fóru í þetta. Ég sé hamingjusöm börn sem hafa fengið fleiri tækifæri til að þroskast og ég trúi því að það geri þau og okkur foreldrana að betri manneskjum.



Nintendo
Wii Fit™
GLEÐILEGT SUMAR !!!
ÚTGÁFUDAGUR Í DAG
Byltingarkennd tækni í heilsurækt!
• AUKIN ORKA • LIÐLEIKI • STYRKLEIKI • JAFNVÆGI
FYRIR ALLA – Taktu líkamsræktina heim!
EINFALT
ÞÆGILEGT
ÁRANGURSRÍKT
Kynnist þessari
stórkostlegu nýju tækni
af eigin raun
í verslunum okkar!
Wii
ORMSSON
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GLEÐILEGT SUMAR

## ALLAR VERSLANIR OPNAR Í DAG 10.00-19.30

## LAMBIÐ BREGST EKKI



50% AFSLÁTTUR

KS lambasvið frosin
199 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.



998

KS lamba-sirlonsneiðar
aðeins 998 kr./kg.



30% AFSLÁTTUR

KF einiberjakryddað lambalæri
1399kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.
Mest selda lambalærið í Bónus.



2498

KS ferskt lambafillet ókryddað
aðeins 2498 kr./kg.



98

Fanta 2 ltr.
98 kr./kg.



498

Nautaat ungnautahamborgar
4 stk m/brauði 498 kr. pakkinn



998

NF laxabitar beinlausir m/roði
998 kr./kg.



477

KF heimilispylsur
477kr./kg. MERKT VERÐ 635 KR./KG.



299

KF sveitabjúgu aðeins
299 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.



Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GLEÐILEGT SUMAR

ALLAR VERSLANIR OPNAR Í DAG 10.00-19.00



## Ali ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT






40% AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

Ali fersk svínarif kjötmikil
769kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

Ali ferskur svínahnakki í sneiðum
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.



498

Ali ferskur svínabógur
498kr./kg.

198

2 ltr. Pepsi Max
og 150g snakkpoki
**198 kr.**



40% AFSLÁTTUR

Bónus ferskur heill kryddaður kjúlingur
539 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR./KG.




198

Bónus ís 2 ltr. 198 kr.




198

Bónus fetaostur 250g í gleri
198kr./kg.




498

Bónus íspinnakassi
24 stk. 498kr./kg.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

# Til Evrópu á íslenskum forsendum



Eftir Kristin H. Gunnarsson

Tekist hefur að lyfta grettistaki í framþróun íslensks þjóðfélags á þeim liðlega 90 árum sem liðin eru síðan við höfum þá vegferð að efla sjálfstæði þjóðarinnar og taka í eigin hendur stjórn mála hér á landi. Þá var landið meðal þeirra fátækustu og vanþróuðustu í Evrópu en nú eru lífskjör landsmanna meðal þeirra allra bestu í heiminum. Þessar stórstígu framfarir, sem eiga ekki margar hliðstæður, eru engin tilviljun og komu ekki af sjálfu sér heldur urðu vegna þess að við gættum sjálf okkar eigin hagsmuna.

Það er löng reynsla af því að aðrir gæta sinna hagsmuna betur en okkar og því ber að varast að koma okkur í þá stöðu á nýjan leik. Á alþjóðlegum tímum er samstarf við aðrar þjóðir bæði skynsamlegt og óhjákvæmilegt en það verður ætíð að grundvallast af okkar eigin þörfum.

Frjálslyndi flokkurinn hefur í samþykktum sínum lagt áherslu á að Ísland tengist Evrópu sífellt meira ekki síst eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið varð til og síðan með stækkun þess í kjölfar nýrra ríkja í Evrópusambandinu. Í stjórnmálayfirlýsingu síðasta landsþings er til dæmis tekið fram að flokkurinn telji aðild að Evrópska efnahagssvæðinu vera eitt af mikilvægustu atriðum í utanríkismálum Íslendinga. Þessi eindregni stuðningur við EES-samninginn segir auðvitað sína sögu um þann ávinning sem talinn er vera af samstarfinu við Evrópusambandsríkin.



**Forræði yfir auðlindum**

Þegar spurt er hvort stíga eigi skrefið til fulls og ganga inn í Evrópusambandið er svarið skýrt. Flokkurinn hefur allan vara á um hugsanlega aðild og aðild kemur ekki til greina við núverandi reglur þess í sjávarútvegsmálum. Í þessi felst ekki ófrávíkjanleg andstaða um inngöngu heldur eru settar þær skorður að Íslendingar fari sjálfir með forræði fiskistofnana og fiskveiðilögsögunnar og annarra sameiginlegra auðlinda landsins, svo sem vatns, vatnsorku og gufuafls.

Evrópusambandið hefur til þessa gert kröfu um að yfirtaka alla stjórn fiskveiðiauðlindarinnar og sambandið myndi taka ákvörðun um leyfilegan hámarksafla úr einstökum fiskistofnum, öllum aðildarríkjum yrðu heimilaðar veiðar inn að 12 mílna landhelgi og ESB myndi fara með samninga við önnur ríki. Að auki yrðum við að falla frá núverandi lögum um takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi.

Þessi staða er algerlega óásættanleg fyrir íslenska hagsmuni. Stjórnun fiskistofnana og annarra mikilvægra auðlinda verður að vera í okkar höndum og nýting þeirra verður að vera til þess að efla innlenda atvinnu og hagsæld íbúanna. Ef gengið yrði að kröfum ESB með inngöngu í sambandið er of mikil hætta á því að innlendum hagsmunum verði vikið til hliðar. Þá áhættu eigum við aldrei að taka. Í þessu máli gildir að ekki verður samið eftir á.

**EES gefur helstu kostina**

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið færir okkur helstu kosti Evrópusambandsins. Sameiginlegur vinnumarkaður er vissulega mikils virði fyrir Íslendinga, tryggir þeim tækifæri erlendis og ekki síður tryggir samningurinn innlendum fyrirtækjum aðgang að vinnuafli, sem verður vaxandi skortur á á komandi árum.

Aðrir helstu kostir Evrópusambandsins eru samræmt regluverk fyrir viðskiptalífið og fyrirhafnarlítill aðgangur að margvíslegri vandaðri löggjöf á ótalmörgum sviðum. Aðild myndi hins vegar fylgja sá annmarki að ákvarðanataka flyttist úr landi og að yfirþjóðlegt vald myndi í vaxandi mæli ráða málum til lykta á sviðum löggjafar, dómstóla og framkvæmdavalds. Það er ekki tímabært að huga að umsókn um aðild að Evrópusambandinu og verkefnið fram undan er að stjórnmálaflokkarnir geri grein fyrir samningsmarkmiðum sínum og skilyrðum fyrir umsókn. Þegar það liggur fyrir getur almenningur metið hvort hagsmuna lands og þjóðar er vel gætt til lengri tíma litið.

Sæmileg sátt þarf að vera um forsendurnar hér innanlands áður en tímabært er að stíga næstu skref og án slíkrar sáttar er engin von um að nokkuð verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*

**EVRÓPUSAMBANDIÐ – Hvað er til ráða?**

1. Hverjir eru helstu kostir við Evrópusambandsaðild?
2. Hverjir eru helstu gallar við Evrópusambandsaðild?
3. Hvað er til ráða?
   - **3.1.** Á að hafna aðild umsvifalaust?
   - **3.2.** Á að bíða og sjá til?
   - **3.3.** Á að sækja um aðild umsvifalaust?
   - **3.4.** Á að gera efnahagslegar og stjórnskipulegar ráðstafanir með það að markmiði að taka ákvörðun af eða á um aðildarumsókn eftir tiltekinn tíma, til dæmis innan þriggja ára?

# Nóg af svo góðu

**UMRÆÐAN**
Jón Gunnarsson skrifar um landbúnað

Miklar breytingar hafa átt sér stað í atvinnu- og byggðamálum okkar á undanförnum árum. Samhliða aukinni hagræðingu í grunnatvinnugreinunum hefur störfum fækkað og margar smærri byggðir á landsbyggðinni eiga erfitt með að bregðast við með því að skapa ný atvinnutækifæri. Margir kenna kvótakerfum í landbúnaði og sjávarútvegi um þessa þróun. Við nánari athugun sést að málið er ekki svo einfalt. Tæknivæðingin ein og sér stuðlar að minni mannaflaþörf auk þess að bæta afkomu greinanna og tryggja samkeppnishæfni.

Ljóst er að við þessum aðstæðum þarf engu síður að bregðast. Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í greininni og afkoma margra fjölskyldna er í húfi. Það er því við því að búast að umræðan verði tilfinningaþrungin. Mikilvægt er hins vegar að umræða um framtíð byggða og atvinnuþróun sé málefnaleg.

Spurningin er; hvernig byggð viljum við sjá þróast í landinu? Viljum við leggja áherslu á borgarasamfélag þar sem byggðaþróun undanfarinna ára heldur áfram með tilheyrandi afleiðingum fyrir smærri samfélögin, eða viljum við stuðla að því að byggðirnar blómstri sem víðast? Ég tel síðari kostinn mun vænlegri. Á þeirri forsendu tel ég bráðnauðsynlegt að sátt náist um nýtingu náttúruauðlinda til að byggja víðar upp öflugt atvinnulíf á landsbyggðinni og bregðast þannig við þeirri byggðaröskun sem ella er yfirvofandi. Í því samhengi er mikilvægt að forgangsraða verkefnum með þeim hætti að fyrst sé litið til þeirra svæða sem verr standa. Forgangsröðun í þessu samhengi myndi t.d. birtast í því að leggja áherslu á álver við Bakka á Húsavík áður en ráðist verður í framkvæmdir við Helguvík. Stjórnvöld verða að sýna í verki að hugur fylgi máli þegar rætt er um atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Ummæli umhverfisráðherra á stofnfundi Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða og í umræðu um stóriðjumál er ekki hægt að skilja með öðrum hætti en að hún vilji gera allt sem í hennar valdi stendur til að stöðva atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Þessi skilaboð ráðherrans hljóta að vera landsbyggðinni mikið umhugsunarefni.



JÓN GUNNARSSON

Stuðningur við landbúnað er mikilvægt byggða- og öryggismál. Nýtt frumvarp um innleiðingu á matvælalöggjöf Evrópusambandsins hefur sætt gagnrýni. Það er eðlilegt miðað við erfiða stöðu landbúnaðarins nú um stundir. Afkoma í hefðbundnum landbúnaði hefur almennt verið slök á undanförnum árum og nú bætist við hækkandi verð á aðföngum og fyrirsjáanleg aukin samkeppni við innflutt matvæli. Þessi löggjöf hefur verið fyrirséð, en við setningu hennar verðum við að gæta okkar að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er í tengslum við skuldbindingar okkar í Evrópusamvinnunni og gæta þarf að stöðu og hagsmunum þeirra sem í greininni starfa hér á landi.

Flest erum við sammála um að stefna skuli að lækkun gjalda af innfluttum matvælum og öðrum neysluvörum heimilanna. Ákvarðanir um slíkt verður hins vegar að taka að vel yfirveguðu ráði og skoða hvaða aðgerðir koma okkur öllum best til lengri tíma litið. Ekki einungis neytendum til skamms tíma. Ótímabær ummæli á borð við yfirlýsingu utanríkisráðherra um niðurfellingu gjalda af hvítu kjöti voru óheppileg og til þess fallin að auka á áhyggjur þeirra sem við alvarlegustu vandamálin búa. Það er munur á framleiðslu hefðbundinna landbúnaðarafurða og á svokölluðu hvítu kjöti. Líklegt er að hvíta kjötið verði fyrst fyrir aukinni samkeppni erlendis frá með tilheyrandi áhrifum. Við verðum að laga samkeppnisstöðu greinanna eins og frekast er unnt og gefa þeim aðlögunartíma til að mæta samkeppninni. Yfirlýsingar um ótímabærar aðgerðir eða aðgerðaleysi eru eitthvað sem við þurfum ekki á að halda nú. Það er nóg komið af svo góðu.

*Höfundur er alþingismaður.*




# Sumarstemning í Vatnsmýrinni

Obukano, saxófónn og ljóðlist í Norræna húsinu 25.-27. apríl

Fös. 25. apríl kl. 21:00
DUO RESONANTE
Dansk-hollenskt tvíeyki leikur blöndu af sígildri alþýðutónlist, djassi og þjóðlegri tónlist á Obukano, tréflautu og saxófón. Tónlist þeirra félaga er erfitt er að flokka, hana verður að upplifa. Aðgangseyrir 1500 / 750

Lau. 26. apríl kl. 16:00
TRANSTRÖMER OG LIZST
Ljóðadagskrá um **Thomas Tranströmer**, eitt þekktasta núlifandi ljóðskáld Svía. **Leif Olsson** kynnir og flytur við tónlist eftir **Franz Liszt**, við undirleik **Lars Hägglund og Björn J:son Lindh**. Aðgangseyrir 1500 / 750

Sun. 27. apríl kl. 15:15
15:15 TÓNLEIKAR
Mið-evrópsk saxófóntónlist. **Guido Bäumer** saxófónn og **Aldadár Rácz** píanó. Á efnisskránni eru verk eftir **Hans Gal, Erwin Schulhoff, Paul Hindemith og Werner Heider.** Aðgangseyrir 1500 / 750

**Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17.**
**Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.**

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is nh@nordice.is sími: 551 7030

NORRÆNA HÚSIÐ

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





279.900

FRNU20DFBI

Tvöfaldir ísskápar

179 cm hæð x 90 cm breidd



TILBOÐSVERÐ

69.900

RK6385E

Gorenje ísskápur

185 cm hæð x 60 cm breidd



149.900

GRQ459BSZA

LG ísskápur

200 cm hæð x 60 cm breidd



VERÐ FRÁ

35.900

FEA0714W

Nardi ofn



VERÐ FRÁ

49.900

3VET132X

Edesa keramik helluborð

# MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMILISTÆKJUM



44.900

L-1036

Edesa þvottavél

6kg

1000 snúninga



49.900

1LE-21S

Edesa uppþvottavél

12 manna

5 kerfi



VERÐ FRÁ

35.672

CB15N1

Fagor hitakútur

15 lítra



Pottar

Mikið úrval af pottum og pottasettum



7.990

962010116

Pizza ofn



9.900

965010155

Djúpsteikingarpottur



12.990

962010214

Mínútugrill



5.990

963010230

Brauðrist

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lífið er gott LG

# Gleðilegan dag umhverfisins

**UMRÆÐAN**

Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar um umhverfismál



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Dagur umhverfisins er í dag haldinn hátíðlegur í tíunda sinn. Að þessu sinni er dagurinn tileinkaður vistvænum lífsstíl. Mörgum þykir sem þeir standi frammi fyrir ókleifum hamri þegar þeir velta því fyrir sér hvort og þá hvernig þeir geti orðið umhverfisvænni í sínu daglega amstri. Þá er gott að hafa í huga að enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað. Ef við leggjumst öll á eitt geta litlar breytingar hjá mörgum haft mikil áhrif á lífsgæði okkar allra. Umhverfisvernd er samfélagsverkefni, daglegt verkefni þar sem enginn er undanskilinn og allir þurfa að taka þátt: einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki, félagasamtök og stjórnvöld. Það er í okkar höndum, hvers og eins, að breyta rétt gagnvart umhverfinu – að sjá til þess að líf okkar og neysla stuðli að minni mengun og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

### Fræðsla vekur áhuga

Það er í verkahring stjórnvalda að vekja fólk til umhugsunar og veita því gagnleg ráð um það hvernig við getum fetað okkur í átt til vistvænni lífsstíls. Í þessu ljósi býður umhverfisráðuneytið, í samstarfi við Úrvinnslusjóð og Sorpu, til sýningarinnar Vistvænn lífsstíll í Perlunni á morgun. Þar gefst fólki tækifæri til að kynna sér vistvænar vörur og þjónustu. Það er óskandi að áhugi neytenda á að skipta við vistvæn fyrirtæki aukist og að þeir láti sig í auknum mæli umhverfissjónarmið varða í innkaupum og daglegu lífi. Með því að huga að umhverfissjónarmiðum í innkaupum og neyslu hvetja neytendur fyrirtæki til að gefa slíkum sjónarmiðum meiri gaum og til að leggja sín lóð á vogarskálar betra umhverfis. Einnig hefur umhverfisráðuneytið endurútgefið fræðsluritið Skref fyrir skref í samvinnu við Landvernd. Ritinu er ætlað að hvetja fólk til dáða og auðvelda því að tileinka sér breytta og betri lífshætti.

Nú er hafið átak hjá Umhverfisstofnun við að efla starfsemi Svansins hér á landi. Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og það á að auðvelda neytendum að velja gæðavörur sem eru vistvænni en sambærilegar vörur á markaði. Markmið átaks Umhverfisstofnunar er að Svanurinn öðlist þær vinsældir sem hann á skilið. Unnið verður að því að auka hlutfall Svansmerktrar vöru og þjónustu á markaði og að efla áhuga almennings og fyrirtækja á Svaninum og öðrum umhverfismerkingum.

### Sveitarfélög vinna gott verk

Mörg sveitarfélög hafa lagt sig fram um að auðvelda almenningi að stunda vistvænan lífsstíl. Bæjaryfirvöld í Stykkishólmi hafa til að mynda gert samkomulag við þjónustufyrirtæki um flokkun sorps og moltugerð úr lífrænum úrgangi fyrir öll heimili í bænum. Stykkishólmur er fyrsta sveitarfélagið á landinu sem býður upp á slíka þjónustu. Markmið verkefnisins er að minnka umfang almenns sorps sem fer til urðunar að minnsta kosti um 60%. Úr Reykjavík hafa líka borist jákvæðar fréttir en í fyrra mældist minna magn af óflokkuðu heimilissorpi í tunnum borgarbúa en árið á undan. Fram að því hafði magnið aukist ár frá ári. Þetta bendir til þess að borgarbúar séu duglegri að skila sorpi í endurvinnslustöðvar og í grenndargáma en áður og að vinsældir endurvinnslutunna séu að aukast. Verkefnið Frítt í strætó fyrir námsmenn er annað dæmi um góðan árangur sveitarfélaga. Vegna þess hefur farþegum Strætó fjölgað um u.þ.b. eina milljón. Allt þetta eykur bjartsýni okkar sem störfum á vettvangi umhverfismála um að verulegum árangri megi ná með réttum aðgerðum.

### Fordæmi stjórnvalda

Það er ekki einungis skylda stjórnvalda að fræða og hvetja almenning til góðra verka í þágu umhverfsins. Stjórnvöld verða líka að sýna gott fordæmi. Nú er unnið að stefnu um vistvæn innkaup ríkisins. Með slíkri stefnu eru gefin skýr skilaboð um að ríkið vilji vera leiðandi í því að efla vistvæn innkaup á Íslandi, enda kaupir ríkið vörur og þjónustu fyrir um 90 milljarða króna á ári. Það er því ljóst að áhrifamáttur opinberra innkaupa er mikill. Með því að setja skýrar kröfur um umhverfissjónarmið í opinberum innkaupum er hvatt til nýsköpunar og virkrar samkeppni um vistvænar vörur og þjónustu á markaði. Um leið er stuðlað að því að draga verulega úr umhverfisáhrifum innkaupa og neyslu í opinberri starfsemi og samfélaginu öllu.

Dagur umhverfisins gefur okkur tækifæri til að staldra við, meta árangurinn af starfi okkar á sviði umhverfismála og brýna okkur áfram til góðra verka. Við höfum stigið mörg skrefin til góðs – en betur má ef duga skal. Til hamingju með dag umhverfisins!

*Höfundur er umhverfisráðherra.*

# Óperan í Kópavogi

**UMRÆÐAN**

Helgi Helgason skrifar um bæjarmál í Kópavogi



HELGI HELGASON

Í aðdraganda umræðunnar um óperuhús í Kópavogi sögðu fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að ein af þeim staðsetningum sem til greina kæmu fyrir óperuhús væri við Borgarholtsbraut. Mörgum fannst sú staðsetning fráleit. Við í Frjálslynda flokknum í Kópavogi höfum áður viðrað þær skoðanir okkar að okkur finnist umhverfis- og skipulagsstefna bæjaryfirvalda vera á rangri braut.

Þegar menn eru farnir að þétta byggð svo óhóflega að til vandræða horfir í umferðarmálum eru menn ekki á réttri leið. Það er einmitt það sem er að gerast ef óperuhúsi verður valinn staður við Borgarholtsbraut. Nóg er umferðin fyrir. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að það er ekki sjáanlegt að hægt sé að breikka þær götur sem liggja að húsinu verði það staðsett þarna. Og hvers eiga íbúarnir að gjalda? Kópavogsbúar sáu glögglega hvers konar ástand myndaðist þegar Nýbýlavegi var lokað vegna framkvæmda fyrir ekki löngu. Svar bæjarstjórnar hefur verið ákaflega nýstárlegt. Þeir leysa málið með því að byggja fleiri bílastæðishús! Þetta svæði er í dag fallegt grænt svæði sem fólk virðist nota og njóta. Þar má oft sjá fólk að leik t.d. eldri borgara að pútta.

Á þessu svæði er nú þegar orðið hæfilega þéttbýlt. Við eigum enn eftir að sjá afleiðingar þess að meirihluti bæjarstjórnar hefur með klækjum eða offorsi holað niður byggð á svæðum þarna í kring sem áður voru græn s.s. í Fossvogsdal og á Kópavogstúni. Þeir hafa og eyðilagt náttúrulega strandlengju Kársnessins með uppfyllingum og hyggjast enn bæta þar í byggingum.

Það hlýtur að vera hægt að finna aðra staðsetningu fyrir þetta hús. Ég get að minnsta kosti ekki með neinu móti fallist á að til greina komi að reisa húsið á þessum stað.

*Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi.*

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur 2008**

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Borgartúni 29, Reykjavík á 4. hæð, 8. maí 2008 og hefst kl. 16.30.

**Dagskrá fundarins er**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 21. 04. 2008

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

# *Ný kynslóð jarðgufuvirkjana*

**UMRÆÐAN**

Eiríkur Hjálmarsson og Jakob Sigurður Friðriksson skrifa um orkumál



EIRÍKUR HJÁLMARSSON



JAKOB SIGURÐUR FRIÐRIKSSON

Við gamla áningarstaðinn á alfaraleiðinni um Hellisheiði er verið að byggja jarðvarmavirkjun sem sver sig í ætt við systur sínar í Svartsengi og á Nesjavöllum. Hún er stór, hún er áberandi í umhverfi sínu og hún er mjög hagkvæm.

Á síðustu árum hefur raunverð á rafmagni til viðskiptavina Orkuveitu Reykjavíkur lækkað um þriðjung og hitaveitureikningurinn um fjórðung. Hellisheiðarvirkjun á að tryggja hagstætt orkuverð til næstu áratuga.

Nú hafa verið á teikniborðinu um hríð tvær nýjar gufuaflsstöðvar á Hellisheiðinni, Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun. Bitruvirkjun liggur nær verðmætum útvistarsvæðum og skiptir því höfuðmáli að til hennar sé vandað þannig að sem traustastur vörður sé staðinn um þau verðmæti sem útivistarsvæðin eru. Það er vandasamt og því hefur Orkuveitan haft forgöngu um að kalla til skrafs og ráðagerða ekki eingöngu lögformlega umsagnaraðila heldur ekki síður ferðafólk, fyrirtæki í ferðaþjónustu og umhverfisverndarsamtök.

### Mikilvægi samráðsins

Orkuveita Reykjavíkur hefur ætíð litið svo á að markvisst umhverfismat framkvæmda sé til þess að bæta framkvæmdina. Umhverfismatið leiði í ljós áhrif á umhverfi og samfélag og sé á engan hátt stefnt gegn framkvæmdinni. Án þess að samráðs- og umsagnaraðilar vegna Bitruvirkjunar séu með nokkrum hætti gerðir ábyrgir fyrir áformum Orkuveitunnar er rétt að halda til haga og þakka þeirra umsagnir, ábendingar og athugasemdir. Þær hafa leitt til þvílíkra breytinga á hönnun og skipulagi Bitruvirkjunar að rétt er að tala um að Bitruvirkjun sé hin fyrsta af nýrri kynslóð jarðgufuvirkjana.

Frá því fyrstu áform um Bitruvirkjun voru kunngerð hafa þau tekið þessum breytingum:

- Framkvæmdasvæðið hefur minnkað úr 675 hekturum í 285, eða um u.þ.b. tvo þriðju.
- Framkvæmdasvæðið hefur verið fært lengra frá hinum stórbrotnu hverasvæðum á Ölkelduhálsinum.
- 60% af gufulögnum verða neðanjarðar, 30% gerðar torsýnilegar frá algengustu gönguleiðum með mönum og einungis einn tíundi hluti gufulagnanna verður með þeim hætti sem við þekkjum frá eldri virkjunum.
- 99% af brennisteinsvetni frá virkjuninni verður fargað og hveralykt frá henni verður því hverfandi.
- Húsbyggingar verða staðsettar þannig að hæðir og ásar í landslagi eru nýtt til að gera mannvirkin torsýnileg frá gönguleiðum.
- Hönnun gufuháfa og annarra mannvirkja er háttað þannig að gufustrókar verða minni og gisnari.
- Fleiri borholur verða á hverjum borteig þannig að yfirborðsraski er haldið í lágmarki og þeir aðlagaðir landslagi við lok framkvæmda.
- Rafmagn frá virkjuninni verður lagt í jarðstreng að núverandi línum á Hellisheiðinni.

### Sambúðin við jarðhitann

Gamlir annálar lýsa því viðhorfi til jarðhita hér á landi að hann sé skaðvaldur. Það fylgi honum ekki bara hamfarir heldur fargist fé og jafnvel fólk í hverum og heitum pyttum. Hefði aldamótakynslóðin síðasta stuðst alfarið við afstöðu forfeðra okkar til jarðfræðilegra eiginleika Íslands værum við ekki sú fyrirmynd annarra þjóða í orkumálum, sem við erum, með um 80% orkuöflunar endurnýjanlega.

Í jarðhitanum búa hættur og líka tækifæri. Hætturnar þekkjum við af aldalangri sambúð við reginöfl eldgosa og jarðskjálfta. Tækifærin eru a.m.k. af tvennum toga. Gríðarleg endurnýjanleg orka býr í jarðhitasvæðunum og flest þeirra eru líka undursamleg smíð af náttúrunnar hendi. Við viljum njóta beggja þessara kosta.

Orkuveita Reykjavíkur hefur lagt mikið af mörkum til þess að Hengilssvæðið er kjörlendi útivistarfólks. Um 100 km göngustíga hafa verið stikaðir og þeim viðhaldið, gönguleiðarkort hefur verið gefið út, fræðsla stendur gestum og gangandi til boða í tveimur virkjunum og almenningi er boðið í reglubundnar fræðsluferðir um þetta magnaða svæði. Þrjátíu ára reynsla af Hengilssvæðinu segir að hægt sé í senn að virkja jarðhitasvæði og nýta það til útivistar og annarrar ferðamennsku.

### Nýjar áskoranir

Jarðhitavirkni fylgja fagrar jarðmyndanir og Ölkelduhálsinn og næsta umhverfi hans eru þar enginn eftirbátur. Það þekktu það því miður ekki margir þegar háspennulína frá Búrfelli var lögð þvert yfir svæðið um miðjan síðasta áratug, en landverndarsamtök létu vel af sér vita í umræðunni um línustæðið. Það dregur ekki úr kröfunni um vandvirkni, tillitssemi og varúð þegar uppi eru áform um frekari framkvæmdir.

*Höfundar eru starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur.*



ÖLKELDUHÁLS




4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Tom Yum súpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Kryddlegin dádýralund** með seljurótarsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

**6.290 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.680 kr.*



PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Sara hefur gaman af því að elda og heldur oft matarboð. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Tilvalið til hátíðarbrigða

***Sara Karlsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Margt smátt, er sögð mikill matreiðslumeistari af vinum og vandamönnum.***

Uppáhaldsréttur Söru er humarpasta sem hún notar til hátíðarbrigða enda humarinn guðdómlegur á bragðið. „Ég er mjög mikið fyrir eldamennsku og held matarboð heima reglulega. Yfirleitt reyni ég að búa til mína eigin rétti eftir mínu höfði en ég fæ líka oft hugmyndir úr uppskriftabókum,“ segir Sara.

Í humarpastaréttinn notar Sara fjögur hundruð grömm af humarhölum, pakka af tagliatelle-pasta, lítinn rjómaost, hálfan piparost, þrjú hvítlauksrif, einn pela af rjóma, einn lauk, sveppi eftir smekk og einn desilítra af hvítvíni. Aðferðin er þannig að humarinn er þrifinn og skelin og garnirnar teknar úr. Laukurinn er skorinn í litla bita og sveppirnir í þunnar sneiðar. Síðan er smjörlíkisklípa brædd á pönnu með tveimur hvítlauksrifjum og humarinn snöggsteiktur. Þegar humarinn er tilbúinn er hann settur í skál og svo laukurinn og sveppirnir og aukarifið snöggsteikt á pönnunni. Þegar það er orðið mjúkt er rjómanum skellt á pönnuna, ásamt rjómaostinum og piparostinum í bitum.

Öllu er hrært saman og látið bráðna og síðan má skella humarnum í sósuna. Ef sósan er þunn er fínt að setja smá maizena-mjöl í hana og hræra vel. Pastað er soðið samkvæmt leiðbeiningum og þetta svo allt borið fram með hvítlauksbrauði og hvítvíni.

*mikael@frettabladid.is*





**Heilsuréttir Nings**

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali.
61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristuðum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti.
62. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti.
nýtt! 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
nýtt! 64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
66. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti.
68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
nýtt! 69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

**NINGS**

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



**Rjómatertur** er gott að baka daginn áður en setja rjómann ofan á þær samdægurs. Skreytið með berjum eða appelsínum og berið fram með rjúkandi kakói.



Fjörugir Feðgar
spila á Ránni
föstudag & laugardag
RÁIN
Hafnargata 19
Reykjanesbæ
Sími 421 4601
www.rain.is
rain@rain.is

Við erum í svo miklu vorskapi að við ætlum að ljóstra upp leyndarmálinu okkar bakvið Eika Feita-borgarann!
UPPSKRIFTIN
McCain
Setjið 40 mg af ... og ... ómótstæðilegt.



EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is
EF UPPSKRIFTIN HEPPNADIST EKKI HJÁ ÞÉR ÞÁ ERTU ALLTAF VELKOMIN TIL OKKAR!



hættu að gráta...
saxaður og skorinn laukur
í alla matargerð
Hver kannast ekki við sviða og óþægindi í augum þegar laukur er skorinn eða saxaður. Frábær nýjung frá Hollt og Gott, tilbúinn laukur í allan mat. Bæði laukur og rauðlaukur.
Njóttu þess að borða lauk ógrátandi...!
Hollt & Gott
í næstu verslun



512 50 50
Auglýsingasími
Mest lesið



Grillað lambalæri og bakaðar kartöflur eru sannkallaður herramannsmatur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Læri sem hittir í mark

***Fátt jafnast á við grillað lambalæri og bakaðar kartöflur. Það veit Stefán Halldórsson, sem á heiðurinn að kryddinu Bezt á lambið.***

Stefán veit upp á hár hvernig á að matreiða ekta íslenskt lambalæri. Hann er mikill höfðingi og ákvað að deila staðgóðum hádegisverði með gömlum vinnufélögum sínum í slökkviliðinu en hann vann sem slökkviliðsmaður í 23 ár.

Stefán rak verslunina Skerjaver ásamt konu sinni Hjördísi Andrésdóttur um nokkurra ára skeið en hefur nú alfarið snúið sér að kryddframleiðslu og framleiðir kryddin Bezt á lambið, Bezt á kjúklinginn, Bezt á kalkúninn og Bezt á fiskinn.

Hann segir matreiðslu lærisins vera sára einfalda. „Ég set það í poka ásamt Bezt á lambið kryddinu yfir nótt en í kryddblöndunni er meðal annars steinselja, basilika, mynta, rósmarín, oreganó og ýmislegt fleira. Síðan er það grillað eftir smekk en ég læt rúman klukkutíma yfirleitt duga því ég vil hafa kjötið rautt og fallegt.“ Með því hef ég bakaðar kartöflur, gular baunir, sykursoðnar gulrætur og sveppasósu.“



Stefán Halldórsson bauð gömlu vinnufélögum sínum hjá slökkviliðinu upp á staðgóðan hádegisverð sem hitti beint í mark.

Máltíðin hitti í mark og voru vinnufélagarnir fyrrverandi hæstánægðir. „Ég var með mat fyrir tíu manns og sósu fyrir fimmtán. Þeir voru sex að snæðingi og kláruðu hverja einustu örðu. Sem betur fer var ekki útkall næstu tvo tímana því þeir hefðu varla getað staðið upp,“ segir Stefán og hlær.

*vera@frettabladid.is*

BIONA



Vörur úr lífrænni ræktun er ávísun á betri heilsu og bragð!

Heilsa býður upp á fjölbreytt úrval af lífrænt ræktaðri matvöru frá BIONA, einum virtasta framleiðanda á sínu sviði. BIONA er fyrir kröfuharða neytendur sem vilja hágæða vottaðar matvörur sem fullnægja ströngustu kröfum um umhverfisvæna- og lífræna ræktun án skordýraeiturs, tilbúins áburðar og erfðabreyttra matvæla. BIONA hentar öllum sem kjósa hollustu og heilnæmt fæði.

*BIONA vörurnar fást í Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Akureyri, Fjarðarkaupum, Nóatúni, Krónunni, Samkaup/Úrval, Blómaval, Maður Lifandi, og Melabúðinni.*

heilsa
–hafðu það gott

**Poppkorn** gos og nammi er málið um helgina. Slepptu þér í óhollustunni og gerðu vel við þig í náttbuxum yfir góðri mynd.



# Jafnrétti með gjörningum

***Ungliðahreyfingarnar Ný-ung og Ung-blind verða með aðsetur í Hinu húsinu á morgun þar sem þær ætla að vekja athygli á málefnum fatlaðra.***



Andri Valgeirsson er formaður Ný-ungar FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ýmislegt verður í boði fyrir gesti og gangandi og með hinum ýmsu uppákomum vilja samtökin Ný-ung og Ungblind vekja athygli á málstað sínum og leggja sitt af mörkunum til að auka fjölbreytnina í samfélaginu. Meðal þess sem verður í boði er ljósmyndasýning Höskuldar Þórs Höskuldssonar, meðlims Ný-ungar og svo ætla nokkrir Ný-ungar-menn að ganga um götur miðbæjarins og afófatla fólk. „Með þessu ætlum við að vekja athygli á því að öryrkjar eru orðnir þreyttir á því að vera minnihlutinn í þjóðfélaginu og í leiðinni að berjast gegn fordómum gagnvart örykjum og öðrum minnihlutahópum,“ útskýrir Andri Valgeirsson, formaður Ný-ungar.

Ný-ung er ungliðahreyfing Sjálfsbjargar, félags fatlaðra, og eru meðlimir á aldrinum 18-30 ára. „Við berjumst fyrir jafnrétti og réttlæti í þjóðfélaginu fyrir öryrkja og hreyfihamlaða en við reynum að gera það á skemmtilegan hátt, með gjörningum og ljósmyndasýningum svo dæmi séu nefnd,“ segir Andri.

Ungblind er vettvangur ungs fólks í Blindrafélaginu til að miðla reynslu sinni, ræða saman og skemmta sér. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem samtökin Ungblind skipuleggja viðburði. Samtökin hafa áður verið með skautaferðir og sjóstangaveiði, staðið fyrir blindu kaffihúsi þar sem sem gestir sátu í myrkri og þeim þjónað af blindum. Ungblind tekur einnig þátt í norrænu og evrópsku samstarfi og alls kyns ungmennaskiptum, sem dæmi um það þá fer unga fólkið í norrænar sumarbúðir á hverju ári, en þær eru haldnar til skiptis á Norðurlöndunum. Það sem er í gangi hjá Ungblind í dag er lifandi bókasafn. Þar gefst almenningi kostur á því að fletta upp í lifandi bókum um hina ýmsu minnihlutahópa.

Ný-ung er heldur ekki að skipuleggja sinn fyrsta viðburð. Götuhernaður, www.oryrki.is, er hópur ungmenna á aldrinum 18-23 sem haldið hefur úti heimasíðu þar sem félagar vilja vekja athygli á málstað sínum og reyna að bæta ímynd fatlaðra. „Við tökum aðallega íslenskar auglýsingar fyrir og breytum þeim þannig að við notum hreyfihamlað fólk í stað ófatlaðra. Við erum einnig með tónlistarmyndbönd, leikið efni, fréttir og boli til sölu,“ segir Andri. „Við snúum gildum samfélagins á haus og gerum hreyfihamlaða að fyrirmyndunum.“ Götuhernaðurinn er þó ekki hluti af Ný-ung, heldur frekar dótturfélag þess.

Uppákomurnar á morgun hjá Ungblind og Ný-ung eru ekki bein samstarfsverkefni; félagarnir þekkjast vel innbyrðis og þegar tækifæri gefst hafa þeir nýtt sér sameiginlegan vettvang fyrir málstað sinn. Opið verður í Hinu húsinu á milli klukkan eitt og fjögur.

List án landamæra heldur einnig úti bloggi og þeim sem hafa áhuga á að fræðast meira um þessi málefni er bent á að kíkja á www.listanlandamaera.blog.is

*klara@frettabladid.is*



Fjöldi ungmenna keppir í Hlíðarfjalli um helgina.

# Andrés á Akureyri

***Fjöldi ungs og efnilegs skíðafólks er nú í Hlíðarfjalli.***

Andrésar andar-leikarnir standa nú yfir í Hlíðarfjalli á Akureyri er og tilvalið fyrir þá sem hafa gaman af skíðaíþróttinni að líta þar við og fylgjast með unga fólkinu keppa. Á leikunum er keppt í svigi, stórsvigi og skíðagöngu og yngstu keppendurnir fara í gegnum skemmtilega leikjabraut, en keppendur eru á aldrinum 5-14 ára. Keppendur í ár eru 714 og þar af eru tíu frá Noregi.

- eö















# FÖSTUDAGUR

25. APRÍL 2008
FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona*



„Ég tók helgina út í fyrra fallinu en ég var að koma frá Búðum með manninum mínum og því ætla ég að taka helginni rólega og safna kröftum fyrir vinnuvikuna. Föstudaginn fer að mestu í æfinginar hjá mér fyrir söngleikinn Ást er diskó-lífið er pönk eftir Hallgrím Helgason en hann verður frumsýndur næsta fimmtudag í Þjóðleikhúsinu. Dóttir mannsins míns, Una verður hjá okkur um helgina og við eigum örugglega eftir að gera eitthvað skemmtilegt með henni. Síðan ætla ég að slappa af og hvíla mig og hver veit nema ég skelli mér í nudd.“

# Stílisera kvennablað

„Elín Arnar ritstjóri Vikunnar hafði samband við mig á dögunum og bað mig um að stílisera blaðið,“ segir Haffi Haff, „make-up artisti“ og stílisti, en sérstakt stílbragð Haffa er ólíkt fyrra útliti Vikunnar. „Ég hef þegar hafið störf og er búinn að stílisera mína fyrstu forsíðu en auk forsíðunnar mun ég sjá um annað sem tengist tísku og fegurð í blaðinu,“ segir Haffi en hann sér einnig um förðunina fyrir forsíðuna. „Ég mun leggja mikla áherslu á að hver forsíða nái að endurspegla persónuleika þess sem prýðir forsíðuna hverju sinni og er óhræddur við að fara ótroðnar slóðir,“ segir Haffi og hlakkar mikið til að takast á við þetta spennandi verkefni. „Ég hef þó ekki alveg sagt skilið við förðunarverslunina Mac og mun halda áfram að vinna þar meðfram nýja starfinu,“ segir Haffi að lokum. *bergthora@frettabladid.is*



Haffi Haff hlakkar til að setja sitt handbragð á tímaritið Vikuna.

## fréttir

### SNÆFRÍÐUR OG FERÐABAKTERÍAN

Ferðamálabakterían hefur heltekið blaðakonuna Snæfríði Ingadóttur sem eitt sinn ritstýrði flugblaði Iceland Express. Í haust byrjaði hún í leiðsöguskólanum og á vormánuðum mun bókin, 50 crazy things, koma út en bókin er ferðamannahandbók á ensku. Í bókinni er að finna fullt af góðum hugmyndum fyrir ferðamenn sem leita að hressilegri og eftirminnilegri upplifun af landi og þjóð og segir sagan að það sé ekki minnst einu orði á Gullfoss eða Geysi í bókinni. 50 crazy things er samstarfsverkefni Snæfríðar og Þorvaldar Kristmundssonar (ÞÖK) en þau gerðu matreiðslubókina Opið hús fyrir þremur árum.



### JÓI FEL KEYPTI KJÓL Á KONUNA

Stjörnubakarinn og vöðvabúntið, Jói Fel, kann ekki bara að búa til ljúffengar hnallþórur heldur kann hann að tríta konuna sína vel. Í vikunni sást til hans þar sem hann var að kaupa Donnu Karan-kjól handa frúnni versluninni Evu á Laugavegi. Ekki ónýtt að fá svona sumargjöf!



### NÝTT PAR

Fjölmiðlamaðurinn, Jón Axel Ólafsson, flýgur á vængjum ástarinnar þessa dagana eftir að hann krækti í sætu þuluna, Sigurlaugu Jónsdóttur. Parið hefur sést mikið saman að undanförnu og segja þeir sem til þekkja að þau passi mjög vel saman.

FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

*Fatahönnunarfélag Íslands heldur risastóra sölusýningu eins og tíðkast erlendis*

# Dreymir um íslenska tískuviku

Fatahönnunarfélag Íslands stendur fyrir sýningu í portinu í Hafnarhúsinu dagana 25. og 26. apríl undir nafninu „Showroom Reykjavík“.

Fyrirmyndin að sýningunni eru erlendar sölusýningar sem fataframleiðslufyrirtæki taka þátt í til að koma vöru sinni á markað. „Það hefur verið lengi í deiglunni að halda sýningu sem þessa en mikil samstaða hefur ríkt hjá íslenskum fatahönnuðum til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Sýningin er vonandi fyrsti vísirinn að Íslenskri tískuviku sem okkur dreymir um að halda,“ segir Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Íslands. Markmið sýningarinnar er að tengja íslenska fatahönnuði við almenning, fjölmiðla og innkaupafólk verslana. „Það er nauðsynlegt fyrir félagið að sýna hversu fjölbreytt flóra er í gangi og hversu góð íslensk fatahönnun er. Þetta er líka tækifæri fyrir almenning til að sjá stóran hluta starfandi hönnuða á Íslandi á einum stað,“ segir Gunnar en greinin sem slík hefur vaxið mjög hratt hér á Íslandi síðustu misseri og það eru æ fleiri íslensk fyrirtæki sem sækja í sig veðrið á erlendum mörkuðum með ári hverju. „Framtíð íslenskra fatahönnuða er björt og hönnunarlega séð eru þeir vel samkeppnishæfir á erlendri grund, það vantar þó enn hefð fyrir viðskiptahliðinni og reynslu þaðan,“ segir Gunnar og bætir því við að íslensku fyrirtækin sem fjárfesta í erlendum tískufyrirtækjum mættu vera duglegri að tengja innlenda og erlenda aðila saman.

Sýningin verður opnuð með móttöku í dag milli kl. 17 og 19. Sýningin verður einnig opin á morgun 26. apríl frá kl. 10 til 17.



Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Íslands, segir markmið sýningarinnar að tengja íslenska fatahönnun og almenning. Með honum á myndinni er Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir, eiginkona hans.

Þessir hönnuðir sýna í Hafnarhúsinu:
- Andersen & Lauth
- ásta créative clothes
- Cintamani
- ELM
- Farmers Market
- HANNA
- Hidden Goods
- ÍSTEX
- Sonja Bent
- EYGLÓ
- Lykkjufall
- Mundi Design
- FORYNJA
- Raxel
- Starkiller
- Steinunn
- Orginal.is
- ZO-ON
- 66° Norður



Steinunn Sigurðardóttir verðlaunahönnuður sýnir í Hafnarhúsinu.

## HÁRGREIÐSLUNEMINN KATRÍN ÓSK GUÐLAUGSDÓTTIR GERIR ÞAÐ GOTT

# Hreppti annað sætið

Ég tók þátt í undankeppni fyrir sjálfa keppnina í Iðnskólanum í Reykjavík en þar voru valdir þrír nemar til að fara út og keppa fyrir Íslands hönd,“ segir Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, fjórða árs nemi í hárgreiðslu, en hún gerði sér lítið fyrir á dögunum og lenti í öðru sæti í alþjóðlegu hárgreiðslukeppninni IAHS í flokknum fantasíugreiðslur. IAHS eru alþjóðleg samtök hárgreiðslufólks sem fara sífellt stækkandi en þetta er tíunda sinn sem þessi keppni er haldin. „Þar sem ég fékk svona kjörið tækifæri langaði mig til að vekja fólk til umhugsunar um hvað túlkun trúarbragða hefur oft verið konum fjandsamleg í gegnum tíðina og ákvað ég því að mitt þema skyldi tileinkað þeim málstað og vann ég þemað mitt út frá því,“ segir Katrín en hún samdi einnig ljóð sem dúkkan bar um hálsinn og vakti mikla athygli viðstaddra. „Ég var mjög ánægð með að fá silfrið fyrir greiðsluna vegna þess að þessi umræða sem þemað mitt vannst út frá hefur oft á tíðum verið mjög viðkvæm og eitthvað sem er ekki leyfilegt að ræða,“ bætir Katrín við. „Keppnin er haldin árlega en að þessu sinni fór hún fram í borginni Bury St. Edmunds á Englandi. Í ár voru þar fjörutíu keppendur alls staðar að úr heiminum, frá Norðurlöndunum, Ástralíu, Englandi og Írlandi og Kóreu, sem tóku þátt en keppt var í nokkrum flokkum,“ segir Katrín alsæl með keppnina sem hún segir að hafi verið mikill skóli. „Að ári liðnu verður keppnin haldin hér á Íslandi í annað skipti en ég fann fyrir miklum áhuga þar ytra fyrir Íslandi og verður örugglega metþátttaka í keppninni,“ segir Katrín að lokum. *bergthora@365.is*



Fantasíugreiðsla Katrínar lenti í öðru sæti keppninnar en hún vann verkefnið út frá andlegu ofbeldi á konum.



Katrín Ósk hárgreiðslunemi hefur verið á samningi hjá Toni&Guy í tæp fjögur ár.


HELGARTILBOÐ
25% AFSLÁTTUR
af parketi, flísum og innihurðum.
Parki
INTERIORS
Dalvegi 10 - 14 • sími 564 3500 • parki.is
Opið frá 10 - 16



# Bjöguð enska Lúdmílu

Nú fer að renna upp tími sumarfría og þá er ekkert betra en að lesa skemmtilegar bækur. Bjöguð enska Lúdmílu eftir DBC Pierre er ansi skemmtileg aflestrar. Hún fjallar um Blair og Bunny sem eru fyrstu síamstvíburar heimsins sem tekist hefur að aðskilja á fullorðinsárum, 33 ára að aldri. Á sama degi í hinu stríðshrjáða Kákasus verður hin fagra og kjaftfora Lúdmíla Derev fyrir því óláni að drepa afa sinn. Þegar desembermánuður rennur upp eiga þau öll þrjú ýmislegt merkilegt sameiginlegt. Þú mátt ekki missa af þessari!

*Íslenska húðflúrstofan slær í gegn*

# Fremstir á Norðurlöndunum

Við komum heim með töskurnar fullar af verðlaunagripum eftir þátttöku í einu virtara húðflúrmóti Norðurlanda,“ segir húðflúrarinn Jón Páll Halldórsson, annar eiganda Íslensku húðflúrstofunnar, en hann rekur stofuna ásamt Fjölni tattú og Búra. Þeir félagarnir gerðu sér lítið fyrir og skutu kollegum sínum ref fyrir rass og unnu til flestra verðlauna á hátíðinni. „Þarna voru fulltrúar frá 45 húðflúrstofum. Hver og ein stofa var með bás á sýningunni auk þess sem húðflúrarar gátu sent inn tillögu í keppnina án þess að vera með bás,“ segir Jón Páll en mótið er haldið árlega í Gautaborg og var vel sótt. Bás Íslensku húðflúrstofunnar vakti mikla athygli og var valinn best hannaði bás sýningarinnar en þeir hönnuðu sjálfir básinn. „Keppt var í níu flokkum á sýningunni en við lentum í fyrsta sæti í þremur og höfnuðum í öðru sæti í tveimur þeirra,“ segir Jón Páll alsæll með árangurinn sem kom þeim félögunum á óvart. „Norðurlöndin eiga frábært fagfólk sem stendur mjög framarlega í húðflúrlistinni og því er þetta mikil viðurkenning og hvatning fyrir okkur að hljóta þessa viðurkenningu á móti sem þessu,“ bætir Jón Páll við að lokum.

*bergthora@365.is*



Starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar: Jón Páll, Búri og Fjölnir tattú.



Bás Íslensku húðflúrstofunnar var valinn besti hannaði básinn á sýningunni.



Þetta ævintýralega húðflúr eftir Búra vann í flokknum besti nýi stílinn.


Topp 20 SKÍFULISTINN Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 25 April - 1 Mai 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Páll Óskar | ↑ | Allt fyrir ástina |
| 2 | Hjaltalín | ↑ | Sleepdrunk Seasons |
| 3 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 4 | R.E.M | ↓ | Accelerate |
| 5 | Bloodgroup | ↑ | Sticky Situation |
| 6 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 7 | Einar Scheving | ↑ | Cycles |
| 8 | Sprengjuhöllin | – | Tímarnir okkar |
| 9 | Duffy | ↓ | Rockferry |
| 10 | Leona Lewis | A | Spirit |
| 11 | Gus Gus | A | Forever |
| 12 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 45 |
| 13 | Hannah Montana | N | Hannah Montana |
| 14 | Poetrix | ↑ | Fyrir lengra komna |
| 15 | Lay Low | ↑ | Ökutímar - tónlist úr leikriti |
| 16 | Led Zeppeline | A | Mothership 2CD+DVD |
| 17 | Nick Cave & The Bad Seeds | A | Dig, Lazarus Dig!! |
| 18 | Eric Clapton | ↓ | Complete Clapton 2CD |
| 19 | SigurRós | ↓ | Hvarf / Heima 2cd |
| 20 | Muse | ↓ | Haarp |

VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Latibær 7 |
| 2 | Ratatouille DVD |
| 3 | Bee Movie |
| 4 | Jungle Book 2 |
| 5 | Beowulf |
| 6 | Assassination of Jesse James |
| 7 | Pressa |
| 8 | Brave One |
| 9 | Michael Clayton |
| 10 | Sydney White |
| 11 | Stardust |
| 12 | 101 Dalmatians |
| 13 | We Own the night |
| 14 | Jackass 2.5 |
| 15 | Simpsons Season 2 |
| 16 | Atonement |
| 17 | Shoot'em Up |
| 18 | High School Musical 1 |
| 19 | Doddi |
| 20 | Meet the Robinsons |




S·K·Í·F·A·N


adidas
Impossible is Nothing
adidas.com/women
© 2008 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.

*Að varðveita barnið innra með sér*

# Leikföng með tilfinningar

Heimsóknir í leikfangaverslanir geta komið af stað krónískum valkvíða. Hvað skal kaupa handa börnunum? Endurkoma sumra góðkunningja okkar frá því við vorum að alast upp hefur þó gert okkur auðveldara að velja úr leikfangaframboðinu. Við höfum endurheimt leikfélaga okkur úr barnæsku; litríku Barbapabbafjölskylduna, krúttlegu monsurnar, brosmilda múminsnáðann, Star Warskarlana ofursvölu, Hello Kitty-kisuna sykursætu og svo lengi mætti telja. Við þráum að börnin okkar kynnist þessum góðu félögum sem styttu okkur stundir og þroskuðu okkur og efldu. Með því að halda þessum gömlu, góðu leikföngum að börnum okkar erum við ekki bara að uppfylla óskir þeirra og þrár heldur okkar líka. Hvern hefði ekki dreymt um að eiga barbapabbarúm, monsuföt til skiptanna eða Star Wars-karl sem talaði? Yfir öllum þessum leikföngum svífur nostalgía. Ætli við séum að kaupa leikföngin meira fyrir okkur en börnin?

*bergthora@365.is*

## Star Wars-æði grípur æskuna

„Við erum búnir að flytja inn Star Wars-karlana síðan 1999. Þeir hafa alltaf verið vinsælir en þegar Episode 1 var sýnd ruku vinsældirnar upp úr öllu valdi," segir Sveinn Ólafur Lárusson, starfsmaður Nexus og forfallinn Star Wars-aðdáandi, en á þessum tíma komu út Star Wars-tölvuleikir og teiknimyndabækur sem ýttu enn frekar undir vinsældirnar. Hann segir að Star Wars-leikföngin hafi eiginlega aldrei dottið úr tísku. „Það er mjög algengt að pabbar sem voru að alast upp þegar fyrstu Star Wars-myndirnar voru sýndar komi hingað með syni sýna og kaupi Star Wars-karla handa þeim," segir hann og viðurkennir að sjálfur sé hann engin undantekning. Menn kaupi hluti fyrir börnin sín sem þeir ólust upp við sjálfir. „Framundan er endurkoma leikfanga frá níunda áratugunum sem ég held að verði bylting, þar sem gömlu leikföngin okkar munu koma fram í nýjum búningi.".





## Féll fyrir Hello Kitty

„Ég elskaði vörurnar frá Hello Kitty þegar ég var lítil. Þegar dóttir mín var þriggja ára fór ég að taka eftir því að Hello Kitty var að komast aftur í tísku og ákvað í kjölfarið að flytja vörurnar inn," segir Hildur Aðalsteinsdóttir en hún hefur flutt inn vörurnar frá því 2004 og eru þær seldar í verslunum Hagkaupa. „Vinsældir hafa farið fram úr öllum vonum en nú lítur svo út að árið í ár verði metsöluár enda vöruúrvalið alltaf að verða meira," bætir Hildur og segir að nýjasta æðið verði pottþétt hlaupahjól og hjólaskautar frá Hello Kitty.

## Barbapabbi er vinur allra

„Ég var búsett í Svíþjóð í tólf ár og þar endurnýjaði ég kynni mín af Barbapabbafjölskyldunni en fjölskyldan skipaði stóran sess í lífi mínu þegar ég var lítil," segir Kristín Stefánsdóttir, verslunareigandi Liggalá og menntaður iðjuþjálfi. Hún ákvað að stofna barnaverslun því hún saknaði svo gömlu leikfélaganna. „Það er alltaf jafn skemmtilegt að sjá eldra fólkið taka gleði sína þegar það sér Barbapabbavörunar hjá okkur og spyrja hvar þeir hafa verið í öll þessi ár. Ég held að við kaupum frekar eitthvað fyrir börnin okkar sem við sjálf náum að tengja við en það sem við þekkjum ekki eins og til dæmis Pókemon. Enda er ekki til betri leikfélagi en Barbapabbi," segir Kristín.




www.papilla.is




papilla hárgreiðslustofa

**Gleðilegt sumar!**

Komið í heimsókn til okkar á Laugaveginn og frískið upp á útlitið fyrir sumarið. Vorum að taka upp nýjar vörur frá JOICO og bjóðum áfram upp á frábæru vörurnar frá Redken.

**Tímapantanir 551 7144**

Laugavegi 25 • 2.hæð • 101 Reykjavík
sími: 551 7144 • papilla@papilla.is

zebra





# HELENA RUBINSTEIN dagar í Debenhams 25. apríl - 8. maí

**Sérfræðingur Helena Rubinstein tekur vel á móti viðskiptavinum og ráðleggur um notkun snyrtivara.**
**Kynntar verða ýmsar spennandi nýjungar.**

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

*Ellý Ármanns býr í rúmlega 250 fermetra húsi í Hörgshlíð. Síðustu tvö árin hefur hún eytt öllum sínum frítíma í að gera það upp. Útkoman er fersk og skemmtileg þar sem hrái stíllinn fær að njóta sín. Marta María Jónasdóttir heimsótti Ellý á fallegum degi og fékk að kíkja í hvert skúmaskot áður en húsið verður selt en Ellý vill fá 120 milljónir fyrir það.*

# Paradís í hjarta borgarinnar

Ellý Ármanns og maður hennar, Freyr Einarsson, festu kaup á húsinu að Hörgshlíð 10 fyrir tveimur árum. Í upphafi var húsið reyndar tvær íbúðir en þau sameinuðu þær með því að brjóta á milli hæða og setja stiga. Þótt það hljómi frekar einfalt þá var allt annað en auðvelt að framkvæma breytingarnar en þau segja að húsið hafi lifnað við í kjölfarið. Húsið er rúmlega 250 fermetrar og teiknað af Guðmundi Kr. Kristinssyni arkitekt og þykir húsið vera eitt af betri húsum þess tíma.

Húsið var byggt árið 1961 fyrir Árna Björnsson tónskáld sem bjó þar lengst af ásamt fjölskyldu sinni. Í kringum húsið er risastór garður með 40 fermetra verönd og heitum potti og segir hún að fjölskyldan búi í pottinum. „Við erum alltaf í pottinum,“ segir hún og hlær. Áður en þau fluttu inn breyttu þau heilmiklu, brutu niður veggi, færðu eldhús, skiptu um gólfefni og settu hita í gólfið, stækkuðu glugga svo eitthvað sé nefnt. Húsið er hrátt og nútímalegt en hugsað hefur verið um hvert smáatriði. Það er kannski ekkert skrýtið því Freyr er með menntun í arkitektúr en starfar við fjölmiðla auk þess að vera í MBA-námi. Þau segjast hafa fallið fyrir húsinu vegna staðsetningarinnar enda séu fá einbýlishús á þessum fallega stað í jaðri Öskjuhlíðar. „Þetta voru heilmiklar framkvæmdir en í okkar huga var þetta bara gaman. Vinkonur mínar spurðu mig stundum á meðan á þessu stóð hvort ég væri ekki að verða vitlaus á öllu rykinu en ég tók þessu með jafnaðargeði,“ segir Ellý. Nú hafa þau sett húsið á sölu og vilja fá 120 milljónir fyrir það. „Ég sel húsið ekki fyrir minna,“ segir hún og hlær enda ekki amalegt að búa í námunda við Björn Bjarnason og Lárus Welding.

Spurð að því af hverju hún vilji selja eftir alla vinnuna sem þau hafa lagt í húsið segir hún að þau þurfi alltaf að vera með einhver verkefni í gangi. „Það er svo gaman að vera í framkvæmdum. Ætli okkur vanti ekki bara ný verkefni,“ segir hún og hlær.

*martamaria@365.is*


Eldhúsið var flutt úr næsta herbergi og komið fyrir inni í borðstofunni. Hérna á fjölskyldan sínar bestu stundir. Áhugasamir geta haft samband við Hannes Steindórsson stjörnu-fasteignasala en hann er með húsið á sölu hjá Remax.


Hurðin í ganginum er upprunaleg en þau gættu þess vel að halda í það gamla á móti nýtískuhönnuninni. Takið eftir speglinum á ganginum, hann er hringlaga og kemur sérstaklega vel út.


Gluggarnir eru stórir sem gerir húsið sérlega bjart. Ljósin í loftinu eru frá Prodomo en Freyr féll alveg fyrir þeim því honum fannst þau vera svo mikið í stíl við húsið.


Ellý Ármannsdóttir segist alls ekki selja húsið nema fá uppsett verð sem er 120 milljónir.
MYNDIR/VALLI


Hér opnuðu þau á milli hæða. Fyrir voru tveir gl
aði stigann upp en ljósin frá Tom Dixon setja sv


Horft úr stofunni upp á efri hæðina.

„Alger sprengja, alveg ótrúleg skáldsaga.“
Politiken

Eftirminnileg frásögn af útskúfun og höfnun, fordómum og harðýðgi í garð þeirra sem skera sig úr fjöldanum í litlu samfélagi á sjöunda áratugnum – en atburðirnir gætu eins gerst á öðrum stað og tíma.

„Harmþrungin bók sem kemur út á manni tárunum hvað eftir annað.“
Weekendavisen




„Afburðagóð bók.“
Information

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# austurland

FÖSTUDAGUR 25. APRÍL 2008

## Minjasafn Austurlands

**Arfleifðin áberandi í sumar**

BLS. 4





MYND/ARI BENEDIKTSSON





Aðalheiður Eysteinsdóttir hefur haldið utan um listasmiðjuna. Hér er hún ásamt eiginmanni sínum, Jóni Laxdal, og dóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Listsköpun barna

Úrval menningartengdra viðburða er gríðarlegt á Austurlandi í sumar en meðal þeirra elstu er „Á seyði", sem haldin hefur verið á Seyðisfirði síðustu ellefu ár. Angi af þeirri hátíð er barnahátíðin „Karlinn í tunglinu" eða menningardagur barna en hún á sér aðallega stað í miðbæ Seyðisfjarðar úti eða inni eftir veðri og ber mikið á henni meðan hún stendur yfir.

„Þessi hátíð hefur vaxið nokkuð að umfangi undanfarin ár og er nú orðin fastur liður í menningarlífi Austfirðinga enda er þetta í ellefta sinn sem hátíðin er haldin," segir Pétur Kristjánsson sem verið hefur karlinn í tunglinu fyrir það mesta.

Óhætt er að segja að dagskrá hafi verið fjölbreytt síðustu ár, en hún einkennist meðal annars af leikritum, eldgleypum, trúðum, leiktækjum, grillveislum, lúðrasveitum, tónlistaratriðum, listasmiðju fyrir börn og sýning á verkum þeirra. „Þungamiðjan í starfseminni hefur þó undanfarin ár verið listasmiðjan, í höndum Aðalheiðar Eysteinsdóttur, sem er ein af framsæknustu listamönnum þjóðarinnar nú um stundir," segir Pétur.

„Hátíðinni er ætlað að vera sjálfstæð viðbót við listahátíðina „Á seyði" og er mótuð með þarfir og væntingar barna í huga. Við leggjum mikla áherslu á listsköpun barna og að gefa þeim tækifæri til þess að læra og upplifa myndlist hjá viðurkenndu listafólki og sýna árangur sinn í verki með aðstoð fagfólks og áhugamanna. Skemmtiatriði og umgjörðin öll eru fjölskylduvæn og þáttaka öllum gestum að kostnaðarlausu."

Hátíðin fer fram laugardaginn 14. júní frá klukkan 10 til 16 en dagskrá Karlsins í tunglinu má skoða á vefsíðu hátíðarinnar www.moon.is.

*- kpb*



Ferðafélag Fjarðamanna stendur fyrir mörgum spennandi uppákomum í sumar.

# Sögunni gerð skil í sumargöngu

Ferðafélag Fjarðamanna skipuleggur marga viðburði í sumar. Einn af viðburðunum er gangan Fögnum sumri á Reyðarfirði 26. apríl og verður lagt upp frá kirkjunni upp úr kl. 10 í fylgd Einars Þorvarðarsonar leiðsögumanns. Hann mun fara yfir sögu bæjarins með göngumönnum auk þess sem ýmis önnur skemmtun slæðist með. Þá verður komið við í Stríðsárasafninu auk þess sem sögufræg hús í bænum verða heimsótt og saga þeirra og íbúanna rakin í stórum dráttum.

„Við höfum gert þetta áður og höfðum mikið gaman af. Væntanlega verður þetta eitthvað öðruvísi núna þannig að þeir sem tóku þátt síðast geta mætt aftur og lært eitthvað nýtt. Gangan tekur líklega tvo tíma og væntanlega verður endað á einhverjum huggulegheitum. Síðast enduðum við í hinu merka Tærgesenhúsi og drukkum þar kaffi og fórum yfir sögu hússins," segir Einar.

Af sögutengdum viðburðum má nefna gönguferð 23. ágúst sem nefnist Í fótspor bresku hermannanna 1942 undir leiðsögn Árna Ragnarssonar. Þar verður farin þrjátíu kílómetra leið upp Svínadal til Tungudals og sá dalur genginn út á Eskifjarðarheiði. Hermennirnir lentu þar í miklum hrakningum og urðu nokkrir þeirra úti, eins og Árni kemur meðal annars inn á.

*- kpb*



Kajakklúbburinn Kaj og Seakayak standa saman að sjókajakmóti í Norðfirði helgina 6. til 8. júní sem er það stærsta sinnar tegundar í sumar. Þar verður boðið upp á námskeið, fyrirlestra, sprettróðra og veltukeppni svo fátt eitt sé nefnt.

MYND/ARI BENEDIKTSSON

# Stórt sjókajakmót á Norð-

**Egill Rauði, Íslandsmeistaramót í kappróðri á kajak á Norðfirði, fer fram helgina 6. til 8. júní.**

Kajakklúbburinn Kaj og Seakayak Iceland standa saman að sjókajakmóti á Norðfirði helgina 6. til 8. júní, sem er með svipuðu sniði og sjókajakmót Eiríks rauða sem hefur verið á Stykkishólmi frá árinu 2002. Mótið er það stærsta sinnar tegundar þetta sumarið og verður margt í boði, bæði námskeiðahald, ferðir, fyrirlestrar, sprettróðrar og veltukeppni auk þess sem von er á erlendum gestum.

„Sjókajakmótið er eins konar hátíð kajakmanna og góð leið fyrir fólk til að undirbúa sig fyrir róðra sumarsins. Við búumst við fólki alls staðar að af landinu og fengnir hafa verið heimsþekktir kajakræðarar til að vera með námskeið og halda fyrirlestra um helgina. Bandaríkjamaðurinn Nigel Foster, sem fyrstur manna reri hringinn í kringum Ísland árið 1977 mun koma, en hann er líklega eftirsóttasti kajakleiðbeinandi í heiminum í dag. Þýski kajaksnillingurinn Freya Hofmeister, sem reri umhverfis Ísland á síðasta ári, sérhæfir sig í veltukennslu og öðrum kúnstum og mun leiðbeina um helgina," segir Ari Benediktsson, annar aðalskipuleggjandi mótsins.



Búist er við fjölmenni á mótinu enda um stórviðburð að ræða að sögn Ara.

MYND/ARI BENEDIKTSSON



Ræðarar í hellaskoðun á Víknasvæðinu. MYND/ARI BENEDIKTSSON

Mótið hefst á föstudegi en aðaldagskráin verður á laugardag og sunnudag. Gert er út frá aðstöðu kajakklúbbsins Kaj í fjörunni neðan við Norðfjarðarkirkju, en þar eru bátageymslur og búningsaðstaða.

„Svo er auðvitað margt spennandi í boði fyrir utan dagsróðrarferðir, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Til dæmis skipulagðar dagsferðir, í eyðifirði, eða kletta- og hellaskoðun og veltukennsla verður í Norðfjarðarlaug á laugardags- og sunnudagsmorgun. Á sunnudegi verður kannski aðalviðburðurinn sprettróðrarkeppni og veltukeppni. Sprettróðrarkeppnin er hluti af Íslandsmeistaramótinu í kappróðri. Þá vonumst við til að þyrla Landhelgisgæslunnar taki þátt í björgunaræfingu, þar sem maður er hífður af kajak upp í þyrlu," segir Ari.

Í framhaldi af mótinu stendur ræðurum til boða að taka þátt í ferð um eyðifirði Austfjarða, en gist verður í eina eða tvær nætur.

„Það eru auðvitað allir velkomnir á hátíðina. Við hvetjum alla kajakræðara og áhugafólk um kajaksportið að kynna sér málið nánar á www.123.is/kaj. og sjá hvort það finni ekki eitthvað við sitt hæfi um helgina. Mótinu er ætlað að höfða til allra, líka þeirra sem aðeins hafa áhuga á að kynnast sportinu ekki síður en þeirra sem verið hafa ræðarar í lengri eða skemmri tíma."

*- kpb*



# Fallegt útsýni

Dreifikerfi RARIK skiptir þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara. RARIK hefur á undanförnum árum gert mikið átak í að fjarlægja loftlínur og leggja jarðstrengi í staðinn.

Nú hafa um 2.600 km jarðstrengja leyst loftlínur af hólmi.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
*lifandi afl*

Sími 528 9000 • www.rarik.is



Sumardagskrá Minjasafns Austurlands verður með fjölþjóðlegu sniði í sumar.



Grunnsýning safnsins, Sveitin og þorpið, snýst meðal annars um sveitasamfélagið.



Ýmislegt verður í boði á safninu.

# Arfleifðin áberandi í sumar

**Sumardagskrá Minjasafns Austurlands hefst með sameiginlegri sýningu með Museum Nord í Norður-Noregi og Donegal County Museum á Írlandi.**

„Arfleifð okkar Íslendinga tengist ekki síst Írum og Norðmönnum og mun sú arfleifð marka sterk spor í verkefni Minjasafnsins í sumar en samtengdar sýningar verða í Noregi og á Írlandi,“ segir Elfa Hlín Pétursdóttir, safnstjóri Minjasafnsins á Egilsstöðum.

Sumarsýning safnsins ber heitið Ó-líkindi og verða samsýningar í Donegal Museum á Írlandi og Museum Nord í Vesterålen í Norður-Noregi, en samstarf milli þessa þriggja svæða hefur verið að byggjast upp síðustu ár á sviði menningar- og ferðamála að sögn Elfu.

„Sauðkindin verður aðalþema sýningarinnar og munum við fjalla um hana í sögulegu ljósi og skoða hefðbundna gripi tengda henni, til dæmis ullarvinnslu. Þá skoðum við hvernig kindin er notuð til að tákngera þessi landsvæði. Einnig verður sýnt hvernig unnið er með kindina og ullina í nútímanum en sýningin verður opnuð um miðjan júní á öllum stöðunum samtímis.

Þá verður gerð í tengslum við hana vefsíða þannig að við miðlum milli safnanna þriggja, hvað er að sjá á hverjum stað fyrir sig. Við höfum farið í heimsókn til Írlands og bæði Norðmennirnir og Írarnir komið hingað en við munum heimsækja Noreg bráðlega. Það hefur komið í ljós að margt er líkt hjá þessum þremur þjóðum, ekki bara sögulega heldur líka í safnavinnunni og skipulagi safna.“

Grunnsýning safnsins í sumar eins og undanfarin ár ber heitið Sveitin og þorpið og fjallar annars vegar um hið hefðbundna íslenska sveitasamfélag og hins vegar um þéttbýlismyndun fyrir austan og sérstöðu Héraðsins. „Við verðum líka í samvinnu við eldri borgara á svæðinu og handverkshóp eða -hópa, sem sjá um lifandi starfsemi í Safnahúsinu reglulega. Á Þjóðhátíðardaginn 17. júní og íslenska safnadaginn í júlí munum við setja saman lifandi dagskrá og blanda saman þjóðlegri skemmtun og fræðslu.“ *- kþb*








Landsmót kvennakóra fer fram á Höfn í Hornafirði um helgina.

# Samhljómur kvenna

Landsmót íslenskra kvennakóra verður haldið á Höfn í Hornafirði um helgina, en þar munu þrettán kórar eða tæplega 400 konur víðs vegar að af landinu takast á við verkefni, kynnast og efla tengsl kórkvenna.

Tvennir tónleikar verða haldnir í Íþróttahúsi Hornafjarðar. Hver kór flytur sín tvö lög á morgun klukkan 16 og eru allir velkomnir að hlýða á báða daga og er aðgangur ókeypis.

Sameiginlegir tónleikar verða síðan á sunnudag klukkan 14 þar sem allir kórarnir syngja saman við undirleik stórsveitar Jóhanns Morávek og afrakstur helgarinnar verður kynntur. Landsmótslagið verður frumflutt en Þóra Marteinsdóttir tónskáld samdi lagið sérstaklega fyrir mótið við texta Guðbjarts Össurarsonar.

Kvennakór Hornafjarðar, sem hefur starfað í tíu ár, er gestgjafi mótsins og hafa kórkonur unnið að undirbúningi þess undanfarna mánuði. Kórinn leggur mikinn metnað í að efla samvinnu og samhljóm kvennakóra á landinu og vonast meðlimir til að gestirnir upplifi gæði svæðisins og menningu í ríki Vatnajökuls.

Þess má geta að kórastarf er öflugt á Hornafirði því þar starfa auk Kvennakórs Hornafjarðar, Karlakórinn Jökull, Samkór Hornafjarðar, Gleðigjafar – kór eldri borgara og tveir barnakórar.

# Við ætlum að fjölga fólki



**Rúmlega 400 starfsmenn Alcoa Fjarðaáls fagna nú þeim áfanga að búið er að gangsetja síðasta rafgreiningarkerið í öflugustu álframleiðslulínu heims. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að koma álverinu í Reyðarfirði á laggirnar. Um leið og við kveðjum erlenda sérfræðinga sem hafa aðstoðað okkur við gangsetninguna, ætlum við að fjölga starfsmönnum Fjarðaáls til þess að mæta auknum verkefnum og skapa svigrúm fyrir meiri þjálfun, fræðslu og starfsþróun.**

## Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 41982 04.2008

**AUSTURLAND**
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA



Stelkur er einn af vaðfuglunum sem alltaf sjást að sögn Halldórs.
MYND/SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON



Að sögn Halldórs Stefánssonar hjá Náttúrustofu Austurlands er áhugi á fuglaskoðun alltaf að aukast. MYND/SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON



Mikið er af æðarfugli á Norðfirði, þar sem fuglaskoðunardagur verður haldinn 10. maí. MYND/SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON

# Farfuglar boðnir velkomnir

**Árlegur fuglaskoðunardagur Ferðafélags fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands fer fram 10. maí næstkomandi.**

„Yngri kynslóðin er sérstaklega áhugasöm en áhuginn er almennt að aukast. Flestir koma með eigin kíki en við erum líka með sérstakar fjarsjár til að gefa fólki kost á að sjá fuglana betur. Á þessum tíma finnast mest anda- og gæsahreiður,“ segir Halldór Stefánsson, fuglafræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands, um árlegan fuglaskoðunardag á leirunum í Norðfirði og á Reyðarfirði 10. maí næstkomandi.

Þar er um að ræða bæði fuglaskoðun og fuglatalningu en sérfræðingar frá Náttústofunni stjórna talningunni. Dagurinn hefst klukkan 9 á leirunum í Norðfirði undir leiðsögn Skarphéðins G. Þórissonar náttúrufræðings en klukkan 10.30 á Reyðarfirði undir leiðsögn Halldórs.

Í fyrra sáust 33 tegundir fugla á báðum stöðum og nokkur hreiður fundust með eggjum. Flestar tegundirnar voru algengir íslenskir fuglar eins og fýll, álft og grágæs, en einnig sjaldgæfar tegundir, sem millilenda hér eða eru tímabundnir gestir.

„Bjartmávurinn er dæmi um fugl sem hefur hér vetursetu og tildran er skrautlegur vaðfugl, sem millilendir hér á vorin á leið sinni til varpstöðvanna á Grænlandi. Eins sjáum við talsvert af bjargdúfu sem menn eru að velta fyrir sér hvort sé villidúfa komin frá Færeyjum og Skotlandi eða afkomandi eldisdúfu hérlendis,“ segir Halldór.

Nánar á www.na.is og www.simnet.is/ffau/.

*-kþb*

Vopnafjörður
www.vopnafjardarhreppur.is
















Lifandi samfélag!

Vopnafjörður



# Kynnist Kárahnjúkavirkjun!

**Végarður í Fljótsdal.**
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdals- heiði.

*Opið alla daga kl. 9–17 til 15. október.*





**„Lóan er komin“**
Sýning Steingríms Eyfjörð – framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007.
**Ljósafossstöð við Sog**



**„Hvað er með Ásum?“**
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna.
**Laxárstöðvar í Aðaldal**



**Orka í iðrum jarðar!**
Heimsækið gestastofuna í Kröflu.
Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.
**Kröflustöð í Mývatnssveit**



**Heimsókn í Húnaþing**
Kynnið ykkur orkumál og starfsemi Blöndustöðvar í starfsmannahúsinu.
**Blöndustöð, Húnaþingi**



**Sigurjón Ólafsson**
Sýning á starfi og verkum myndhöggvarans sem hefði orðið 100 ára á árinu.
**Búrfellsstöð í Þjórsárdal**

## Heimsækið Landsvirkjun í sumar.

**Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000**

Landsvirkjun
Árangur fyrir alla

PIPAR • SÍA • 80895





# LAGERSALA

## Í LAGERHÚSNÆÐINU HOLTAGÖRÐUM (SJÁ KORT)

## ALLT Á 50-90% AFSLÆTTI

ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÝNISHORN ÚR VERSLUN
EINNIG MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM SEM ERU AÐ HÆTTA Í SÖLU

OPIÐ:
MÁNUDAGA - LAUGARDAGA 10-18
SUNNUDAGA 12-18

TEKK
COMPANY

SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



uggar en þau gerðu þá að einum. Freyr teikn-
ip sinn á ganginn.





Á neðri hæðinni er aðalstofan. Út frá henni er gengið út á 40 fermetra verönd með heitum potti sem er mikið notaður á heimilinu.



Ellý og Freyr flotuðu gólfin og settu svartan lit í steypuna. Svanurinn eftir Arne Jacobsen lífgar upp á tilveruna.


Höfum opnað stærri verslun á nýjum stað í Faxafeni 14.







Opið á morgun laugardag frá 10 - 16

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646

# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*

**GEGGJAÐIR SKÓR**
frá versluninni Kron. Skór sem glæða fataskápinn lífi og gleði.





**BLÓMLEG BUDDA**
frá versluninni KVK. Hver veit nema fjárhagurinn muni blómstra með slíka buddu í farteskinu.

# Hvernig áttu að klæða af þér brjóstin

Í maíhefti breska tímaritsins Vogue veltir blaðamaðurinn Daisy Garnett því fyrir sér hvort brjóstgóðar konur geti klæðst helstu snið vortískunnar. Þegar Daisy spurði nokkra tískuritstjóra hvernig hún ætti að klæðast víðum rósóttum skyrtum án þess að líta út eins og fíll í dótabúð var henni ráðlagt að fá sér nýjan brjóstahaldara. „Minimiser“ væri lykillinn að góðu útliti. „Minimiser“ er brjóstahaldari sem er þannig gerður að stykkið á milli brjóstanna er breiðara, hann eru úr stífu efni sem teygist ekki og bakstykkið er breitt sem gerir það að verkum að barmurinn þrýstist niður. Það er samt alls ekki nóg að reyra brjóstin niður ef maginn vellur út um allt og þá kemur samfella með skálmum að góðum notum. Þegar konur eru komnar í slíkan útbúnað sjást engar fellingar nokkurs staðar og fitan hreinlega ýtist inn.

Þetta hlýtur líka að virka því í sjónvarpsþáttunum „How to look good naked“ voru undirföt lykillinn að góðu útlit. Þar var ekki verið að senda þrýstna kvenpeninginn í megrun. Ef þetta er ekki hlutverk undirfata þá veit ég ekki hvað.

Í vor- og sumartískunni er mikið um litríkar, víðar skyrtur úr alls konar satín- og organsaefnum. Þegar stórbrjósta kona er komin í svona skyrtu þá lítur hún út eins og skíðastökkpallur og þannig vilja fæstar vera. Hvað þurfum við að gera til að geta tekið þátt í tískunni?

Um leið og þú ert komin í jakka með stuttum ermum yfir blómaskyrtuna þá ber ekki eins mikið á stóru brjóstunum. Jakkavesti er skyldueign stórbrjósta kvenna því það má nota yfir flestar flíkur. Vestið hefur það fram yfir svo margt að það formar líkamann án þess að vera halló eða heftandi á nokkurn hátt. Annað gott ráð er að fara í síðan, þröngan ermalausan bol undir víðu skyrtuna. Þá sýnir hann útlínur líkamans undir skyrtunni og kemur í veg fyrir að þú verðir ekkert nema brjóstin.

Konur með stór brjóst eiga ekki að vera í tvíhnepptum jökkum heldur einhnepptum og v-hálsmál er þeirra besti vinur. Þær sem fíla ekki flegið ættu að athuga boli með beinu axlarsniði því það dregur athyglina frá stóru brjóstunum og myndar jafnvægi á milli axla og mjaðma. Lengi má líka notast við breið belti til þess að forma líkamann. Skyrtur eða kjólar með stórum pífuermum sem liggja lóðrétt draga athyglina frá brjóstunum og svo mætti lengi telja. Nú er bara að fjárfesta í samfellu með skálmum, „minimiser“-brjóstahaldara og þá getur vel verið að þú þurfir ekkert að kaupa þér ný föt því þú verður svo svakalega ánægð með þig.

*martamaria@365.is*

**GÓÐ RÁÐ FYRIR STÓRBRJÓSTA KONUR**

- Keyptu þér vesti og vertu í því yfir víða kjóla og skyrtur
- Notaðu breitt belti til að forma líkamsvöxtinn
- Vertu opnum jakka yfir blómaskyrtur
- Vertu í v-hálsmáls peysum
- Ekki vera í stuttermabolum þar sem ermarnar enda í sömu línu og brjóstin
- Ekki vera í rúllukragabol
- Ekki vera í víðum kjóla einum og sér







1 . „Minimiser“ brjóstahaldarinn og samfellan fást í Lífstykkjabúðinni.
2. Lanvin sýnir hvernig lóðréttar ermar virka brjóstaminnkandi.
3. Gucci sýnir jakka yfir munstraða skyrtu.



# DAUÐASYNDIRNAR

## GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR

LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI



| | |
|---|---|
| **Leikarar** | Bergur Þór Ingólfsson<br>Halla Margrét Jóhannesdóttir<br>Halldóra Geirharðsdóttir<br>Harpa Arnardóttir |
| **Leikstjórn** | Rafael Bianciotto |
| **Leikmynd** | Helga I. Stefánsdóttir/Rafael Bianciotto |
| **Búningar** | Helga I. Stefánsdóttir |
| **Ljós** | Halldór Örn Óskarsson |
| **Hljóðmynd** | Ólafur Örn Thoroddsen |
| **Tónlistarstjóri** | Kristjana Stefánsdóttir |
| **Sviðshreyfingar** | Ariane Anthony |
| **Aðstoðarleikstjórn** | Sólveig Guðmundsdóttir |

**„Þú sem stígur hérna inn, yfirgef alla von“**

Trúðaleikur fyrir fullorðna sem enginn leikhúsunnandi getur látið fram hjá sér fara.

**Miðasala hafin. Frumsýnt 8. maí.**

**Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ

# Útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*



### MASKARI SEM ER SKART

Nýi maskarinn, Glorious, frá Helenu Rubinstein hefur þá eiginleika sem góður maskari þarf að hafa. Hann sveigir og þykkir augnhárin án þess að þurrka þau upp. Svo skemmir ekki fyrir að hann er í sérlega fallegum upbúðum og því gaman að taka hann upp í návist annarra kvenna.

## Íslenskir verðlaunagripir



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Á dögunum fór ég með vinkonum mínum í sannkallaða ævintýraferð til Ítlaíu. Nema hvað, að í öllum asanum yfir farmiðkaupunum, láðist okkur að athuga hvort við fengjum gistingu á áfangastaðnum. Þegar við áttuðum okkur á því að það væri ómögulegt að fá gistingu í borginni þessa tilteknu daga var ekkert annað í stöðunni en að hafa uppi á gömlum vini fyrrverandi elskhuga vinkonu minnar. Þegar ég spurði vinkonu mína um vininn sem ætlaði að veita okkur gistingu varð fátt um svör en stuttu síðar datt það upp úr henni að hann væri svona „mömmuítali“. Þar sem ég hef bara verið í hlutverki túrista þegar ég hef heimsótt landið gat ég ómögulega ímyndað mér við hvað hún átti.

Í mínum huga hafa ítalskir menn alltaf verið samnefnari yfir snyrtimennsku og smekklegheit. Einhvern veginn ímyndaði ég mér alltaf að þeir væru upp til hópa forríkir með snekkjulykla í vasanum. Ekki veit ég hvaðan ég hef þessar hugmyndir en líklega hafa mennirnir á Cinque Terre og Portofino allir verið steyptir í sama mót.

Í Mílanó er þetta ekki alveg svona og gæinn sem við gistum hjá var langt frá því að vera eins og klipptur út úr ítalska Vogue og íbúðin hefði smellpassað inn í „allt í drasli“. Reyndar vantaði ekki Ajax-lyktina en þegar ég horfði á manninn skúra einn morguninn varð mér allri lokið enda hrærði hann bara í skítnum og notaði sama skúringavatnið þá daga sem við dvöldum á heimilinu. Í búðinni var ekki ísskápur heldur gamalt kælibox frá Pepsí sem var ekki í sambandi því það hefur eflaust eytt of miklu rafmagi.

Eftir nokkra daga á heimili „mömmuítalans“ fór ég að spyrja þær nánar út í þessa tegund af karlmönnum. Þá kom í ljós að þorri gæjanna sem reyndu við þær á börunum á námsárunum bjó ennþá á Hótel Mömmu þrátt fyrir að vera komnir yfir þrítugt. Í flestum tilfellum voru þeir heldur ekkert að spá í að ná langt í lífinu með menntun, vinnusemi og dugnaði. Hver þarf að hugsa um það ef það er einhver til staðar til að strauja af sér nærbrækur og gefa sér að borða.

Ég veit ekki hvort „mömmuítalinn“ sem við gistum hjá er svona arfavinsæll dagsdaglega en á meðan á heimsókn okkar stóð var stöðugur gestagangur frá hinum „mömmuítala“-vinum hans. Og það var alveg sama hvort klukkan var þrjú að nóttu eða sjö að morgni.

Eftir ferðina er ég þó alsæl, víðsýnni en aldrei fyrr enda hefði ég aldrei upplifað þessa sönnu „mömmuítala“-stemningu ef ég hefði gist á flottu hóteli. Ég mun þó geyma þessa lífsreynslu í hjartanu og þegar einhver mun hallmæla íslenskum mönnum í mín eyru mun ég taka upp hanskann fyrir hinn íslenska karlpening. Í mínum huga eru þeir verðlaunagripir!



Falleg brúnka er ekki of mikil heldur fær húðina til að ljóma.

## Brúnkukrem fyrir fagurkera

Sagan gerist í upphafi 20. aldar og segir frá einyrkjanum Guðbjarti Jónssyni sem lætur gamlan draum rætast með því að kaupa lítið kot sem hann nefnir Sumarhús. Bjartur er loksins orðinn sjálfstæður maður eftir sautján ára vinnumennsku, sjálfs sín herra sem þarf ekki að sækja neitt til ókunnugra. Hann berst við að halda svokölluðu sjálfstæði sínu allt til enda en færir fyrir sjálfstæðið óbætanlegar fórnir. Segja má að söguþráður bókarinnar kristallist í eftirfarandi tilvitnun: „Það er til í útlendum bókum ein heilög saga af manni sem varð fullkominn af því að sá í akur óvinar síns eina nótt. Sagan af Bjarti í Sumarhúsum er saga mannsins, sem sáði í akur óvinar síns alt sitt líf, dag og nótt. Slík er saga sjálfstæðasta mannsins í landinu.“

Aðgangur að spjallinu á Gljúfrasteini er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. - vþ

# Ferðalag brúðunnar Litla um íslenska náttúru

**Ljósmyndasýningin Litli verður opnuð í aðalútibúi Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15, í dag kl. 17. Á sýningunni, sem Borgarbókasafnið stendur að ásamt Sendiráði Frakklands, má sjá ljósmyndir eftir frönsku listakonuna Séverine Thévenet af brúðunni Litla, en þau ferðuðust saman um íslenska náttúru sumarið 2003.**



**SÉVERINE THÉVENET OG YUMI DÓTTIR HENNAR** Í bakgrunni má sjá glitta í ljósmyndasýninguna Litli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Út frá ljósmyndunum varð til barnabókin Litli Soliquiétude, sem á íslensku myndi útleggjast sem Einfriðsemd Litla. Séverine á heiðurinn af myndunum í bókinni, en textann samdi Catherine Leblanc. „Þetta verkefni hófst í raun með því að ég kom til Íslands árið 2001 til að taka myndir tengdar norrænni goðafræði, sem ég hef mikinn áhuga á. Ég var hér í mánuð og heillaðist algerlega af náttúrunni. Ferðalagið var mikil upplifun fyrir mig, hálfgerð endurfæðing og þegar ég sneri aftur til Frakklands fann ég að ég varð að komast aftur til Íslands; náttúran hér á Íslandi er alveg einstök og mér fannst ég tengjast henni sterkum böndum. Mig langaði að auki mikið til að segja frá upplifun minni með ljósmyndum. Árið 2003 fékk ég svo tækifæri til þess þar sem ég fékk vinnu sem kokkur fyrir ferðahópa á hálendi Íslands. Rétt áður en ég kom til Íslands fann ég brúðuna Litla og hafði hann með mér í ferðalagið. Svo myndaði ég hann í náttúrunni hvenær sem tækifæri gafst, og má því segja að hann sé hálfgerður staðgengill minn á myndunum,“ útskýrir Séverine.

Bókin um ferðalag Litla samtvinnar meginháhugasvið Séverine þar sem hún hefur mikið unnið við ljósmyndun og með brúður í gegnum tíðina. „Ég vann í mörg ár í brúðuleikhúsi í Frakklandi. Ég er heilluð af barnæskunni og mætti segja að heimur listsköpunar minnar vegi salt á milli þess barnslega og þess ævintýralega. Það var því hálfpartinn rökrétt framvinda að ég skapaði myndefni í barnabók,“ segir Séverine. „Í fyrstu ætlaði ég að hafa bókina með miklum texta og markvissum söguþræði. Mér þótti það þó ekki eiga við myndirnar og prófaði því líka að setja bókina upp sem myndabók



**LITLI Á ÍSLANDI** Ein af ljósmyndum Séverine af Litla á ferðalagi sínu.

með engum texta. Það fór þó svo að útgefandinn minn lagði til að Catherine semdi textann og mér fannst orð hennar ganga vel upp með myndunum. Saman skapa myndirnar og textinn ramma sem leyfir lesendum bókarinnar að nota ímyndunaraflið og skapa sína eigin sögu um Litla.“

Séverine verður með dagskrá fyrir börn í Borgarbókasafninu á sunnudaginn kl. 15 þar sem þau fá tækifæri til að tjá sögu Litla í orðum út frá ljósmyndunum. Hún mun einnig heimsækja nokkra skóla sem og Alliance française. Hún segist spennt fyrir því að upplifa viðbrögð íslenskra barna við ævintýrum Litla. „Við höfum fengið viðbrögð út á bókina frá frönskum börnum og það verður áhugavert að sjá hvernig íslensk börn taka myndunum. Það er mér afar dýrmætt að heyra að börn kunni að meta bókina; til að mynda frétti ég af litlum dreng sem sefur með hana undir koddanum sínum og er því ekki lengur myrkfælinn. En sérlega gaman er að heyra að bókin leyfir hverju barni að gefa sköpunargáfunni lausan tauminn og að túlka ævintýri Litla á sinn hátt.“ vigdis@frettabladid.is

# Eftirsóknarverð borgarsvæði

Alþjóðleg ráðstefna sem ber yfirskriftina „Hafnarborgir: Endurbygging hafnarsvæða og miðborga“ hefst í Norræna húsinu í kvöld kl. 18. Ráðstefnan hefur það markmið að opna umræður og beina sjónum viðstaddra að borgarhönnun og hlutverki lista í opinberu rými hafnarborga. Frummælendur í kvöld eru þeir Christopher Marcinkoski, arkitekt frá New York, og myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson.

Hafnarborgir hafa í gegnum tíðina mótast af iðnvæðingu og alþjóðaviðskiptum. Síðustu ár hafa hafnir og starfsemi í kringum þær flust í auknum mæli í úthverfi, en um leið hafa eldri hafnarsvæði fengið nýtt hlutverk. Við þessar breytingar opnast fyrsta flokks svæði við sjóinn, sem yfirleitt eru tengd miðborgum og nýtast vel fyrir viðskipti, íbúðir eða afþreyingu. Þannig eru stór hverfi endurlífguð og um leið eru samskipti einstaklinga og samfélags við og innan borgarumhverfisins í stöðugri endurskoðun. Reykjavík er aðeins ein fjölmargra borga um heim allan sem er stöðugum breytingum háð þar sem alþjóðaviðskipti, ferðaþjónusta og samtímamenning hafa mótandi áhrif á þróun borga. Ráðstefnunni í Norræna húsinu er ætlað að auka



**ÓLAFUR ELÍASSON** Tekur þátt í ráðstefnu um hafnarsvæði í Norræna húsinu í kvöld.

framlag Íslands til alþjóðlegrar umræðu um framtíð hafnarborga.

Með því að leiða saman fagaðila, listamenn, almenning og fjölmiðla er velt upp ólíkum sjónarhornum á hlutverk lista, listamanna og hönnuða í alþjóðlegu borgarumhverfi.

Ráðstefnan fer fram á ensku og er síðari hluti hennar laugardaginn 10. maí næstkomandi. Ráðstefnan er haldin á vegum Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar í samvinnu við myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands og Norræna húsið. - vþ

# Mið-evrópsk tónlist á 15.15

Þeir Guido Bäumer saxófónleikari og Aladár Rácz píanóleikari koma fram á tónleikum í 15.15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu á sunnudag kl. 15.15.

Á efnisskrá er mið-evrópsk saxófóntónlist sem endurspeglar vel tíðarandann í Evrópu um miðja síðustu öld. Tónleikarnir hefjast á Suite op. 102 eftir ungverska tónskáldið Hans Gal. Verkið er sérstök blanda af elegans og hressleika, oft dálítið viðkvæmnislegt og með þokkafullri fortíðarþrá þar sem mjúkur saxófóntónninn fær að njóta sín. Þá verður leikin Hot-Sonate frá 1930 eftir tékkneska tónskáldið og djasspíanistann Erwin Schulhoff. Hot-Sonate er



**ALADÁR RÁCZ OG GUIDO BÄUMER** Leika í Norræna húsinu á sunnudag.

samin undir áhrifum af djassi og er með skemmtilegum og óvanalegum hryn og miklum og þykkum hljómum í píanóröddinni. Guido og Aladár flytja einnig sónötu eftir Paul Hindemith frá árinu 1943. Sónatan er í fjórum þáttum sem eru eins og litlar stemningsmyndir. Tónleikunum lýkur svo á hröðu og frísklegu verki; Sonata in Jazz frá 1959 eftir þýska tónskáldið, píanóleikarann og hljómsveitarstjórann Werner Heider. Sónatan er eins og verk Schuloffs skrifuð undir áhrifum af djassi og er tæknilega krefjandi fyrir báða hljóðfæraleikarana.

Flytjendur eru báðir sannir Mið-Evrópumenn þótt þeir hafi búið og starfað undanfarin ár á Íslandi, Guido Bäumer er frá Norður-Þýskalandi og Aladár Rácz frá Rúmeníu. - vþ

LAMBAKJOT.IS

H:N markaðssamskipti / SÍA



„Ég vil hafa það holt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
- þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

# GRILLBRAGÐ
## *- helgarinnar*



## Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr $^{1}/_{3}$ af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

### Kryddjurtapestó:

$1^{1}/_{2}$ dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • $^{1}/_{2}$ búnt steinselja • $^{1}/_{2}$ búnt tímían • $^{1}/_{2}$ búnt mynta
2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • $^{1}/_{2}$ tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.

25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

*Lambakjöt*
NÁTTÚRULEGA GOTT

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



















# Táknræn miðjusetning Kristins

Myndlistarmaðurinn Kristinn Már Pálmason opnar sýningu í Anima galleríi, Freyjugötu 27, á morgun kl. 17. Sýningin ber heitið Miðstöðin og á henni má sjá málverk sem máluð eru út frá hinum táknræna þætti miðjusetningar. Kristinn freistar þess að miðla hinum samvirka krafti sem í miðjusetningunni er að finna og útfæra hann í samtíma málverki. Í myndunum má sjá kerfi tákna, ímynda og forma sem innihalda vísanir í tímann, nýaldarhyggju, kenningar C.G. Jung um erkitýpur, trúarbrögð, stjórnmál, eðli „tælandi verðmæta“ og yfirskilvitið.

Kristinn útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994 og lauk meistaranámi frá The Slade School of Fine Art, University College London árið 1998. Hann á að baki 11 einkasýningar auk þátttöku í fjölda samsýninga og samvinnuverkefna.

Kristinn Már hefur komið að ýmiss konar menningarstarfsemi og var annar stofnenda og sýningarstjóri Anima gallerís, einn af 10 stofnendum Kling & Bang gallerís og höfundur Transistor tilraunaverkefnisins. Kristinn hefur verið stundakennari við Listaháskóla Íslands síðan árið 1999.

Sýningin Miðstöðin stendur til 17. maí. - vþ



**MIÐILL** Málverk eftir Kristin Má Pálmason.

# Allt að loka, sjáist nú!

Allar þær sýningar sem nú standa yfir í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu líða undir lok eftir helgina til þess að rýma fyrir hinu stórtæka Tilraunamaraþoni sem fer af stað 15. maí og er liður í Listahátíð í Reykjavík. Það er því ekki seinna vænna en að skella sér í Hafnarhúsið og berja listina augum því tækifærið gefst ekki aftur að sunnudegi loknum.

Sýningarnar sem loka eftir helgina eru af ýmsum toga. Þeirra á meðal má finna sýninguna Mállausir kjarnar eftir Sigurð Guðmundsson sem er óumdeilanlega einn af virtustu listamönnum þjóðarinnar. Á sýningunni eru um tuttugu stór ljósmyndaverk sem aldrei hafa verið sýnd áður og eru fyrstu ljósmyndaverk Sigurðar síðan 1980. Sýningunni Þögn lýkur líka, en hún er samsýning listamannanna Finnboga Péturssonar, Finns Arnars Arnarssonar, Haraldar Jónssonar og Hörpu Árnadóttur. Sýningarstjórinn JBK Ransu fékk listamennina til þess að gefa sig á vald þagnarinnar og er áhugavert að sjá hvernig þau völdu sér ólíka nálgun á viðfangsefnið. Ekki væri heldur gott að missa af myndbandsinnsetningu Gunnhildar Hauksdóttur, sem ber nafnið Cultus Bestiae, í D-sal safnsins. Því er vissara að skoða hana um helgina.

Síðust en ekki síst á meðal sýninga Hafnarhússins er Ofurhetjur, sýning á verkum úr smiðju listmálarans Errós. Líkt og titillinn gefur til kynna eru ofurhetjur í aðalhlutverki í þeim verkum sem á sýningunni eru og hún ætti því að höfða til allra áhugamanna um dægurmenninguna.

Vert er að minna lesendur á að frítt er inn á Listasafn Reykjavíkur og því engin afsökun tekin gild fyrir því að missa af herlegheitunum. - vþ



**MÁLLAUSIR KJARNAR** Eitt af verkum Sigurðar Guðmundssonar í Hafnarhúsinu.

GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**Stefnumót við safnara III**
Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærasafnara!
Sýningarstjórn: Anik Todd og Una Stígsdóttir Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa. s. 575 7700

**Vissir þú...**
...að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur? Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is

Salurinn

**LAUGARDAGUR 26. APRÍL KL. 20**
PÍANÓTÓNLEIKAR – TÓNÓ RVÍK
HALLA ODDNÝ MAGNÚSDÓTTIR
AÐGANGUR ÓKEYPIS!

**SUNNUDAGUR 27. APRÍL KL. 16**
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ
BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR
AÐGANGUR ÓKEYPIS!

**ÞRIÐJUDAGUR 29. APRÍL KL. 20**
TÍBRÁ: SEMBALTÓNLEIKAR
JORY VINIKOUR LEIKUR
GOLDBERGTILBRIGÐI BACHS.
VERÐ 2000/1600 KR.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

KRINGLU KRÁIN
Vítamín í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum





NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
GARÐVÖRUR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
9594
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
10.794
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
2495
SLÁTTUORF 200W
7995
SLÁTTUORF 500W
19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN
11.988
LAUFSUGA
6950
ÚÐABRÚSI 15L
2459
ÚÐABRÚSI 5L
7995
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR
1995
STUNGUSKÓFLA
1399
GARÐHRÍFA
2399
GAFFALL
795
STRÁKÚSTUR
12.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS
27.995
SLÁTTURVÉL, BENSÍN - 1800W
239
GARÐHANSKAR
FRÁ: 119
VINNUHANSKAR
5900
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS
299
GARÐKLÓRA
299
GARÐSKÓFLA
594
GRASKLIPPUR
828
GREINAKLIPPUR - 2 STK.
563
GREINAKLIPPUR
15.950
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS
2200
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM
SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR
948
SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR
191
SLÖNGUTENGI
1495
GARÐÚÐARI
11.994
SLÖNGUKEFLI
1668
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16


FLIGHT OF THE CONCHORDS


SUPERGRASS

## > Í SPILARANUM

Flight of the Conchords - Flight of the Conchords
The Last Shadow Puppets - The Age of the Understatement
The Ruby Suns - Sea Lion
Ýmsir - Rokkland 2007
Supergrass - Diamond Hoo Ha

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# The Edge gjafmildur

The Edge, gítarleikari U2, ætlar að gefa tvo Gibson-gítara auk muna úr einkasafni sínu til góðgerðarsamtakanna Music Rising. The Edge átti þátt í stofnun samtakanna, sem hafa það að markmiði að verða sér úti um hljóðfæri í stað þeirra sem týndust eða eyðilögðust í fellibylnum Katrina. „Það er ákveðinn kraftur sem fylgir því að tónlistarmenn gefi hljóðfæri sín á uppboð til að hjálpa öðrum tónlistarmönnum sem eiga erfitt uppdráttar,“ sagði The Edge, sem heitir réttu nafni David Evans.

The Edge stofnaði samtökin árið 2005 ásamt upptökustjóranum Bob Ezrin og Henry Juszkiewiz, stjórnarformanni Gibson, eftir að Katrina gekk yfir New Orleans. „Margir tónlistarmenn þurftu að yfirgefa borgina og skilja hljóðfærin sín og plötusöfn eftir,“ sagði The Edge. Hingað til hafa samtökin safnað hljóðfærum og ýmsum öðrum búnaði fyrir 2.700 atvinnutónlistarmenn og fimmtíu þúsund nemendur og kirkjusöfnuði.


**THE EDGE OG BONO** The Edge stofnaði góðgerðarsamtökin Music Rising árið 2005.

Upptökur á næstu plötu U2 standa nú yfir í Írlandi en óvíst er hvenær hún kemur út.



## > Plata vikunnar

Moby – Last Night

★★★

„Á Last Night er Moby búinn að kveðja stemningsfulla stofupoppið og kominn aftur út á dansgólfið á ágætri plötu sem sækir í danstónlist síðustu tveggja áratuga.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Vandi plötusafnarans*

Vandi tónlistarheimsins í kjölfar stafrænu byltingarinnar er öllum ljós. Fólk, sérstaklega í yngri kantinum, er hætt að kaupa tónlist á löglegan hátt og halar henni þess í stað niður af netinu. Geisladiskabúðum fer ört fækkandi víða um heim og úrvalið minnkar um leið. Samt sem áður hefur útgáfa tónlistar sjaldan eða aldrei verið meiri. Stafræna byltingin hefur skapað önnur tækifæri til að hagnast á tónlist en geisladiskasala heldur samt áfram að dragast saman.



Fyrr í vikunni birti Fréttablaðið grein um aukna vínylútgáfu hjá íslenskum tónlistarmönnum. Það er auðvitað frábært að fjölbreytni sé í íslenskri tónlistarútgáfu og að menn sjái hag sinn í því að gefa út bæði á vínyl og plastdiski. En fyrst að vínylplötusala er alltaf að glæðast á sama tíma og geisladiskasala dvínar, markar það dauða geisladisksins?

Sjálfur er ég af þeirri kynslóð sem var alin upp í þeirri trú að geisladiskurinn væri besta uppfinning sögunnar. Ég hóf samt sem áður að safna vínylplötum strax í grunnskóla. En er þeim var öllum stolið úr félagsmiðstöðinni minni ákvað ég að snúa mér eingöngu að geisladiskum (auk þess var ég farinn að hallast meira að rokktónlist og plötur með Korn voru ekki beint aðgengilegar á vínyl). Ég sé enn í dag eftir þessari ákvörðun. Samt hef ég aldrei ákveðið að hefja aftur vínylsöfnun. Mér þótti það einfaldlega of dýrt.

Nú veit ég hins vegar ekki hvað ég á að gera. Plötuspilarar sem hægt er að tengja við tölvu eru komnir á markað, allir eru farnir að gefa út aftur á vínyl og svo má auðvitað ekki gleyma því hversu svalt það er að hlusta á vínyl. Og um það snýst auðvitað tónlistarsöfnun, að vera svalur. Ekki satt? Síðan er önnur spurning. Mun geisladiskurinn einhvern tímann fá retrostimpilinn á sig? Verður þá allt í einu aftur svalt að eiga geisladiska?

Jú, ég held að það sé bara málið að smella sér á einn USB-plötuspilara og hefja vínylsöfnun á ný, með tilheyrandi ferðum í Kolaportið og þvíumlíku. Ég mun þó enn halda í geisladiskinn. Mikilvægast af öllu er þó að halda lífi í plötusöluna (og söfnunina), alveg sama af hvaða meiði hún er. Reyndar er hún miklu skemmtilegri á föstu formi en sem eitthvert skjal í tölvu. En kaupum nú tónlist og höldum henni á lífi.






# Einstök söngrödd

**Skærasta nýstirnið í poppheiminum það sem af er ársins 2008 er án efa velska soulpopp-undrið Duffy, en fyrsta platan hennar, Rockferry, mokast út þessa dagana. Trausti Júlíusson skoðaði Duffy.**


**HIN NÝJA DUSTY SPRINGFIELD** Velska soul-popp stjarnan Duffy á framtíðina fyrir sér.

Það er greinilegt að velska söngkonan Duffy hefur eitthvað sem fólk kann að meta. Smáskífulagið hennar Mercy fór beint á toppinn í Bretlandi áður en smáskífan sjálf kom í verslanir og fyrsta stóra platan hennar, Rockferry, hefur á þeim fáu vikum sem eru liðnar frá því að hún kom út selst í yfir milljón eintökum.

### Frá krummaskuði í Norður-Wales

Aimee Anne Duffy er fædd 23. júní 1984 í Gwynedd í Wales. Hún ólst upp í smábænum Nefyn í Norður-Wales sem er það afskekktur að þangað berast plötur seint og illa. Sagan segir að Duffy hafi í æsku horft mikið á myndbandsspólur sem pabbi hennar átti með Ready Steady Go! tónlistarþáttunum sem voru vinsælir í Bretlandi á sjöunda áratugnum. „Þar sá ég Bítlana, Stones, Walker Brothers, Sandy Shaw og Millie að syngja My Boy Lollipop,“ segir Duffy, en þættirnir höfðu mikil áhrif á hana.

### Kynnt fyrir Bernard Butler

Þegar Duffy var fimmtán ára hóf hún að syngja með hinum og þessum hljómsveitum í Nefyn. Hún tók þátt í velskum Idol-þætti árið 2003 og lenti í öðru sæti. Ári seinna hitti hún núverandi umboðsmann sinn, Jeannette Lee, sem er einn af eigendum og stjórnendum Rough Trade-plötufyrirtækisins, en var áður tónlistarmaður og m.a. meðlimur í Public Image Ltd.

Jeannette sá strax mikla hæfileika í Duffy og kynnti hana í ágúst 2004 fyrir fyrrum Suede-gítarleikaranum Bernard Butler. Butler hreifst líka af stelpunni og úr varð að hann samdi með henni nokkur lög og stjórnaði upptökum á stórum hluta af Rockferry-plötunni.

### „Hin nýja Amy“

Duffy gerði samning við Polydor-fyrirtækið og fyrsta smáskífan, Rockferry, kom út í nóvember sl. Í sama mánuði kom hún fram í sjónvarpsþætti Jools Holland, Later og eftir frammistöðuna þar var hún orðin sjóðandi heit, fékk m.a. viðurnefnið „hin nýja Amy (Winehouse)“ í bresku pressunni. Sjálf er hún ekkert sérstaklega hrifin af þeirri samlíkingu. Hún mundi frekar vilja fá viðurnefnið „hin nýja Dusty Springfield“.

### 60's stemning

Tónlist Duffy er bjart og vel unnið soul-popp og reyndar mjög ólík tónlist Amy Winehouse. Það er mikil 60's stemning yfir Rockferry-plötunni. Hún minnir í senn á Motown-soul, stelpupoppið hans Phil Spector og fyrrnefnda Dusty Springfield. Duffy hefur skæra og sterka söngrödd sem setur sterkan svip á tónlistina. Hljómurinn á plötunni er mjög flottur og það sama má segja um útsetningarnar sem stundum vísa beint í soulpopp smelli sjöunda áratugarins. Duffy hefur hæfileika, á því leikur enginn vafi. Tíminn sker svo úr um það hvernig henni tekst að nýta þá.

# Morðingi vinnur á leikskóla

Morðingjarnir hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir aðra plötu sína, Áfram Ísland! Hún kom nýverið út hjá Kimi Records á Akureyri og er full af borðleggjandi partípönki. Textarnir eru berorðir og blátt áfram og fjalla um fremur pönkaða hluti eins og eiturlyfjasjúklinga og græðgi. Haukur Viðar Alfreðsson, söngvari og gítarleikari, er þó lítið ógnvekjandi dags daglega.

„Æi, ég er bara þessi staðalímynd af íslenskum hljómsveitargaur og starfa á leikskóla,“ segir hann. „Ég veit að þetta er voða mikið 1997-eitthvað, en þetta er bara svo skemmtileg vinna. Konurnar eru ánægðar með hljómsveitina og það er enginn að tuða yfir nafninu. Fólk náttúrlega sér mann ekki sveittan og æpandi.“

Morðingjarnir halda útgáfutónleika sína í kvöld í Iðnó. Einnig koma fram Sudden Weather Change og Reykjavík! Herlegheitin hefjast um kl. 22. Platan verður á tilboði sem og bolir með textabrotum Morðingjanna. „Á einum stendur „Áfram Ísland! Sýnum hvað í okkur býr“ en hinn er rosalega dónalegur. Á honum stendur „Hvítt rusl, svona gerist þegar maður ríður systur sinni“. Þessi dónalegi hefur verið miklu vinsælli til þessa. En það er deginum ljósara að ég mæti ekki í honum í vinnuna.“

Haukur segir hljómsveitina ætla að spila sem mest í sumar. „Það er samt eiginlega ekki hægt að segja neitt kúl um okkur eins og er. Einn okkar er að fara að eignast barn og annar er að fara að gifta sig. Hann ætlar reyndar að gera það í Las Vegas svo það er smá kúl.“

- glh


**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í IÐNÓ Í KVÖLD** Morðingjarnir. Haukur lengst til hægri.



STÆRSTI LEIKUR ALLRA TÍMA ER AÐ KOMA
VILTU FYRSTA EINTAKIÐ?
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.
grand theft auto IV
THE MUSIC OF GRAND THEFT AUTO IV
THE ART OF GRAND THEFT AUTO IV
ORKA
AÐALVINNINGUR ER GTA IV SPECIAL EDITION!
12 HVER VINNUR!
BT
SENDU SMS BTL GTA
Á NÚMERIÐ 1900
OG SVARAÐU EINNI SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
AUKAVINNINGAR: GTA IV LEIKURINN · KIPPUR AF EGILS ORKU
DVD MYNDIR · BOLIR FRÁ BRIM OG FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM
GTA IV LENDIR Í BT 29. APRÍL!

**> MEÐ NÝJA DÖMU**

Ástarævintýri Gerards Butler og Cameron Diaz virðist þegar vera lokið, en til Butlers hefur upp á síðkastið sést með dömu að nafni Cheryl Burke upp á arminn, en hún gerði garðinn síðast frægan í þáttunum Dancing with the Stars.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Eurobandið syngur í London í kvöld

Eurobandið stígur á svið í London í kvöld, þar sem blásið verður til upphitunarpartís fyrir Eurovision. Með í för verður Páll Óskar, sem ætlar einnig að skemmta gestum Scala-klúbbsins. Eurobandið mun að sjálfsögðu flytja Eurovision-lag ársins, This Is My Life, en stefnir einnig á að koma gestum á óvart með vel völdum Eurovision-slögurum, enda þaulæfð í þeim eftir spilamennsku síðustu ára. Páll Óskar hyggst hins vegar bæði bjóða upp á Allt fyrir ástina á ensku, en þar að auki dusta rykið af laginu Minn hinsti dans, sem hann flutti í keppninni árið 1997.



**KYNNAST KEPPINAUTUM** Þeim Regínu Ósk og Friðriki Ómari gefst kostur á að kynnast nokkrum af keppinautum sínum í London í kvöld.

Auk Páls Óskars hafa tvær Eurovision-kempur til viðbótar staðfest komu sína. Það er annars vegar hópurinn Bucks Fizz, sem vann Eurovision fyrir Bretland árið 1981, og hins vegar Nanne Grönvall, fulltrúi Svíþjóðar árið 1996. Eurobandið mun hins vegar fá tækifæri til að kynnast nokkrum keppinautum sínum í ár, því fulltrúar Úkraínu, Póllands, Möltu, Rúmeníu, Bosníu og Hersegóvínu, Noregs, Armeníu og Hvíta-Rússlands verða allir á svæðinu.

Gestir eru hvattir til að mæta uppdressaðir með flögg því stefnt er á að halda besta Eurovision-partí fyrr og síðar í Englandi.

**28 DAGAR TIL STEFNU**



**LÍTIÐ MÁL** McGregor segir það hafa verið lítið mál að láta fjarlægja fæðingarblettinn, sem var undir hægra auga hans.

# Ewan með húðkrabba

**Skoski leikarinn Ewan McGregor lét nýlega fjarlægja fæðingarblett undan hægra auga sínu eftir að sérfræðingur greindi vöxt krabbameinsfrumna í honum. „Ég fór til sérfræðings sem sagði að það væri betra að fjarlægja hann, og hann hafði greinilega rétt fyrir sér,“ segir Star Wars-stjarnan.**

**McGregor sagði aðgerðina hafa verið lítið vandamál en spurður hvort hann hafi óttast hana svaraði leikarinn: „Það var stórskemmtilegt að vera með húðkrabba, það var frábært, ég naut þess mjög.“ Það má reikna með því að þar hafi kaldhæðni leikarans fengið að njóta sín.**



**JESSICA ALBA**

# Tekur sér frí frá störfum

**Jessica Alba hyggst taka sér frí frá störfum eftir að barn hennar og Cash Warren kemur í heiminn í júní. „Ég ætla bara að slaka á og komast að því hvað þessi upplifun að vera móðir snýst öll um, og njóta þess,“ segir Jessica, sem á von á fyrsta barni sínu.**

**Þegar að því kemur að hún snúi aftur til starfa kveðst leikkonan hins vegar hafa áhuga á að vinna með kærastanum, sem framleiðir kvikmyndir. „Ég hefði ekkert á móti því að gera eitthvað með Cash. Hann er ótrúlega gáfaður og mjög snjall. Ég held að það að hann sé hluti af einhverju verkefni þýði að það verði framsækið og vel heppnað,“ segir hún.**

# Sveppi glæsilegur í diskógalla

**Grínarinn Sveppi undirbýr nú hlutverk sitt í nýjum söngleik. Hann sýnir á sér nýja hlið sem diskóbolti.**

„Ástin er diskó, lífið er pönk“, söngleikur Hallgríms Helgasonar og Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar, verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu 1. maí. Í söngleiknum takast á pönkarar og diskófrík, en í kringum 1980 voru þessir hópar allsráðandi í menningarlífi ungs fólks. Meðal fjölmargra leikara eru Sveppi og Sigurður Hrannar Hjaltason, sem leika hvor sinn fulltrúa hópsins.

„Jú, ég get ekki sagt að ég sé karlmannlegur í þessu hlutverki. Ég lít dálítið út eins og Jónas R.,“ segir Sveppi. Hann leikur Danna diskó, sem er mikið í Hollywood og kennir diskódans. Sveppi þykir sýna gríðarlega danshæfileika í sýningunni, „Ég veit nú eiginlega ekki af hverju þau vildu fá mig í þetta hlutverk. Ég hef lítið dansað, eiginlega bara í Fame sem ég vona að sem flestir séu búnir að gleyma. Ég er lítill, feitur og með krullur og með netta minnimáttarkennd út af dansinum. En ég er hægt og bítandi að vinna mig út úr þessu. Þetta snýst bara um að brosa og vera hress. Þá er hálfur sigurinn unninn.“

„Ég dansa ekkert, hristist bara svona spastískt. Við lærðum hreyfingarnar af tólf pönkurum sem hristust fyrir framan sviðið hjá Fræbbblunum,“ segir Sigurður Hrannar Hjaltason, sem leikur pönkarann Ragga Rúnk. Raggi er gítarleikari í pönkhljómsveitinni Neysluboltarnir. Sigurður er fæddur árið 1982 og þurfti því að horfa á heimildarmyndirnar Rokk í Reykjavík og Pönkið og Fræbbblarnir til að ná stemningunni. „Pönkararnir voru klárlega mun karlmannlegri en diskóliðið og ég held að enginn yrði til dæmis hræddur við að hitta Sveppa úti á götu. Hann er eiginlega sjálflýsandi. Ef fólk hitti mig hins vegar í dimmu húsasundi í leðurjakkanum og með hanakambinn held ég að margir myndu hrökkva í kút,“ segir Sigurður.

Sveppi, sem er fæddur árið 1977, er viss um að hann hefði verið diskómegin í lífinu hefði hann upplifað að tímabilið. „Ég er allt of hress til að hafa getað orðið pönkari. Ég meina, ekki var Hemmi Gunn pönkari. Ég náði þessu tímabili aðeins í gegnum eldri bróður minn sem átti leðurjakka með barmmerkjum. Hanakamburinn á honum var samt alltaf svakalega hallærislegur. Hann var bara með of miklar krullur.“

„Það er rosa stuð í þessari sýningu,“ segir Sigurður. „Þótt það verði allt vitlaust á sviðinu þegar þessum hópum lýstur saman þá eru allir vinir baksviðs.“

„Það er líka allt opnara núna,“ bætir Sveppi við. „Í dag kippti maður sér ekkert upp við það þótt maður sæi argasta pönkara leiða diskófrík niður Laugaveginn. Það er allt leyfilegt í dag en ekki svart/hvítt eins og það var.“

gunnarh@frettabladid.is



**FÁIR VILDU HITTA MIG Í DIMMU HÚSASUNDI** Sigurður Hrannar leikur pönkarann Ragga Rúnk.

**OF HRESS TIL AÐ VERA PÖNKARI** Sveppi leikur diskófríkið Danna.

# Slettist upp á vinskapinn

Vinátta Katie Holmes og Victoriu Beckham ku fara kólnandi, vegna nýrra vina kryddpíunnar. Katie og Victoria voru nánast óaðskiljanlegar eftir flutninga Beckham-hjónanna til Los Angeles í fyrra, en eiginmenn þeirra, David Beckham og Tom Cruise voru álíka góðir vinir. Katie ku hins vegar vera pirruð yfir því að Victoria kjósi nú að verja mestum tíma sínum með nýjum vinkonum, þeim Evu Longoria og Kate Beckinsale.

„Þangað til fyrir skömmu voru Beckham-hjónin bestu vinir Katie og eiginmanns hennar, Toms Cruise. En nú er greinilegt missætti þeirra á milli, og Victoria hefur gert það ljóst að Eva og Kate eru nýjir bandamenn hennar í Los Angeles,“ segir heimildarmaður breska blaðsins The Star. „Spennan hefur farið vaxandi síðan að það fór að fara í taugarnar á Katie að allir segðu að vegna þess að hún skipti um hárgreiðslu, léttist og fór að klæða sig betur væri hún að breytast í Posh. Svo hún dró sig aðeins í hlé, og vinátta stelpnanna er nú mun minni,“ segir hann.

Talsmaður Victoriu Beckham þvertekur fyrir að slík vandamál séu til staðar, og bendir á að Tom, Katie, David og Victoria hafi öll farið saman út að borða í síðustu viku til að fagna afmæli Victoriu. Með í för voru einnig Eva Longoria, Kate Beckinsale, Gwen Stefani og Gavin Rossdale, og Will Smith og Jada Pinkett-Smith.



**PIRRUÐ ÚT Í POSH** Katie Holmes ku vera ósátt við að vera líkt við Victoriu Beckham.

**NÝJAR VINKONUR** Victoria Beckham hefur fundið sér nýjar vinkonur í þeim Evu Longoria og Kate Beckinsale.



**NÝR CRUISE** Connor Cruise, ættleiddur sonur Tom Cruise og Nicole Kidman, hefur leikið í sinni fyrstu mynd.

# Sonur Cruise í nýrri mynd

Connor Cruise, þrettán ára ættleiddur sonur Tom Cruise og Nicole Kidman, kemur fram í litlu hlutverki í nýjustu kvikmynd Will Smith, Seven Pounds. Fjallar hún um mann sem hefur mikil áhrif á líf sjö ókunnugra manna. Þetta er í fyrsta sinn sem Connor kemur fram á hvíta tjaldinu. Leikur hann Smith sem ungan mann og talar hann ekkert í myndinni.

Leikstjóri Seven Pounds er Gabriele Muccino sem gerði einnig The Pursuit of Happyness með Smith í aðalhlutverki.



**SYNGJA ALICE IN CHAINS LÖG Í KVÖLD** Aukatónleikar til heiðurs Alice in Chains verða haldnir á Organ.

# Rokkið er ekkert dautt

„Rokkið er ekki dautt þótt X-ið mælist lítið í könnunum,“ segir Franz Gunnarsson gítarleikari. Því til sönnunar bendir hann á að uppselt hafi verið á heiðurstónleika fyrir hljómsveitina Alice in Chains á Organ 15. apríl. Það var troðfullt og 150 manns urðu frá að hverfa. Leikurinn verður því endurtekinn á sama stað í kvöld á slaginu kl. 23.

Eins og áður munu tónleikarnir skiptast í tvo hluta. Í fyrri hlutanum verða lög Alice in Chains spiluð órafmögnuð en í þeim síðari verður allt keyrt í botn. Söngvarar á tónleikunum verða Jenni úr Brain Police og Kristófer Jensson úr Lights on the Highway.

„Ég hef stofnað fyrirtækið IMF og stefnan er sett á að halda fleiri svona heiðurstónleika í sumar,“ segir Franz. „Fleiri sveitir frá gruggtímabilinu verða hylltar en svo er stefnan að færa sig aftur í tímann. Það er klárlega markaður fyrir svona, því eins og ég segi þá er rokkið síður en svo dautt!“


BASK
LAUGAVEGUR 86-94 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 552 8090
ALLAR ACNE GALLABUXUR 50% AF
Í DAG OG Á MORGUN, LAUGARDAG. GLEÐILEGT SUMAR.
NIKE
ADIDAS ORIGINALS
AMERICAN APPAREL
DR. DENIM
KSUBI
ACNE JEANS
THOMAS BURBERRY
SURFACE 2 AIR

# Bjössi trommar með Egó



**BJÖRN STEFÁNSSON** Bjössi í Mínus trommar með rokkurunum í Egó á Nasa um miðjan maí.

Bjössi í Mínus ætlar að tromma með rokksveitinni Egó á tónleikum á Nasa um miðjan maí. „Ég spilaði með Bubba á útgáfutónleikum fyrir nokkru og þá kynntist ég þessum strákum. Ég held að hann hafi vantað trommara og hann hringdi bara í mig,“ segir Bjössi, sem hefur alla tíð haft miklar mætur á Bubba og hans hljómsveitum. „Bubbi spilaði Egó-lög á útgáfutónleikunum og það var bara talið í og maður kunni þetta allt. Þetta er í blóðinu á manni og maður er náttúrlega aðdáandi fyrir vikið.“

Áður en Bjössi spilar á Egó-tónleikunum fer hann í tveggja vikna tónleikaferð um Evrópu með Mínus sem hefst í Þýskalandi 1. maí. „Það gengur allt ótrúlega vel í Mínus og það er góður andi í hópnum. Það er gott að vera með bræðrum sínum á ferðalagi og spila í öllum þessum löndum,“ segir hann. - fb



**ENGIN UPPGJÖF** Jóhannes og Lárus í 12 Tónum eru bjartsýnir á framtíðina. Verslunin fagnar tíu ára afmæli sínu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Bjartsýnir þrátt fyrir allt

**Verslunin 12 Tónar fagnar tíu ára afmæli sínu í dag. Forsprakkar búðarinnar eru bjartsýnir þrátt fyrir að hart sé í ári í þessum bransa.**

Það blæs ekki byrlega í sölu á geisladiskum. Úti um allan heim eru búðir að fara á hausinn því krakkarnir kaupa ekki geisladiska lengur. Þeir hafa alist upp við það að ná sér í tónlist með nokkrum músasmellum á netinu. Á Íslandi er Smekkleysubúðin að hætta – síðasti opnunardagur er á morgun – en hin sjálfstæða plötubúðin í Reykjavík, 12 Tónar á Skólavörðustíg, heldur upp á tíu ára afmæli sitt í dag.

„Við erum nú bara bjartsýnir, enda hefur búðin verið að auka stöðugt við sig frá ári til árs,“ segir Lárus Jóhannesson, sem rekur 12 Tóna ásamt Jóhannesi Ágústssyni. „Okkur hefur tekist að skapa okkur nafn og það eru ekki síst erlendir ferðamenn sem koma við hjá okkur. Svo er það nú ekki alveg einhlítt að geisladiskabúðir séu að detta upp fyrir. Hin fræga verslun Rough Trade er til dæmis að stækka við sig í London. Það er vonandi að nokkrar búðir lifi af.“

Á tíu ára afmælisári blasa 12 Tónar til sóknar. „Við ætlum að stórauka úrvalið á árinu og efla okkur í klassík og heimstónlist. Við erum ekki eini staðurinn á landinu sem er með klassíska tónlist, en ég held við séum eini staðurinn þar sem afgreiðslufólkið veit hver Beethoven var.“

Ýmsir menningarviðburðir í 12 Tónum hafa löngum styrkt starfsemi búðarinnar og í dag á milli klukkan 17 og 19 verður haldið upp á tíu ára afmælið. „Við búumst við svo mörgu fólki að við bjóðum nú bara upp á eitt tónlistaratriði. Það er hún Elfa Rún Kristinsdóttir sem býr í Berlín og hefur verið að gera góða hluti. Hún ætlar að spila á fiðluna sína hjá okkur.“

gunnarh@frettabladid.is


FORSÝNINGARHELGI Í REGNBOGANUM







REGNBOGINN



NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STREET KINGS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| 21 | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE BAND´S VISIT | kl. 6 ENSKUR TEXTI | |
| THE KING OF KONG | kl. 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI | |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 -10.20 ENSKUR T | 16 |
| CARAMEL | kl. 6 ENSKUR TEXTI | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10 FORSÝNING | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 6 - 8.30 - 11 | 16 |
| AWAKE | kl. 8 - 10 | 16 |
| 21 | kl. 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10.20 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 8 - 10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 - 10 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR



Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBT TAYLOR | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 og 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |



SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:20 | 10 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:30 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30 | VIP |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 3:30 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 3:50 - 5:50 - 8 -10:10 | 7 |
| P2 | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 4D - 6D - 8D - 10D | 10 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 (3D) | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10:20 | 16 |
| HORTON ÍSL. TAL | kl. 6 | 16 |
| BUBBI BYGGIR ÍSL. TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 6 - 8 | 10 |
| P2 | kl. 10:10 | 16 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 6 - 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| 21 | kl.10 | 12 |
| HEIÐIN | kl. 8 | 7 |
| THE RUINS | kl. 10:10 | 16 |
| BUBBI BYGGIR ÍSL. TAL | kl. 6 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |

# Vinsælustu

## eldhústækin í Hagkaupum

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



4.490kr
GOTT VERÐ

**Philips kaffikanna** 711127
- 1000w kaffivél
- 1,3 lítra
- Dropastoppari
- Litur: Hvít



10.990kr
GOTT VERÐ

**Philips Senseo kaffivél** 678430
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört



2.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa vöfflujárn** 740622
- 850w
- Lætur vita með ljósi þegar vafflan er tilbúin
- Litur: Hvítur



4.990kr
GOTT VERÐ

**Exido vöfflujárn**
744830
- 850w
- Hitastillir
- Þyngd: 1,4 kg
- Litur: Stál/Svart



1.490kr
GOTT VERÐ

**Melissa brauðrist**
736534
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofan á fyrir lítil brauð
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki



4.990kr
GOTT VERÐ

**Exido brauðrist**
631959
- 950w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofan á fyrir lítil brauð
- Hægt að rista öðrum eða báðum megin
- Alltaf köld viðkomu
- 5 tímastillingar
- Mylsnubakki



7.990kr
GOTT VERÐ

**Exido safapressa** 736526
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa



14.990kr
GOTT VERÐ

**Philips Safapressa** 700009
- 700w safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 2 lítra matari
- 1,5 l safakanna



4.990kr
GOTT VERÐ

**Exido Blandari** 718850
- 500w blandari
- 1,5 l glerkanna
- 2 hraðastillingar og púls
- Innbyggður öryggisrofi

Gildir til 01. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Risaslagur í úrslitum Lengjubikars kvenna

Erkifjendurnir KR og Valur mætast í sannkölluðum risaslag í úrslitaleik Lengjubikars kvenna í kvöld kl. 19 í Egilshöll. Bæði liðin komust í úrslitaleikinn með sannfærandi 4-0 sigrum í undanúrslitum en liðin mættust í byrjun apríl í deildarkeppni Lengjubikarsins þar sem KR-stúlkur höfðu betur, 5-2. Liðin léku einnig til úrslita Lengjubikarsins í fyrra og þá fóru Valsstúlkur með 2-1 sigur og unnu þar með sinn þriðja deildarbikar á fimm árum.



**sport**
sport@frettabladid.is

AXEL KÁRASON KÖRFUBOLTAKAPPI: TEKUR DÝRIN FRAM YFIR KÖRFUBOLTANN OG ER Á LEIÐ TIL UNGVERJALANDS

# *Skrifar ritgerð um vellíðan mjólkurkúa á Íslandi*



Það eru breyttir tímar hjá hinum 25 ára körfuknattleiksmanni Axeli Kárasyni sem hefur leikið með Skallagrími síðustu ár. Hann er að klára nám sitt í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og næsta haust heldur hann utan til Ungverjalands þar sem hann ætlar að læra til dýralæknis. Hann hefur þar af leiðandi leikið sinn síðasta körfuboltaleik með Sköllunum.

„Ég er á fullu við að klára lokaritgerðina mína í skólanum þessa dagana. Ritgerðin er um vellíðan mjólkurkúa á Íslandi. Ég er búinn að spjalla við um 700 kýr og þær hafa það bara fínt," sagði Axel léttur en hvernig fær hann það eiginlega út hvort þeim líði vel eða illa?

„Það eru hlutir eins og hreinlæti, sár og hegðun sem gefur til kynna hvort kúm líði vel eða ekki. Heildarniðurstaðan er að þeim líði vel, sem er hið besta mál," sagði Axel, sem er að ljúka námi á búvísindabraut. Hann verður því búfræðikandidat í sumar og eftir sumarið heldur hann síðan utan Ungverjalands.

„Ég mun læra dýralækninn í Ungverjalandi og ástæðan fyrir því landi er sú að þeir meta nám mitt hér heima til styttingar á náminu úti. Ég verð þarna úti í fjögur og hálft ár að klára námið og því ljóst að ég spila ekki körfubolta hér heima næstu árin. Svo þegar maður kemur heim er ekkert endilega víst að maður hafi einhvern tíma til þess að vera í boltanum samhliða þessu starfi. Það má því vel vera að ég sé búinn að spila minn síðasta körfuboltaleik hér heima," sagði Axel, sem hefur þó áhuga á að sprikla eitthvað úti í Ungverjalandi.

„Ég ætla að líta í kringum mig og hef verið í sambandi við menn sem hafa tengsl í Ungverjalandi. Það er ekkert komið upp ennþá en við sjáum hvað setur. Það er erfitt að hætta í boltanum svona snöggt og skemmtilegra að geta spilað aðeins áfram," sagði Axel, sem játar fúslega að hann sé mikill sveitastrákur; alinn upp á sveitabæ og flutti þaðan í Varmahlíð áður en hann fór á Sauðárkrók.

„Mér líður best í sveitinni. Mitt náttúrulega umhverfi er í lopapeysu og stígvélum í sveitinni," sagði Axel.



**RAFA BENITEZ** Vill hitta alla hæstráðendur Liverpool saman á einum fundi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hicks hitti Benitez:

## Þetta var frábær fundur

**FÓTBOLTI** Tom Hicks, annar eigenda Liverpool, hitti Rafa Benitez, stjóra Liverpool, að máli fyrir leikinn gegn Chelsea á þriðjudag og svo aftur daginn eftir.

„Þetta var frábær fundur og ástandið er heilbrigt. Rafa er mjög ánægður og vill ræða enn frekar hvert hann ætlar með þetta félag," sagði Hicks við The Times en Benitez hafði beðið um fund með æðstu eigendum félagsins eftir að í ljós kom að þeir funduðu með Jürgen Klinsmann undir lok síðasta árs.

Það er grunnt á því góða á milli Hicks og George Gillett, sem á Liverpool með Hicks, og þeir talast ekki lengur við.

Hicks staðfesti enn fremur að Benitez hefði ekki viljað fara of djúpt í málin á fundi með honum einum og að til stæði að setjast niður með Benitez, Gillett og Rick Parry framkvæmdastjóra sem Hicks vill reyndar að segi af sér. - hbg

Brynjar Björn Gunnarsson:

## Enn að kljást við nárameiðsli

**FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson hjá Reading er enn að kljást við nárameiðslin sem hafa verið að plaga hann síðan um áramót. Brynjar fór í aðgerð á nára og var orðinn leikfær og lék í 90 mínútur með varaliði félagsins á dögunum. Reiknað var með því að Brynjar myndi leika 300. leikinn á ferli sínum með enskum félögum gegn Arsenal um síðustu helgi en hann var svo ekki í leikmannahópi Reading. Í gær var svo staðfest á heimasíðu Reading að Brynjar hefði kennt meiðslanna á ný og ekki væri nú vitað hvenær hann yrði leikfær með Reading.** - óþ



# Enginn vorbragur á Val

**Íslandsmeistarar Vals litu geysilega vel út í gær þegar þeir lögðu ÍA, 5-2, í undanúrslitum Lengjubikarsins. Meistararnir spiluðu leiftrandi sóknarbolta lengstum og var engan vorbrag að sjá á liðinu. Valsmenn mæta geysisterkir til leiks í sumar.**

**FÓTBOLTI** Ef mið er tekið af frammistöðu Vals gegn ÍA í Lengjubikarnum í gær mæta meistararnir ógnarsterkir til leiks í Landsbankadeildinni sem hefst 10. maí næstkomandi. Valsliðið leit virkilega vel út gegn hinu geysisterka varnarliði ÍA og skoraði fimm mörk í síðari hálfleik og vann, 5-2. Valsmenn héldu uppi sannkallaðri stórskotahríð í leiknum; skutu alls 30 sinnum að marki og 15 sinnum fór boltinn á markið.

„Við vorum að spila við gott lið. Valsmenn komu grimmir inn í síðari hálfleikinn og vendipunkturinn var þegar við klúðrum vítinu í seinni hálfleik. Ég tek samt ekkert af þessu Valsliði að það er geysilega sterkt og átti sigurinn skilinn," sagði auðmjúkur þjálfari ÍA, Guðjón Þórðarson, eftir leikinn.

Guðjón gat engu að síður verið ánægður með sitt lið í fyrri hálfleik. Þá vörðust Skagamenn ákaflega fimlega og Valsmönnum gekk ekkert að opna vörn þeirra þrátt fyrir mikinn sóknarþunga. ÍA komst yfir í sinni fyrstu sókn á 17. mínútu. Gunnar Einarsson braut þá ákaflega klaufalega á Andra Júlíussyni innan teigs og Bjarni Guðjónsson skoraði örugglega úr vítinu.

Þannig stóðu leikar í hálfleik en Valsmenn voru fljótir að jafna í síðari hálfleik. Baldur Aðalsteinsson fór þá illa með varnarmenn ÍA í teignum og var að lokum brugðið. Víti var dæmt sem sveitungi Baldurs frá Húsavík, Pálmi Rafn Pálmason, skoraði örugglega úr.

ÍA fékk kjörið tækifæri til að komast yfir fimm mínútum síðar er Dennis Bo Mortensen braut á Jóni Vilhelm Ákasyni og þriðja víti leiksins var dæmt. Kjartan Sturluson sá aftur á móti við Bjarna og enn jafnt. Skagamenn blæddu fyrir vítið sex mínútum síðar er Pálmi skoraði með skalla í teignum en hann lék einkar vel í gær.



**TVENNA** Dennis Bo Mortensen var heitur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Baráttujaxlarnir af Akranesi neituðu að gefast upp og Stefán Þórðarson sólaði Bjarna Ólaf upp úr skónum 20 mínútum fyrir leikslok, gaf boltann fyrir þar sem Helgi Pétur Magnússon stóð einn á fjærstöng og skoraði örugglega. Skagamenn voru þó ekki lengi í paradís því Valsmenn brunuðu beint í sókn og gáfu boltann fyrir þar sem Skagamenn hreinsuðu boltann beint fyrir fætur Dennis Bo Mortensen, sem afgreiddi boltann laglega frá vítateig. 3-2.

Dario Cingel, varnarmaður ÍA, fékk að líta rauða spjaldið tveim mínútum síðar og þá var baráttan töpuð hjá Skagamönnum. Dennis og Daníel Hjaltason stráðu salti í sár Skagamanna og stórsigur Vals staðreynd.

„Ég var mjög kátur með liðið. Það er erfitt að glíma við ÍA enda gefur liðið fá færi á sér. Mesti sigurinn hjá okkur fannst mér liggja í því að við héldum þolinmæðinni þó svo við værum 1-0 undir í hálfleik," sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, en hann fer ekkert í grafgötur með að hans lið sé líklegt til afreka í sumar.

„Við vitum að við erum með hörkulið. Það hafa litlar breytingar orðið á liðinu og titillinn í fyrra gefur mönnum aukið sjálfstraust sem vonandi skilar sér í sumar," sagði Willum Þór Þórsson.

henry@frettabladid.is



**TIL WEST HAM?** Hólmar Örn Eyjólfsson gæti orðið nýjasti Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hólmar Örn Eyjólfsson:

## Sendi West Ham móttilboð

**FÓTBOLTI** Það stefnir allt í það að HK sé að missa sinn efnilegasta leikmann fyrir tímabilið í Landsbankadeildinni í sumar.

HK og West Ham hafa náð samkomulagi um kaup enska liðsins á Hólmari Erni Eyjólfssyni og á hann aðeins eftir að semja um kaup og kjör.

Þegar Fréttablaðið heyrði í Hólmari Erni í gær var hann búinn að hafna fyrsta samningstilboði frá West Ham en var búinn að senda móttilboð. Hólmar Örn er eins og kunnugt er sonur Eyjólfs Sverrissonar sem er honum stoðs og stytta enda með áralanga reynslu af heimi atvinnumennskunnar.

Hólmar var samt ekkert allt of bjartsýnn þegar Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið og sagði alveg eins möguleikið á því að þetta færi allt í vaskinn. West Ham á næsta leik og það má búast við að það skýrist fljótlega hvort Hólmar Örn taki nýju tilboði eða að ekkert verði af kaupum West Ham.

Hólmar verður 18 ára í haust og getur bæði leyst stöðu miðvarðar og miðjumanns. Hann lék 12 leiki með HK í Landsbankadeildinni í fyrra og fékk mikið lof fyrir frammistöðu sína. - óój

Los Angeles Lakers og Boston Celtics byrjuðu bæði úrslitakeppnina í NBA-deildinni á tveimur heimasigrum:

# Kobe Bryant sýndi á sér sparihliðarnar

**KÖRFUBOLTI** Los Angeles Lakers og Boston Celtics byrja bæði úrslitakeppnina af krafti og eru bæði komin í 2-0 eftir tvo sigra á heimavelli.

Boston vann fyrstu tvo leikina á móti Atlanta með 23 og 19 stigum en Lakers vann fyrsta leikinn á móti Denver með 14 stigum (128-114) og fylgdi því síðan eftir með 15 stiga sigri, 120-107, í fyrrakvöld þar sem Kobe Bryant átti frábæran leik og skoraði 49 stig og gaf 10 stoðsendingar.

„Ég áttaði mig ekki á því að ég væri kominn með svo mörg stig. Maður kemst bara í stuð, félagar mínir í liðinu voru að leita að mér og það er eins og boltinn leiti mig uppi," sagði Kobe, sem hitti úr 66,7 prósent skota sinna í leiknum.

Kobe var aðeins einu stigi frá því að jafna met sitt í úrslitakeppninni en 19 af stigum hans komu á 4 mínútna og 19 sekúnda kafla í lokaleikhlutanum þegar Lakers gerði út um leikinn.

Kobe Bryant er aðeins fjórði leikmaðurinn á síðustu 15 árum sem nær að skora 40 stig og gefa 10 stoðsendingar í sama leiknum í úrslitakeppninni. Tracy McGrady (42 stig-10 stoðs.) gerði það með Orlando 2001, Kevin Johnson (46-10) náði því með Phoenix Suns 1995 og tveimur árum fyrr var Charles Barkley með 43 stig og 10 stoðsendingar fyrir Phoenix-liðið.

„Eins og hann var að spila í kvöld hefðum við ekki getað stoppað hann þó að við hefðum fengið að vera tíu inn á vellinum," sagði Allen Iverson, leikmaður Denver. George Karl, þjálfari Denver, varð fyrsti pabbinn sem þjálfar á móti syni sínum í úrslitakeppni því að sonur hans Coby Karl spilaði í tvær mínútur fyrir Lakers í leiknum.

Boston Celtics hefur farið illa með Atlanta-liðið í fyrstu tveimur leikjunum og stóra fréttin var yfirlýsing Mike Bibby um að áhorfendurnir í Boston væru ekki sannir aðdáendur heldur hoppuðu upp á vagninn núna af því að vel gengi.

Bibby fékk að heyra það allan leikinn og Rajon Rondo hélt honum niðri inni á vellinum.

Detrot Pistons náði að jafna einvígið á móti Philadelphia með öruggum 17 stiga sigri, 105-88, en 76ers-liðið vann mjög óvænt fyrsta leikinn í Detroit. Þetta er eina einvígið sem er jafnt eftir fyrstu tvo leikina en ekki eini útisigurinn því Utah Jazz er komið í 2-0 eftir tvo sigra í Houston. - óój



**SJÓÐHEITUR** Kobe Bryant setti niður 18 af 27 skotum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY


Opið í dag frá kl. 9 til 18
Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri sendibíl
Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan sendibíl.
Allt að 90% fjármögnun.
Sendibíll
selja gamla
kaupa nýjan notaðan
Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur druslunna fyrir betri notaðan sendibíl
Breyttu druslunni í sendibíl í dag
Allt að 90% fjármögnun á betri sendibíl frá Brimborg
Notaðir sendibílar frá kr. 670.000 til kr. 2.150.000
Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur, kaupir þú betri notaðan sendibíl hjá Brimborg: verð frá kr. 670.000.
Nú áttu útborgun upp í betri sendibíl
Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri sendibíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan sendibíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri sendibíl. Allt að 90% fjármögnun.
Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.
Druslan öðlast nýtt líf í dag
Komdu druslunni í verð í dag
Notaðir sendibílar frá kr. 670.000
200.000 krónur fyrir drusluna
visthæf skref með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað
Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan sendibíl í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í sendibíladjásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst eykur þú öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.
GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

## ÚRSLIT

### Iceland Express-deild karla

**Keflavík-Snæfell 98-74 (42-36)**
**Stig Keflavíkur:** Tommy Johnson 24 (7 fráköst), Gunnar Einarsson 20, Magnús Þór Gunnarsson 16 (6 stoðsendingar), Bobby Walker 11 (9 stoðsendingar), Jón Norðdal Hafsteinsson 9, Sigurður Þorsteinsson 8, Anthony Susnjara 6, Vilhjálmur Steinarsson 3, Arnar Jónsson 1.
**Stig Snæfells:** Ingvaldur Magni Hafsteinsson 16, Sigurður Þorvaldsson 16, Anders Katholm 16, Hlynur Bæringsson 8 (9 fráköst), Slobodan Subasic 8, Justin Shouse 7 (8 fráköst, 6 stoðsendingar), Guðni Valentínusarson 2, Gunnlaugur Smárason 1.

### Lengjubikar karla í fótbolta

**Valur-ÍA 5-2**
0-1 Bjarni Guðjónsson (19.), 1-1 Pálmi Rafn Pálmason (51.), 2-1 Pálmi Rafn Pálmason (62.), 2-2 Andri Júlíusson (69.), 3-2 Dennis Bo Mortensen (70.), 4-2 Dennis Bo Mortensen (83.), 5-2 Daníel Hjaltason (90.). Rautt spjald: Dario Cingel, ÍA (71.).

**Fram-Breiðablik (0-0) (2-2) 6-4**
0-1 Prince Rajcomar (95.), 1-1 Grímur Björn Grímsson (102.), 1-2 Prince Rajcomar (111.), 2-2 Heiðar Geir Júlíusson (114.). Fram vann leikinn eftir vítaspyrnukeppni þar sem Framarar skoruðu úr fjórum spyrnum á móti tveimur.

### UEFA-bikarinn undanúrslit

**Rangers-Fiorentina 0-0**
**Bayern München-Zenit 1-1**
1-0 Franck Ribéry (19.), 1-1 sjálfsmark (60.).

### Sænska úrvalsdeildin

**Sundsvall-Trelleborg 2-2**
Hannes Þ. Sigurðsson og Sverrir Garðarsson léku allan leikinn fyrir Sundsvall og Ara Frey Skúlasyni var skipt inná á 66. mínútu. Hannes skoraði seinna mark Sundsvall á 19. mínútu.

**GAIS-Gefle 2-0**
Eyjólfur Héðinsson lék allan leikinn og skoraði fyrra mark GAIS á 40. mínútu en Jóhanni B. Guðmundssyni var skipt af velli á 71. mínútu.

**Malmö-Norrköping 2-1**
Garðar Gunnlaugsson sat á varamannabekk Norrköping og kom ekkert við sögu í leiknum og Gunnar Þór Gunnarsson var ekki hópi liðsins.

**AIK-Djurgården 1-1**
Sölvi Geir Ottesen var í byrjunarliði Djurgården en var skipt af velli á 64. mínútu.

### Danska úrvalsdeildin

**FC Kaupmannahöfn-AGF 1-1**
Kári Árnason lék allan leikinn fyrir AGF.



**BARÁTTA** Hart var tekist á þegar Fram og Breiðablik mættust í Egilshöll í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lengjubikar karla í fótbolta:

## Fram í úrslitin

**FÓTBOLTI** Fram komst í gær í úrslit Lengjubikarsins eftir sigur á Breiðablik í vítaspyrnukeppni.

Fyrri hálfleikur var frekar tíðindalítill en Breiðablik var þó sterkari aðilinn. Seinni hálfleikur var öllu fjörugri og færðist hiti í leikinn eftir því sem líða tók á hálfleikinn. Guðmann Þórisson hlaut rautt spjald þegar tíu mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma og Breiðablik því manni færri.

Á fimmtu mínútu framlengingar dæmdi Kristinn Jakobsson vítaspyrnu þegar Prince Rajkomar féll í teignum eftir viðskipti sín við Reyni Leósson. Prince tók spyrnuna sjálfur og skoraði af öryggi framhjá Hannesi í marki Fram. Sex mínútum síðar jafnaði svo Grímur Björn Grímsson metin eftir klafs í teig Blika og spennan í hámarki. Þegar tíu mínútur voru eftir af framlengingu fékk Breiðablik aðra vítaspyrnu þegar brotið var á Magnúsi Páli Gunnarssyni og skoraði Prince öðru sinni af punktinum. Fram fékk svo þriðju vítaspyrnu leiksins þremur mínútum síðar. Casper varði spyrnu Ingvars Ólasonar en Heiðar Geir Júlíusson fylgdi á eftir og jafnaði metin, 2-2. Í vítaspyrnukeppninni misnotuðu Casper Jakobsen og Magnús Páll Gunnarsson sínar spyrnur fyrir Breiðablik á meðan Framarar skoruðu úr öllum sínum og unnu samanlagt 6-4. - sjj

# Kláruðu einvígið með miklum stæl

**Keflavík kláraði úrslitaeinvígið með sannfærandi 24 stiga sigri á Snæfelli í þriðja leiknum í Keflavík í gær. Keflvíkingar unnu sex síðustu leiki sína í úrslitakeppninni og félagið á því bæði Íslandsmeistara karla og kvenna í ár. Gunnar Einarsson var kosinn besti leikmaður úrslitanna.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar eru Íslandsmeistarar í körfubolta í níunda sinn eftir öruggan 24 stiga sigur, 98-74, á Snæfelli í þriðja leik liðanna í Toyota-höllinni í Keflavík í gærkvöldi.

Keflavík hefur unnið titilinn fjórum sinnum á síðustu sex árum en það er hætt við því að þessi standi upp úr hjá flestum þeirra leikmanna liðsins sem eru enn einu sinni að spila fyrir besta lið landsins.

Keflavík var komið hálfa leið í sumarfrí í undanúrslitaeinvíginu á móti ÍR þegar leikmenn liðsins sögðu hingað og ekki lengra og úr varð ein allra flottasta endurkoma sögunnar. Keflavík vann sex síðustu leiki sína í úrslitakeppninni og vann fimm af þessum sex leikjum með stórum mun.

„Ef þú fílar Keflavík þá gefðu mér klapp,“ sungu stuðningsmennirnir eftirminnilega í leikslok og ekki að ástæðulausu enda verður afrek liðsins áberandi í sögubókum framtíðarinnar.

Gunnar Einarsson átti frábæra úrslitakeppni og krónaði hana með enn einum stórleiknum í gær. Gunnar var í leikslok bæði kosinn besti leikmaður þriðja leiksins sem og lokaúrslitanna en það var hann sem gaf tóninn þegar á þurfti að halda í vörninni og raðaði síðan niður þriggja stiga körfunum í sókninni.



**ÍSLANDSMEISTARAR 2008** Keflvíkingar fögnuðu vel og innilega í leikslok í gærkvöld eftir frækinn 98-74 sigur gegn Snæfelli í lokaleik úrslitarimmu liðanna. Keflvíkingar sópuðu Snæfellingum 3-0 í úrslitaeinvíginu og eru því vel að Íslandsmeistaratitlinum komnir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Magnaður endir

„Þetta var magnaður endir, sem gerði þetta mikið mikið sætara. Þetta er ómetanleg viðurkenning sem ég er að fá. Ég er búinn að leggja hart að mér og hef æft mörgum sinnum á dag þar sem ég hef fengið góða aðstoð frá konunni minni. Ég á henni helling að þakka,“ sagði Gunnar en verðlaunin fær hann ekki síst fyrir það sem hann leggur til liðsins en kemur ekki fram í tölfræðinni.

„Ég er mjög þakklátur að fá smá kredit fyrir það að berjast í vörn. Ég er ekki skorari sem margir eru þótt ég geti skorað og sé búinn að sýna það í þessum leikjum. Ég lít á mig fyrst og fremst sem varnarmann og sem jaxl í vörninni,“ sagði Gunnar, sem var með 15 stig að meðaltali í úrslitunum þar sem hann hitti úr 11 af 22 þriggja stiga skotum sínum.

Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur, ætlaði greinilega að bæta fyrir slaka leiki að undanförnu og þrír þristar hans á aðeins tæpum fjórum mínútum í kringum leikhlutaskipti 1. og 2. leikhluta breyttu stöðunni úr 20-21 fyrir Snæfell í 29-23 og eftir það var Keflavíkurliðið komið með frumkvæðið í leiknum. Keflavík var 42-36 yfir í hálfleik og gerði síðan út um leikinn í þriðja leikhlutanum. Magnús endaði með 16 stig og 6 stoðsendingar en hann hafði verið samtals með 11 stig og 5 stoðsendingar í fyrstu tveimur leikjunum.

### Spiluðum eins og karlmenn

„Þetta var geggjað. Við ákváðum eftir annan leikinn á móti ÍR að þjappa okkur saman og fara að spila eins og karlmenn en ekki eins og kerlingar,“ sagði Magnús, sem minntist spárinnar í haust þegar Keflavík var spáð fimmta sætinu.

„Það kom hrikaleg stemmning inn í liðið og við fengum áhorfendurnar líka með okkur,“ sagði Magnús og hann hrósaði líka Gunnari Einarssyni áður en hann rauk í bikarafhendinguna. „Gunni er maðurinn í vörn og sókn og hann sýndi að það getur enginn vanmetið hann,“ sagði Magnús að lokum.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkurliðsins, varð í gær fyrsti þjálfarinn til þess að vinna úrslitakeppnina fimm sinnum. „Ég hef gert þetta nokkrum sinnum áður, en þessi er klárlega með þeim skemmtilegri. Við gerðum nokkuð sem hafði aldrei verið gert áður. Sá tími frá því við lentum 0-2 undir er búinn að vera mjög áhugaverður og skemmtilegur og ég hef aldrei séð eins einbeitt lið og Keflavíkurliðið í þessum sex leikjum,“ sagði Sigurður, sem fagnaði sínum 58 sigri í úrslitakeppninni í gær.

„Strákarnir tóku þá sameiginlegu ákvörðun að taka sig á og spila betur og samheldnin í hópnum síðan er búin að vera ótrúleg. Ég hef ekki séð slíkt áður á þessum tíma,“ sagði Sigurður, sem var ánægður með Gunnar Einarson en þeir voru að vinna fimmta titilinn saman í gær.

### Gunnar Einarsson mikilvægur

„Gunni Einars er þvílíkur keppnismaður. Hann er búinn að vera allan tímann síðan ég byrjaði að þjálfa og ef einhver veit hversu góður hann er þá er það ég. Það rosalega gott að hafa hann í sínu liði, það er ekki bara að hann skori tuttugu stig eins og í dag heldur er það krafturinn í honum og hvernig hann drífur meðspilarana sína áfram,“ segir Sigurður og bætir við:

„Styrkur liðsins liggur í þessum mönnum sem eru að gefa mikið af sér til liðsins. Þetta eru strákar sem gætu spilað fjórutíu mínútur í flestum liðum og verið með miklu betri tölur en þeir eru miklir keppnismenn og vilja vinna og eru þess vegna í Keflavík,“ sagði Sigurður að lokum.

### Skref í rétta átt

Snæfellingar gengu aftur á móti niðurlútir af velli í Sláturhúsinu í gærkvöld.

„Það er mjög sárt að þetta hafi ekki verið betra hjá okkur en þetta. Annar leikurinn fór með þessa seríu. Við náðum að setja fyrsta leikinn í hörkuleik og hann hefði getað dottið með okkur en klúðrið er þegar við töpuðum heimaleiknum í Stykkishólmi,“ segir Hlynur, sem segir Snæfellsliðið hafa samt stigið skref í að nálgast Keflavíkurliðið í vetur.

„Við erum búnir að stíga skref í þá átt að vera sigurvegarar en við erum greinilega ekki komnir þangað sem þeir eru,“ sagði Hlynur að lokum. ooj@frettabladid.is



**RÍFANDI STEMNING** Trommusveitin lét ekki sitt eftir liggja í Sláturhúsinu í Keflavík í gærkvöld og studdi sína menn dyggilega til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MAÐUR LEIKSINS** Gunnar Einarsson átti enn einn stórleikinn í úrslitakeppninni og var valinn Iceland Express-maður leiksins í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



BT
ÞEIR ERU ORÐNIR BRJÁLAÐIR!!!!!!
TÖLVUMARKAÐUR SKEIFUNNI 17
FARTÖLVUR OG BORÐTÖLVUR
AÐEINS Í 3 DAGA!!
OPNUM Í DAG KL.11:00
NÝTT OG NOTAÐ!!
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!!!
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
TOSHIBA
MEDION®
GEGGJUÐ VERÐ!!!
EITTHVAÐ FYRIR ALLA!
acer



> **Penélope Cruz**

Cruz fæddist árið 1974 í Madríd á Spáni og sló fyrst í gegn í myndum Pedro Almodóvar. Sjálf er Cruz mikill aðdáandi ítalskrar menningar og sagði eitt sinn að hún héldi að hún væri ítölsk kona föst í líkama spænskrar konu. Cruz leikur einmitt í ítölsku myndinni Non ti muovere sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON BÝR SIG UNDIR OLÍUKREPPU

## *Bruce Willis bjargar mér ekki úr þessu*

Olíukreppan sem sýnd var á RÚV í fyrradag var skemmtileg áminning um það að besta leiðin til að ná til áhorfandans er að sýna honum góða heimildarmynd sem fær hann til að ögra heimsmyndinni sem hreiðrað hefur um sig í hugskoti hans.

Það er nefnilega alveg sama hvað Bruce Willis er umkringdur mörgum óþokkum eða hversu margar risaeðlur sitja um aðalpersónurnar í Jurassic Park, það hreyfir ekki við mér. Ég veit nefnilega að Hollywood uppskriftin gengur út á góð sögulok, sem þýðir einfaldlega það að risaeðlan stígur ekki á góða gæjann og skilur hann eftir á víðavangi líkt og lambasparð við hjörðina hans Palla Magg. Það væri hreinlega á skjön við uppskriftina. Og ef ég sé fram á að framleiðandinn ætli ekki að fylgja uppskriftinni þá get ég alltaf huggað mig við að það er einhver Hollywood-stjarna sem verður að glíma við aðstæðurnar, ekki ég. Ég get meira



að segja leyft mér að kýla vömb meðan Bruce Willis er undir gríðarlegu álagi.

Hins vegar horfir öðruvísi við þegar fræðimenn og aðrir málsmetandi menn segja í heimildarmynd hvaða vandræði blasi við okkur jarðarbúum. Þá er búið að koma mér í aðstöðu sem Bruce Willis getur ekki bjargað mér úr. Ekki er nóg með það heldur ýja þessir menn að því að ég sé ábyrgur fyrir því óefni sem stefnir í.

Olían er guð sem allir tilbiðja. Við erum vön því að þessi orkugjafi sé ódýr og síður en svo af skornum skammti. Þess er ekki langt að bíða að sú verði ekki raunin, segja fræðingarnir, og þá verður ömurlegt í heimi hér. Þetta hafði gríðarleg áhrif á mig. „Hvur asskoti," sagði ég og fór út í bílskúr til að athuga hvort reiðhjólið mitt væri í lagi. Þegar ég ók svo til vinnu á kagganum hugsaði ég með mér hversu mikilvægt það væri að koma hjólinu í lag. Kannski ekki í dag eða á morgun en allavega þegar olíukreppan skellur á.

## EKKI MISSA AF



▶ **11.55** F1 Barcelona-æfingar STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00** Svalbarði SKJÁREINN



▶ **21.50** Hitchhiker's Guide to the Galaxy SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Dead Birds STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.05** Gattaca STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar**
**17.50 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.15 Ljóta Betty** (1:23)
▶**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Fyrri undanúrslitaþáttur. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
**21.15 Á puttanum um vetrarbrautina** (The Hitchhiker's Guide to the Galaxy) Bresk bíómynd frá 2005 byggð á sögu eftir Douglas Adams. Arthur Dent er ósköp venjulegur Breti sem sleppur með naumindum frá jörðinni áður en henni er fórnað vegna nýrrar hraðbrautar í geimnum. Og þar með hefst æsispennandi og bráðfyndið ferðalag hans og vina hans um vetrarbrautina. Leikstjóri er Garth Jennings og meðal leikenda eru Anna Chancellor, Warwick Davis, Mos Def, Zooey Deschanel og Martin Freeman.
**23.05 Hreyfðu þig ekki** (Non ti muovere) Ítölsk bíómynd frá 2004. Meðan skurðlæknirinn Timoteo bíður eftir að dóttir hans komi úr aðgerð rifjar hann upp eldheitt ástarsamband sitt við konu úr fátækrahverfi borgarinnar. Leikstjóri er Sergio Castellitto og meðal leikenda eru Penélope Cruz, Sergio Castellitto og Claudia Gerini. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 A Dirty Shame**
**08.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**10.00 The Commitments**
**12.00 Doctor Dolittle 3**
**14.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**16.00 The Commitments**
**18.00 Doctor Dolittle 3**
**20.00 A Dirty Shame**
**22.00 Dead Birds** Verulega krassandi hrollvekja með klassaleikurum á borð við Isaiah Washington úr Grey's Anatomy og Henry Thomas.
**00.00 The Interpreter**
**02.05 21 Grams**
**04.00 Dead Birds**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Standoff** (4:18)
**11.15 Extreme Makeover: HE** (16:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Punk'd** (2:16)
**15.25 Bestu Strákarnir** (25:50)
**15.55 Galdrastelpurnar** (5:26)
**16.18 The Fugitives**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 Ben 10**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
▶**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons** (5:22)
**19.55 Bandið hans Bubba** (12:12)
**20.30 Tenacious D. in The Pick of Destiny** Með aðalhlutverk fara Jack Black og Kyle Gass en stórleikararnir Ben Stiller og Tim Robbins bregður fyrir í smáhlutverkum ásamt Dave Grohl úr Foo Fighters.
**22.05 Gattaca** Ein rómaðasta vísindaskáldsaga seinni ára, magnaður spennutryllir með þeim Jude Law, Ethan Hawke og Umu Thurman í aðalhlutverkum. Myndin gerist í framtíðinni þegar erfðaeiginleikar hafa skipt mönnum niður í stéttir. Hawke leikur ungan mann sem fæddist með hjartagalla sem hefur af þeim sökum þurft að sætta sig við að tilheyra óæðri stétt. Hann á sér engu að síður þann draum heitastan að gerast geimfari en til þess að láta þann draum rætast verður hann fyrst að villa á sér heimildir.
**23.50 First Daughter**
**01.35 The Manchurian Candidate**
**03.40 Standoff** (4:18)
**04.25 Man Stroke Woman** (4:6)
**04.55 The Simpsons** (5:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 - Barcelona** (F1: Barcelona / Æfingar)
**09.30 Iceland Express-deildin 2008** (Keflavík - Snæfell)
**11.10 F1: Við rásmarkið**
**11.55 Formúla 1 - Barcelona** Sýnt beint frá æfingum liðanna fyrir kappaksturinn í Barcelona.
**13.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**14.25 Inside the PGA**
**14.50 Gillette World Sport**
**15.20 UEFA Cup** (Bayern München - Zenit)
**17.00 UEFA Cup** (Rangers - Fiorentina)
**18.40 F1. Við rásmarkið**
**19.25 Utan vallar**
**20.15 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.10 World Supercross GP**
**22.05 Heimsmótaröðin í póker**
▶**22.55 Heimsmótaröðin í póker**
**23.45 NBA körfuboltinn - Úrslitakeppni** (Playoff games - leikur af NBA TV)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Wigan - Tottenham**
**19.10 Fulham - Liverpool**
**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Goals of the season** (Goals of the Season 2003/2004) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar)

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 Snocross** (e)
**17.15 Game tíví** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 One Tree Hill** (e)
**20.10 Survivor: Micronesia** (8:14) Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.
▶**21.00 Svalbarði** (4:10) Sprikland ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.
**22.00 Ungfrú Reykjavík** Bein útsending frá Broadway þar sem Fegurðardrottning Reykjavíkur 2008 verður krýnd.
**23.30 Lipstick Jungle** (e)
**00.20 Professional Poker Tour** (17:24)
**01.45 Brotherhood** (e)
**02.45 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**03.35 World Cup of Pool 2007** (e)
**04.25 C.S.I.** (e)
**05.15 C.S.I.** (e)
**06.05 Vörutorg**
**06.45 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Átt þú rétt á slysabótum?

Það er ekkert gott við það að verða fyrir slysi. Því geta m.a. fylgt þjáningar, tekjutap og ýmiss kostnaður. Þá eru því miður margir illa upplýstir um bótarétt vegna afleiðinga slysa enda þótt flestir séu vel tryggðir. Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fáir endurgreiddan sjúkrakostnað, fáir greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiðir, jafnvel þó þú hafir verið í órétti? Ef þú hefur lent í slysi, t.d. umferðarslysi eða vinnuslysi, er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband við okkur og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

**Sársauki er ekki eðlilegt ástand**

TORT
NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími 511 5008
www.tort.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### Tenacious D: The Pick of Destiny



Mesta rokkgamanmynd allra tíma, drepfyndin með Jack Black í aðalhlutverki. Þetta er saga um vináttu sem breytti rokksögunni. Slæpingjarnir JB og KG stofna hljómsveitina Tenacious D og ákveða að verða besta hljómsveit í heimi en komast að því að það er hægara sagt en gert. Til þess að láta drauminn rætast þurfa þeir að stela því sem gæti verið svar við bænum þeirra. Við fylgjumst með ævintýralegri leit þeirra að töfragítarnöglum sem getur veitt þeim þá hæfileika sem þeir þurfa til að geta orðið besta hljómsveit í heimi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Ungfrú Reykjavík 2008
### Skjáreinn kl. 22.00

Fegurstu fljóð höfuðborgarsvæðisins keppa um þessa eftirsóttu nafnbót og í lok kvöldsins mun fegurðardrottning Reykjavíkur 2007, Fanney Lára Guðmundsdóttir, krýna arftaka sinn. Stúlkurnar koma fram í tískusýningu, á baðfötum og auðvitað í síðkjólum þar sem glæsileikinn skín í gegn. Áhorfendur geta tekið þátt í valinu í símakosningu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Lögmál árstíðanna: Sumar
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Vorhret í sólskinskistunni
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Falcon Beach**
**17.45 Kenny vs. Spenny 2** (4:13)
**18.15 X-Files** (20:24)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Falcon Beach**
**20.45 Kenny vs. Spenny 2** (4:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvort annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að sigra hvorn annan og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
**21.15 X-Files** (20:24)
**22.00 Hæðin** (6:9) Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð. Til verksins fá pörin fyrirfram ákveðna upphæð og aðstoð og þurfa að klára verkið á einungis sex vikum.
**22.50 My Name Is Earl** (12:13) Þriðja þáttaröð. Einn allra ferskasti og skemmtilegasti gamanþáttur síðari ára.
**23.15 Bones** (4:13)
**00.00 ReGenesis** (8:13)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem þeim dettur í hug. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Ellý Ármanns og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
**21.00 Skoðanaskipti** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræðir um borgarmenningu við gest sinn.
**21.30 Íslandsfari** Þáttur í umsjón Akeem Richard Oppong, formanns Íslands Panorama, sem er frjálst félag sem styður fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag með því að vinna markvisst gegn kynþáttafordómum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Ærlig talt **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Boghandleren **11.50** Rabatten **12.20** Ønskehaven **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** Kim Possible **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Award '08 **19.00** TV Avisen **19.30** Final Call **21.00** Desperate Measures **22.35** Boogie Listen

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Tinas mat **10.40** Columbo **12.05** Doc Martin **13.00** Megafon **13.30** Dinosapiens **13.50** Frosk til middag **14.05** Desperados **14.30** Fin fredag **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** ¥rneredet **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.15** Robotgjengen **16.25** Det var en gang et eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Michael Palins nye Europa **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen: Kalde spor **21.05** Kveldsnytt **21.20** Detektimen: Kalde spor **22.10** Adresse Beograd **22.40** Glastonbury 2007: Lørdag **23.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Vadå handikappad... **10.00** Rapport **10.05** Annes trädgård **11.50** Glasklart **12.50** Veronica Mars **13.30** Sixties **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Klass 9A **15.30** Plus 16.00 Bolibompa **16.25** Räkna med skägg **16.30** Madicken **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Var fan är mitt band? **19.30** Notting Hill **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.55** Morgonsoffan **22.25** Torque - på högsta växel **23.45** Sändningar från SVT24


Nicotinell®




Nikótín tyggigúmmí
Til að hætta eða draga úr reykingum

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmíi
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
  - mintu, ávaxta, lakkrís og Classic
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust



Nicotinell

NIKÓTÍN TYGGIGÚMMÍ
Til að hætta eða draga úr reykingum

ÁNÆGJA EÐA SKILAMIÐI ENDURGREIÐSLA

Nicotinell tyggigúmmí
- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmíi
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
  - mintu, ávaxta, lakkrís og Classic nikótínbragði
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust

Ánægja eða endurgreiðsla!
Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmíi ef það uppfyllir ekki væntingar þínar. Nánari upplýsingar um skilmála eru á baksíðunni.

Til að fá lyfið endurgreitt skaltu fylla út eftirfarandi upplýsingar:

1. Fylltu út formið:

Nafn: ____
Heimili: ____ Bær: ____
Póstnr.: ____ Banki: ____
Bankanr.: ____ Kennitala: ____
Reikningsnr.: ____

2. Vinsamlegast útskýrðu hvers vegna lyfið stóðst ekki væntingar: ____

Snú!

Ánægja eða endurgreiðsla!

Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmíi. Ef lyfið uppfyllir ekki væntingar þínar, getur þú fengið það endurgreitt.

Hægt er að nálgast skilamiða í öllum apótekum sem inniheldur frekari upplýsingar.

ÁNÆGJA EÐA SKILAMIÐI ENDURGREIÐSLA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðs-leyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst Sushibarinn á Laugaveginum góður. Ég kaupi mér gjarnan smá sushi þar á föstudögum.“*

Björn Ingi Hilmarsson, leikari.

# Ofurhugi hjólar um gjörvallan Noreg

Skagamaðurinn Kristinn Einarsson, sem tók þátt í erfiðustu skíðagöngukeppni heims á Grænlandi á dögunum, og Hans Stephensen ætla að hjóla tvö þúsund kílómetra um Noreg í ágúst.

Kristinn hjólaði 1.100 km um Noreg í fyrra á aðeins átta dögum og ætlar hann að ljúka ferðalagi sínu um landið í sumar með þremur félögum sínum. Hafa þeir áætlað tvær vikur í ævintýrið en þess má geta að hringvegurinn um Ísland er 1.339 km. „Við erum nokkrir gaurar sem erum í þessu. Við förum í kajakleiðangur til Grænlands fyrir tveimur árum og höfum verið að gera eitthvað á hverju ári. Það fer eftir því hvað hverjum og einum dettur í hug,“ segir Kristinn, sem segir tiltölulega auðvelt að hjóla í Noregi. „Þetta eru aðallega dalir. Það er rosalega fallegt þarna og maður horfir eiginlega á flest annað en veginn. Noregur er frábært land til að hjóla í.“

Auk þess að hjóla, skíða og sigla er Kristinn mikill sjósundsmaður og synti meðal annars Drangeyjarsund fyrir nokkrum árum. Hefur hann verið duglegur að synda í ísköldum sjónum á Grænlandi þar sem hann starfar sem smiður fyrir Ístak. „Maður er í raun og veru að takast á við sjálfan sig og sjá hvað maður getur gert,“ segir Kristinn um ævintýramennskuna.

Hann ætlar að skíða 160 km á Grænlandi á næsta ári ásamt Hans í stað þeirra hundrað sem þeir fóru fyrir skömmu. „Þetta var rosalega skemmtilegt en tók virkilega á. Þetta var ekki bara skíðamennska, heldur líka fjallamennska, sem gerir þetta meira spennandi.“ -fb



**KRISTINN EINARSSON** Kristinn Einarsson ætlar að hjóla tvö þúsund kílómetra um Noreg í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** skaði **6.** frá **8.** hár **9.** nafar **11.** ryk **12.** brambolt **14.** digurmæli **16.** í röð **17.** húsfreyja **18.** sauðaþari **20.** utan **21.** útmá.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skraf **3.** tvíhljóði **4.** garðplöntutegund **5.** angan **7.** forskot **10.** pípa **13.** hrós **15.** klasi **16.** kæla **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bagi, **6.** af, **8.** ull, **9.** bor, **11.** im, **12.** brölt, **14.** grobb, **16.** ij, **17.** frú, **18.** söl, **20.** án, **21.** afmá.

**LÓÐRÉTT: 1.** rabb, **3.** au, **4.** glitbrá, **5.** ilm, **7.** forgjöf, **10.** rör, **13.** lof, **15.** búnt, **16.** ísa, **19.** lm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Um tuttugu.
2. Um sextíu.
3. Piparúða og kylfum.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

DAGUR KÁRI: THE GOOD HEART BRÝTUR BLAÐ Í KVIKMYNDASÖGUNNI

# Dagur Kári kvikmyndar alvöru hjartaaðgerð fyrir bíó

Nýjasta kvikmynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, brýtur að öllum líkindum blað í íslenskri kvikmyndasögu þegar hún verður frumsýnd. Þar verður sýnt frá alvöru hjartaskurðaðgerð sem hjartaskurðlæknir á Landspítalanum framkvæmdi. Aðgerðin og tökurnar hafa farið fram en undirbúningur fyrir þennan einstaka viðburð stóð yfir í tæp tvö ár. Raunverulegu hjartaaðgerðinni verður síðan blandað inn í tilbúna aðgerð í kvikmyndinni þannig að ekki er víst að áhorfendur sjái muninn.

„Ég hafði fyrirfram mestar áhyggjur af því að það myndi líða yfir mig. Og það var kannski til að bæta gráu ofan á svart að ég er mjög spítalahræddur maður. En eftir þessa reynslu er alveg ljóst að ég myndi treysta þessum færu starfsmönnum fyrir hjartanu mínu,“ segir Dagur Kári í samtali við Fréttablaðið. Leikstjórinn útskýrir að tökuliðið hafi verið eins fámennt og mögulegt var, aðeins hann, aðstoðarmaður og tökumaður hafi verið viðstaddir.

Dagur vann mikla rannsóknarvinnu fyrir tökuna, fékk að vera viðstaddur nokkrar aðgerðir til að undirbúa sjálfan sig og skoða aðstæður. „Þetta var alveg mögnuð upplifun því þegar svona aðgerðir hafa verið sýndar í fræðslumyndum hef ég yfirleitt lokað augunum eða skipt um stöð. En það er svo undarlegt að þetta er auðveldara þegar maður er á staðnum og það var stórkostlegt að sjá í hversu öruggum höndum sjúklingurinn er,“ segir Dagur sem hafði fyrst og fremst áhuga á að mynda handbragðið við slíkar aðgerðir og því voru hvorki líffæri né sjúklingur í aðalhlutverki.

Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir á Landspítalanum, framkvæmdi aðgerðina sem sést í kvikmyndinni. Hann segir að öll tilskilin leyfi hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni, hjá bæði sjúklingnum og æðstu ráðamönnum á Landspítalanum. „Þetta hefði ekki verið framkvæmanlegt ef ekki hefði verið fyrir samvinnu margra aðila. Þetta var undirbúið í smáatriðum og tökuliðið hafði engin áhrif á aðgerðina, hún var framkvæmd á venjulegan hátt og án röskunar,“ segir Tómas sem tekur skýrt fram að þeir hefðu aldrei gefið samþykki sitt fyrir þessu ef þeir væru ekki fullvissir um að þetta væri framkvæmanlegt án nokkurra hnökra. Tómas mun einnig koma að tæknibrelluatriðinu og aðstoða við að hanna líkan af hjarta og veita tökuliðinu ráðgjöf.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu munu stórstjörnurnar Paul Dano og Brian Cox leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni en tökur á The Good Heart hefjast í næstu viku hér á landi.

freyrgigja@frettabladid.is



**MÖGNUÐ LÍFSREYNSLA** Dagur Kári Pétursson segir það hafa verið magnaða lífsreynslu að vera viðstaddur hjartaskurðaðgerð.



**TVEGGJA ÁRA UNDIRBÚNINGUR** Tómas Guðbjartsson framkvæmdi aðgerðina sem sést í kvikmyndinni The Good Heart.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í maí útskrifast **Birgitta Haukdal** frá söngskóla í Danmörku sem hún er búin að vera í undanfarið ár. Sumarvinna söngkonunnar verður meðal annars að taka upp Ávaxtakörfuna fyrir RÚV, en þættir unnir upp úr þessum vinsæla barnasöngleik verða teknir til sýninga á næsta vetri. Nýlega komu á tonlist.is tvö endurunnin lög af plötu Birgittu, Ein. Það voru tveir Bretar sem búa í Reykjanesbæ, þeir Simon Latham og Pete Lunn, sem endurunnu lögin og settu í danstónlistargír.



Íslenska smokkaplakatið frá 9. áratugnum er enn meðal best heppnuðu auglýsingaherferða Íslandssögunnar. Þar var frægu fólki safnað saman og látið flippa með smokka. Nú er svipuð herferð í burðarliðnum þar sem þekktir Íslendingar verða látnir setja öryggið á oddinn. Þetta er reyndar auglýsing fyrir reiðhjólahjálma og það er Umferðarstofa sem lætur gera hana.

Gamanleikarinn **Bjarni Haukur** nýtur mikilla vinsælda, ekki síst meðal helstu sjónvarpsstjarna og þáttagerðarmanna Stöðvar 2. Þannig var Bjarni í ágætu viðtali hjá **Sigmundi Erni Rúnarssyni** í þættinum Mannamál og nú er **Jón Ársæll** að vinna þátt um Bjarna í þáttaröðina Sjálfstætt fólk. Í næsta Mannamáli er hins vegar von á manni úr annarri átt. Þá mun **Mikael Torfason** setjast hjá Sigmundi og ræða endurútgáfu bókar sinnar Falskur fugl sem Mikael er að dreifa nú um stundir.



- glh/jbg

# Hörð samkeppni um gróft klámefni



**ALLT INNAN RAMMA LAGANNA** Grófu klámefni er dreift á klámrásinni Blue Hustler. Og því dreifa nú bæði Síminn og 365 klámefni fyrir þá sem það vilja.

„Nei, það hefur ekkert verið kvartað undan þessu,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365, sem á og rekur Digital Ísland og Fréttablaðið. Á Digital Ísland hafa áhugasamir og áskrifendur getað nálgast ljósblátt erótískt efni á sjónvarpsstöðinni Blue Hustler en að undanförnu hefur svo brugðið við að grófu klámefni er dreift eftir klukkan ellefu á kvöldin. Ari segir það ekkert launungarmál að ákveðið hafi verið að breyta efninu til að bæta samkeppnisstöðu Digitalsins en í gegnum svokallað VOD-kerfi Símans hefur mátt leigja gróft klámefni með fremur einföldum hætti. Ari segir hins vegar að menn þurfi að bera sig eftir björginni, stöðin sé læst með lykilorði og menn þurfi að biðja um að vera áskrifendur að stöðinni. „Menn ramba því ekkert inn á Blue Hustler fyrir einhverja tilviljun,“ segir Ari. „Það krefst ákveðins frumkvæðis af hálfu neytandans að horfa á svona efni.“

Ari bendir jafnframt á að í bókabúðum sé hægt að finna tímaritaefni frá sama vörumerki, Hustler, og að myndefnið á sjónvarpsstöðinni sé ekkert grófara en það sem þar megi lesa um og sjá. Hann bendir einnig á að nýverið hafi mál verið látið niður falla á hendur 365 og Skjá heims vegna dreifingar á klámefni en Skjár heimur hefur Playboy-rásina innan sinna vébanda.

Ari segir jafnframt að Digital Ísland hafi lögin sín megin, leyfilegt sé að dreifa sjónvarpsstöð sem sé lögleg í sínu heimalandi og í einhverju öðru Evrópulandi. Þetta standi skýrt og greinilega í samþykktum Evrópusambandsins um evrópska efnahagssvæðið. „Svo lengi sem stöðin uppfyllir skilyrðin um sjónvarp án landamæra: að svona efni sé ekki dreift nema seint á kvöldin og að það sé ekki aðgengilegt börnum. Og Blue Hustler fellur undir öll þau skilyrði. Auk þess sem við höfum ekkert verið að auglýsa hana neitt sérstaklega.“ -fgg


heima
HEIMA ER BEST!
veggskápur b:70 x h:35 x d:34
m. ljósum: 67.800
án ljósa: 49.000
skenkur b:210 x h:88 x d:44
189.800
sjónvarpsskenkur: 86.900 b:210 x h:40 x d:54
sjónvarpsskenkur: 72.900 b:140 x h:40 x d:54
sófaborð: 85.500
b:70 x l:120
hillur 68.500
b:70 x h:158 x d:34
borð 188.600
b:90 x l:210 + 2x 50 stækkun
now! by hülsta
no.7
glæsileg húsgögn frá Hülsta
í Þýskalandi
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16
mood
heima
Öndvegi
HEIMA
HÚSIÐ
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

GULL BYLGJAN 909



**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Timburmenn mótmælanna*

Ég hef aðeins einu sinni á ævinni átt frumkvæði að mótmælaaðgerðum. Ætli ég hafi ekki verið svona þrettán ára, alla vega nógu gömul til að finnast á mér brotið og of ung til að hugsa dæmið til enda. Eins og í svo mörgum stríðum sem háð hafa verið snerist baráttan um mat. Við bekkjarsysturnar vorum aðeins of lengi að klæða okkur eftir sundtíma og þegar við loksins höfðum okkur í mötuneyti skólans í hádegismat var allur maturinn búinn. Okkur var gróflega misboðið.

**SVANGT** fólk hugsar ekki rökrétt og í stað þess að kvarta við skólastjórnendur skrifuðum við harðort nafnlaust kvörtunarbréf til kvennanna indælu sem störfuðu í mötuneytinu. Þar kvörtuðum við ekki aðeins undan því að fá ekki að borða heldur notuðum tækifærið og lýstum frati á flesta þá rétti sem okkur hafði verið boðið upp á þann veturinn. Það var ég sem skrifaði bréfið og þótt ég muni alls ekki hvað stóð í því veit ég að lýsingarorðin voru ekki spöruð. Gott ef klausan „viðurstyggilegt óæti sem bragðast eins og æla“ var ekki fest á blað.

**ÞEGAR** hungrið hafði verið satt og baráttuandinn var runninn af okkur dauðskammaðist ég mín. Undir bréfið höfðum við ritað „Matarmafían“ en einhvern veginn tókst strax að rekja skrifin til mín. Þvílíkur bömmer. Þetta hafði allt virst svo skynsamlegt í hita leiksins en daginn eftir langaði mig að grenja.

**MIG** grunar að einmitt þannig hafi einhverjum liðið í gær, að morgni sumardagsins fyrsta. Miðað við þá timburmenn sem fylgdu matarmafíubréfinu hljóta timburmenn mótmælanna við Suðurlandsveg á miðvikudag að vera skelfilegir. Kauðinn sem kastaði steini í lögregluna nagar sig eflaust í handarbökin og lögregluþjónninn sem hrópaði gas, gas! að því er virtist viti sínu fjær, hlýtur að hafa vaknað með dúndrandi höfuðverk.

**SVO** er það bannsett tæknin. Það er eitt að missa stjórn á sér í mótmælum, fyllast eftirsjá og reyna að gleyma því en að missa stjórn á sér, sjá eftir því og vera sífellt minntur á það með endursýningum í sjónvarpi, misgáfulegum bloggskrifum og upptökum á Youtube. Ég þakka Guði fyrir að orðið veraldarvefur var varla komið í íslenska orðabók þegar ég stofnaði matarmafíuna. Þótt syndir fortíðar vilji gjarnan læðast aftan að manni er ég nokkuð viss um að bannsett kvörtunarbréfið með öllum sínum fúkyrðum mun aldrei rata á netið.

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er föstudagurinn 25. apríl, 116. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.20 | 13.25 | 21.34 |
| Akureyri | 4.54 | 13.10 | 21.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Sjóðheitt sólarlottó!

Spilaðu með og láttu sólina leika við þig.

Verð frá:
39.900 kr.

Netverð á mann miðað við 2, 3 eða 4 í stúdíó, íbúð eða hótelherbergi. Enginn barnaafsláttur. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Í boði eru 200 sæti til Krítar, Marmaris, Mallorca og Costa Del Sol.
Þú velur áfangastaðinn og brottfaradaginn. Viku fyrir brottför staðfestum við á hvaða gististað þú dvelur í sumarfríinu.
Gildir fyrir maí, júní og júlí. Ein vika eða tvær.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.
Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is

VISA MasterCard

plús FERÐIR

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is